

**skoðun** 16

2 SÉRBLÖÐ
í Fréttablaðinu
Fólk
Lífið




Græddu á gulli á Grand Hótel
Staðgreiðum allt gull, silfur, demanta og vönduð úr.
Í dag frá kl 11:00 til 19:00
Upplýsingar og tímapantanir,
Sverrir s. 661-7000 • sverrir@kaupumgull.is



# FRÉTTABLAÐIÐ

Föstudagur
15. júní 2012
139. tölublað 12. árgangur
Sími: 512 5000

MEST LESNA DAGBLAÐ Á ÍSLANDI*

*Samkvæmt prentmiðlakönnun Capacent Gallup janúar - mars 2012




## Hryllingsmynd vekur athygli

*Erlingur Óttar Thoroddsen hlaut áhorfendaverðlaun og boð á hátíðir á frumsýningu.*

**popp** 42

## Tengdó hlaut Grímuna

*Leikverkið Tengdó hlaut fern verðlaun á Grímuhátíðinni í gærkvöldi, þar á meðal sem sýning ársins.*

**menning** 28



## Gjörbreytt umhverfi

*Nýstofnaður afrekssjóður styrkir íslenska kylfinga um 15 milljónir árið 2012.*

**sport** 38

**veðrið í dag**




**HLÝJAST SV-TIL** Í dag má búast við hæglætisveðri eða hafgolu. Það verður víða léttskýjað á vesturhelmingi landsins en annars skýjað með köflum og lítils háttar væta við SA- og A-ströndina.

**VEÐUR** 4

# Stefnir í þunga hrundóma

**Dómur í svokölluðu Exeter-máli hefur veigamikið fordæmisgildi, að mati sérstaks saksóknara. Þræðir stórra mála liggja oft til Lúxemborgar. Segir sakborninga í mörgum málum kjósa að þegja aðra að ljúga.**

**DÓMSMÁL** Ólafur Þór Hauksson, sérstakur saksóknari, telur að nýlegur dómur Hæstaréttar í svokölluðu Exeter-máli hafi veigamikið fordæmisgildi. Niðurstaðan, fjögurra og hálfs árs fangelsi á hendur fyrrum forstjóra og stjórnarformanni Byrs fyrir umboðssvik, gefi til kynna að verði sakfellt í fleiri sambærilegum málum falli fleiri þungir dómar.

„Kannski er dómurinn bara að senda skýr skilaboð út í samfélagið um að þegar höndlað er með háar fjárhæðir, eins og gert er í mörgum þessara mála, þá verða menn að sýna fyllstu varúð og ganga um það af mikilli ábyrgð,“ segir Ólafur um niðurstöðu Hæstaréttar.

Þegar Ólafur er spurður um gagnrýni á embættið er varðar lengd rannsókna svarar hann því til að rannsóknir í efnahagsbrotamálum séu í eðli sínu tímafrekar. Það hafi svo ekki flýtt fyrir rannsókn mála að sakborningar neiti að tjá sig, eins og þeir hafi rétt á. „Það er líka mjög algengt að menn gefi framburð sem ekki er réttur. Í nokkrum málum höfum við sýnt fram á mjög afgerandi stöðu um það að gögnin bendi í allt aðra átt en það sem viðkomandi hafa sagt okkur.“

> Það er líka mjög algengt að menn gefi framburð sem ekki er réttur.
>
> **ÓLAFUR ÞÓR HAUKSSON**
> SÉRSTAKUR SAKSÓKNARI

Ólafur segir að rannsóknir embættisins á stórum málum hafi sýnt oftar en ekki að þræðir liggja til Lúxemborgar, enda hafi allir stóru bankarnir þrír rekið þar starfsstöðvar. Algengt var að umsvifamiklar viðskiptablokkir hýstu eignarhaldsfélög með mikil umsvif hér á landi á þessum útpóstum sínum. Vegna þessa hefur embættið ráðist í þrjár stórar aðgerðir til gagnaöflunar og sú síðasta skilaði gríðarlegu magni nýrra gagna, að sögn Ólafs.

Á borði Ólafs liggja um eitt hundrað svokölluð hrunmál, mislangt komin. Tíu til tuttugu þeirra eru í lokarennsli eða bíða ákvörðunar saksóknara um ákæru. Rannsókn allra mála á málaskrá verður að fullu lokið fyrir árslok 2014, standist áætlanir. Hvenær lokaniðurstaða málanna liggur fyrir helgast af málsmeðferðartíma fyrir dómi, að sögn Ólafs. - þsj / sjá síðu 12



**DORGAÐ Í GRUNDARFIRÐI** Þeir Ólafur Birgir Kárason og Arnar Breki Friðjónsson voru til fyrirmyndar í björgunarvestum þegar þeir renndu færi í höfnina í Grundarfirði. Veiðin var þó ekki til eins mikils sóma þennan dag en nokkrum dögum áður höfðu þeir dregið 120 fiska á land og sleppt þeim öllum. FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

Þorsteinn og Pétur spauga:

# Leika saman í nýjum þáttum

**SJÓNVARP Grínistarnir Þorsteinn Guðmundsson og Pétur Jóhann Sigfússon vinna nú að gerð nýrra gamanþátta. Þættirnir eru í anda sjónvarpsþátta á borð við Seinfeld og Klovn og þeir leika sjálfir aðalhlutverkin. Þorsteinn segir þættina ekki hafa fengið vinnuheiti enn en búið sé að taka upp prufuþátt, svokallaðan pilot, sem mæltist vel fyrir.**



ÞORSTEINN GUÐMUNDSSON

**„Við erum bara mjög spenntir og setjum markið hátt,“ segir Þorsteinn. Þættirnir eru þróaðir af Saga Film í samvinnu við Stöð 2 en Þorsteinn vill ekki gefa of mikið upp varðandi söguþráðinn. Hann segir karakterana þó að miklum hluta byggða á þeim sjálfum.**

**Markvörðurinn knái Hannes Þór Halldórsson er þeim Pétri og Þorsteini innanhandar við skriftir en hann leikstýrir einnig þáttunum.** - áp / sjá síðu 42


BIÐIN ER Á ENDA!




HUNGURLEIKARNIR HALDA ÁFRAM
www.forlagid.is


Óvissa um þinglok hefur áhrif á lögbundið sumarhlé 120 starfsmanna Alþingis:

# Óvissan eykur álag á starfsfólk

**ALÞINGI** Óvissa um þinglok hefur gríðarleg áhrif á lögboðin sumarfrí starfsmanna Alþingis segir Hildur Eva Sigurðardóttir, formaður starfsmannafélags Alþingis. Óvissan eykur einnig álag á starfsfólkið.

„Við erum að vinna fyrir þjóðþing og fólk verður að gera sér grein fyrir því,“ segir Hildur Eva. Á Alþingi starfa 120 manns, flestir hafa starfað þar í mörg ár og vita um hvað málið snýst.

Lögbundið sumarfrí þingsins er frá 1. júlí til 10. ágúst. Hildur segir þó að þegar álagið sé mikið geti starfsmenn ekki tekið sér sumarfrí. Einhverjir þurfi að fresta þeim og fara í frí þegar hægist um.

Magnús Orri Schram, þingflokksformaður Samfylkingar, segir þingflokkana enn ekki hafa komist að samkomulagi um lok þingsins. Fundað sé um þinglok á hverjum degi. Hann telur þó víst að þinghaldi verði lokið fyrir mánaðamót en mögulega gæti þingið komið saman aftur í júlí.

Alþingi fundaði í gærkvöldi og var þingfundi ekki lokið þegar blaðið fór í prentun. - bþh, sv / sjá síðu 4





MYNDAVÉLATILBOÐ
OLYMPUS
SJÁIÐ ÖLL TILBOÐIN Á SM.IS
Alltaf gæði og góð kaup! STOFNAÐ 1971
Sjónvarpsmiðstöðin
RAFTÆKJAVERSLUN • SÍÐUMÚLA 2 • SÍMI 568 9090 • sm.is

## SPURNING DAGSINS



*Benedikt, verðið þið í kastljósinu núna?*

„Nei. Okkur verður kastað fram í haust.“

Benedikt Valsson stjórnar vefþættunum Hraðfréttir sem verða hluti af Kastljósi RÚV næsta vetur.

Verðið sem fékkst við einkavæðingu bankanna var sanngjarnt segir Bankasýslan:

# Upphæðin í samræmi við verð banka í Evrópu

**VIÐSKIPTI** Sú upphæð sem ríkið fékk við einkavæðingu bankanna um síðustu aldamót var sanngjörn sé litið til markaðsverðs evrópskra banka og banka á hinum Norðurlöndunum. Þetta er mat Bankasýslu ríkisins og kemur fram í nýrri ársskýrslu stofnunarinnar.

Í skýrslunni er þó tekið fram að enginn af bönkunum hafi verið skráður á hlutabréfamarkað og því erfitt að meta hvert sanngjarnt verð fyrir bankana hafi verið.

Í skýrslunni er rakið hvernig Samsonhópurinn, undir forystu Björgólfs Guðmundssonar, keypti tæplega 46 prósent í Landsbankanum á um 11,2 milljarða króna árið 2002. Það verð er í nokkru samræmi við verð í nágrannaríkjunum, ögn lægra en á hinum Norðurlöndunum en hærra en annars staðar í Evrópu.

Um svipað leyti keypti S-hópurinn svokallaði, sem í voru meðal annarra Ólafur Ólafsson og Finnur Ingólfsson, um 46 prósent í Búnaðarbankanum. Endanlegt kaupverð varð 11,2 milljarðar króna miðað við ríkisreikning, segir í skýrslu Bankasýslunnar. Það verð er í ágætu samræmi við verð banka bæði á Norðurlöndunum og annars staðar í Evrópu. **- bj**



ÓLAFUR ÓLAFSSON

BJÖRGÓLFUR GUÐMUNDSSON

FINNUR INGÓLFSSON

Skoðanakönnun í Danmörku:

## Stjórnin tapar miklu fylgi

**DANMÖRK** Stjórnarflokkarnir í Danmörku fá herfilega útreið í nýrri skoðanakönnun og mikil óánægja er með störf forsætisráðherrans Helle Thorning-Schmidt.



HELLE THORNING-SMITH

Í könnuninni, sem DR segir frá, eru vinstri flokkarnir með 42,3 prósent fylgi en hægri flokkarnir eru með 57,7 prósent.

Thorning hefur ekki átt sjö dagana sæla síðan hún tók við embættinu í september en nú segjast 68 prósent aðspurðra ósáttir við frammistöðu hennar í starfi.

Sérfræðingur DR segir að Jafnaðarmannaflokkur Thorning hafi aldrei nokkru sinni komið svo illa út í könnunum. **- þj**

Könnun Evrópusambandsins:

## Öryggi ábótavant í sænsku kjarnorkuveri

**SVÍÞJÓÐ Öryggi í Ringhals kjarnorkuverinu í Svíþjóð er ábótavant verði jarðskjálftar eða flóð. Þetta eru niðurstöður rannsóknar á vegum Evrópusambandsins, ESB, sem gerð var í kjölfar kjarnorkuslyssins í Fukushima. Alls voru aðstæður í 143 kjarnorkuverum kannaðar.**

**Geislavarnastofnunin í Svíþjóð segir að hægt sé að tryggja öryggið í Ringhals á meðan kjarnorkuverið er í rekstri, að því er segir á vef Göteborgs-Posten.**

**Grænfriðungar segja að könnunin á vegum ESB hafi verið ófullnægjandi. Samtökin vilja láta loka Ringhals á meðan öryggingu er komið í lag. -ibs**

# Agnarsmár vágestur veldur miklum skaða

**Birkikemba, örsmátt fiðrildi, breiðist hratt út eftir landnám 2005. Sölnuð birkilauf í görðum og í trjárækt eru til vitnis um skaðsemi þess. Dýrafræðingur telur að skordýrið muni fjölga sér hratt næstu árin trjáræktarfólki til lítillar gleði.**

**UMHVERFISMÁL** Smávaxið fiðrildi, birkikemba, hefur náð undraverðri útbreiðslu á stuttum tíma. Ummerki þessa nýbúa má víða merkja í görðum á höfuðborgarsvæðinu og víðar en skýrasta merkið um heimsókn þess eru sölnuð birkilauf sem víða eru mjög greinileg.

Erling Ólafsson, dýrafræðingur hjá Náttúrufræðistofnun Íslands, vekur athygli á mikilli útbreiðslu birkikembu á pödduvef NÍ í gær, en það er veglegur upplýsingabanki um skordýr hvers konar sem hann á veg og vanda af.

Í viðtali við Fréttablaðið segir Erling að fjölgun fiðrildisins í vor veki athygli. „Þetta er eiginlega eins og þegar kínversk raketta springur. Í vor fór fólk í fyrsta skipti að hringja og spyrja hvers kyns væri enda hægt að sjá stóra hópa af fiðrildinu, til dæmis á veggjum húsa. Þau eru mjög smávaxin og eitt og eitt vekur enga athygli. En þegar þau skipta tugum, eins og í vor, fer þetta ekkert á milli mála.“

Erling segir að birkikembu hafi fyrst orðið vart í Hveragerði árið 2005. Nú í vor var ljóst orðið að birkikembunni hafði vaxið mjög ásmegin og fannst víða í Reykjavík og suður í Hafnarfjörð. Auk þess var hún mætt til leiks í trjárækt Skógræktar ríkisins að Mógilsá í Kollafirði og í görðum á Selfossi.

„Ummerkin á trjánum, brúnir uppblásnir laufbelgir, eru einkennandi fyrir birkikembu. Hér er sennilega mætt til leiks tegund sem á eftir að fjölga sér hratt á komandi árum og dreifast út víðar um garða og trjáræktir, jafnvel í náttúrulega birkiskóga,“ segir Erling.

Halldór Sverrisson, plöntusjúkdómafræðingur hjá Skógrækt ríkisins, segir erfitt að tímasetja aðgerðir gegn fiðrildinu, enda ráðist það af vorveðrinu. Í ár hafi snemma orðið vart við birkikembu, enda veður víða milt. Hins vegar sé ljóst að lítið verður að gert þetta árið. Hann telur að hefðbundin alhliða skordýraeitur komi helst til álita til að uppræta fiðrildið í görðum, en er ekki trúaður á sápur og önnur vistvænni úrræði. **svavar@frettabladid.is**



**KOMIÐ OG FARIÐ** Svona er víða um að litast í görðum fólks. MYND/ERLING ÓLAFSSON

**BIRKIKEMBA** Fiðrildið er aðeins sex millimetrar á lengd. MYND/ERLING ÓLAFSSON

### Vorið er tími birkikembunnar

Á pödduvefnum NÍ útskýrir Erling að fiðrildin sjálf séu á ferð á vorin en þau skríða úr púpum í fyrri hluta apríl og hverfa með öllu fyrir miðjan maí. Á þeim tíma verpa þau á brum birkis og eggin klekjast þegar tré taka að laufgast. Lirfurnar smjúga þá inn í laufblöðin, koma sér þar fyrir og éta innvefi þeirra. Eftir því sem lirfurnar dafna taka blöðin að sölna og á endanum standa einungis eftir ysta lag efra- og neðraborðs blaðs sem blæs út eins og brúnn belgur. Fullvaxnar lirfur skríða út úr belgnum og hverfa niður í svörð þar sem þær púpa sig og bíða næsta vors á því þroskastigi.



**ÓNÝTT** Húsið við Borgarbraut í Borgarnesi er ónýtt eftir brunann í fyrrinótt. MYND/STÖÐ 2

Gamalt timburhús alelda:

## Haldið sofandi eftir eldsvoða

**ELDSVOÐI Konu á þrítugsaldri er haldið sofandi í öndunarvél eftir að hún stökk út um glugga á annari hæð brennandi húss í Borgarnesi í fyrrinótt. Auk konunnar tókst tveimur öðrum að flýja úr risi hússins sem varð alelda á skammri stundu. Þeim varð ekki meint af.**

**Húsið, sem var byggt skömmu eftir aldamótin 1900, er gjörónýtt eftir eldsvoðann. Að sögn Bjarna Kristins Þorsteinssonar var húsið timburklætt og einangrað með heyi og torfi. Eldsupptök eru til rannsóknar. - bþh**

Vaðlaheiðargöng samþykkt:

## Alþingi veitir heimild til láns

**ALÞINGI** Frumvarp Oddnýjar G. Harðardóttur, fjármálaráðherra, um heimild til fjármálaráðherra til að fjármagna göng undir Vaðlaheiði var samþykkt með 29 atkvæðum gegn 13 á Alþingi í gær. Fimm þingmenn sátu hjá við atkvæðagreiðsluna þar af þrír stjórnarþingmenn.

Fjármálaráðherra hefur nú heimild til að undirrita lánssamning milli ríkisins og Vaðlaheiðarganga hf. að andvirði 8,7 milljarða króna.

Frumvarpið var fyrst á dagskrá þingsins í lok mars. **- bþh**


Eftirlæti

...endilega fáið ykkur

Smámál frá MS hafa notið vinsælda hjá stórum og smáum í fjölda ára. Þau fást í tveimur gómsætum bragðtegundum, karamellu og súkkulaði.

...hvert er þitt eftirlæti?



ms.is


Forsetaframbjóðandi má bjóða sig fram en þingkosningarnar þarf að endurtaka:

# Kosningar dæmdar ólöglegar

**EGYPTALAND, AP** Æðsti stjórnlagadómstóllinn í Egyptalandi úrskurðaði í gær að þingkosningar í landinu hefðu verið ólöglegar og leysa ætti upp neðri deild þingsins og kjósa á ný. Þá úrskurðaði dómstóllinn líka að Ahmad Shafiq, sem var síðasti forsætisráðherrann í stjórn Hosni Mubaraks, mætti vera í forsetaframboði.

Úrskurður dómstólsins eru mikið áfall fyrir Múslímska bræðralagið, sem hefur tæpan helming þingsæta. Mohammed el-Beltagy, háttsettur þingmaður bræðralagsins, sagði niðurstöðuna jafnast á við valdarán. Dómararnir voru allir skipaðir á tímum Mubaraks og þingmenn saka þá um að ganga erinda hersins og reyna að koma honum aftur til valda. Herinn hefur lofað að láta völd sín af hendi til nýs forseta í júlí, en engin stjórnarskrá er í gildi og nú er ekkert þing til þess að semja hana. Því er ólíklegt að nýr forseti hafi skýrt valdsvið þegar hann tekur við embætti.

Seinni umferð forsetakosninga í landinu fer fram um helgina, en þingið hafði í síðasta mánuði sett lög sem banna mönnum sem voru háttsettir á tímum Mubaraks að bjóða sig fram í embætti. Hæstiréttur dæmdi lögin ólögleg. Því verður kosið á milli Shafiq og Mohammed Morsi, frambjóðanda Múslímska bræðralagsins. **- þeb**



**BYLTINGIN** Bræðralag múslíma komst til valda eftir fimmtán daga mótmælin gegn Mubarak í fyrra. Nú sakar flokkurinn dómstól um valdarán. NORDICPHOTOS/AFP

RÚMFATA LAGERINN
HERBERGIÐ • BAÐIÐ • HEIMILIÐ
www.rumfatalagerinn.is

# 30%*
# AFSLÁTTUR

## AF ÖLLUM
## SÓFUM OG HÆGINDASTÓLUM

* Gildir ekki með öðrum tilboðum.

TILBOÐIN GILDA AÐEINS TIL 18.06.12

## GENGIÐ 14.06.2012

| GJALDMIÐLAR | KAUP | SALA |
|---|---|---|
| Bandaríkjadalur | 127,68 | 128,28 |
| Sterlingspund | 198,33 | 199,29 |
| Evra | 160,57 | 161,47 |
| Dönsk króna | 21,605 | 21,731 |
| Norsk króna | 21,369 | 21,495 |
| Sænsk króna | 18,138 | 18,244 |
| Japanskt jen | 1,609 | 1,6184 |
| SDR | 193,59 | 194,75 |

GENGISVÍSITALA KRÓNUNNAR
222,2879

HEIMILD: Seðlabanki Íslands

Opinn ársfundur Orkuveitu Reykjavíkur var haldinn í gær:

# OR einbeiti sér að kjarnastarfsemi

**VIÐSKIPTI** Uppstokkun í rekstri Orkuveitu Reykjavíkur (OR) er lokið en glíman við skuldastabba fyrirtækisins heldur áfram. Þetta sagði Bjarni Bjarnason, forstjóri OR, á opnum ársfundi fyrirtækisins í gær.

Á fundinum gerði Bjarni grein fyrir þeim hagræðingaraðgerðum sem fyrirtækið hefur lagst í á síðustu misserum vegna þungrar skuldastöðu fyrirtækisins. Hafa þær aðgerðir verið unnar samkvæmt áætlun sem nefnist „Planið“ og hefur það að markmiði að ná fram sparnaði sem nemur rétt rúmum 50 milljörðum króna til ársins 2016. Felst áætlunin meðal annars í hagræðingu í rekstri, sölu eigna og frestun fjárfestinga.



BJARNI BJARNASON

Bjarni sagði árið 2011 sennilega mesta breytingaár í sögu OR. Hefði fyrirtækið sett sér það markmið að bæta sjóðflæði um 11,9 milljarða á árinu en tekist hefði að bæta það um 12,7 milljarða þrátt fyrir óhagstæða þróun ytri breyta. Sérstaka athygli vekur að rekstrarkostnaður var lækkaður um tæpar 750 milljónir sem er langt umfram markmið stjórnar sem hljóðaði upp á 300 milljónir.

Þá sagði Bjarni mikilvægast fyrir OR að snúa aftur til upprunna fyrirtækisins. Það þurfi að einbeita sér að kjarnastarfsemi sinni sem felist í að sinna hlutverki vatns-, rafmagns-, hita- og fráveita fyrir íbúa eigendasveitarfélaganna. Allt annað sé OR í grunninn óviðkomandi. - mþl

Munir frá skákeinvíginu:

## Seldir á átján milljónir króna

**SKÁK** Hlutir sem notaðir voru í skákeinvígi aldarinnar voru slegnir á 850 þúsund danskar krónur á uppboði hjá Bruun Rasmussen í Kaupmannahöfn. Upphæðin nemur átján milljónum íslenskra króna, en frá þessu er greint á fréttavef RÚV.

Munirnir voru seldir saman, en um er að ræða taflplötu áritaða af Bobby Fisher og Boris Spassky, taflborð, taflmenn og skákklukku. Söluverðið er töluvert lægra en gert var ráð fyrir, því áður höfðu munirnir verið metnir á um 40 milljónir króna. - ktg

Kínaforseti til Danmerkur:

## Danir og Kínverjar semja um viðskipti

**DANMÖRK** Danmörk og Kína undirrita 35 samninga og viðskiptasamninga upp á 18 milljarða danskra króna á meðan á opinberri heimsókn forseta Kína, Hu Jintao, til Danmerkur stendur.



HU JINTAO

Dönsk og kínversk stjórnvöld undirrita meðal annars samninga um stuðning við fjárfestingar í báðum löndunum auk samninga um orkumál, umhverfisvernd og samskipti á sviði menningar og menntamála.

Gert er ráð fyrir að 16 dönsk fyrirtæki undirriti samninga við Kínverja og að sjö kínversk fyrirtæki semji við danskt fyrirtæki um samvinnu í framtíðinni, að því er segir á vef Jyllands-Posten. - ibs

Tölva parar saman flugfarþega:

## Farþegar velji sætisfélaga

**FLUG Evrópsku flugfélögin KLM og Airbaltic bjóða nú farþegum sínum að velja hvers konar sætisfélaga þeir vilja. Nota þau hugbúnað sem nefnist Satisfly sem auk þess getur notað upplýsingar um farþega til þess að velja saman sessunauta sem eru líklegir til þess að eiga eitthvað sameiginlegt. Farþegum flugfélaganna gefst, þegar þeir panta flug, kostur á að velja einn af möguleikunum. Einn er fyrir farþega sem vilja koma á viðskiptatengslum, annar er fyrir spjallara, sá þriðji fyrir þá sem vilja sinna vinnu og sá fjórði fyrir þá sem vilja slaka á.** - mþl

# Sumarfríin eru ekki sjálfgefin á Alþingi

**Alls starfa 120 manns á skrifstofum Alþingis. Formaður starfsmannafélagsins segir óvissu með þinglok þýða meira álag á starfsfólkið og erfitt sé fyrir marga að skipuleggja frí. En starfsandinn er góður og lítil hreyfing er á starfsfólki.**

**ALÞINGI** „Ef þing verður áfram í sumar er ljóst að einhverjir gætu þurft að fresta hluta af sumarfríinu. En við vitum enn ekki hvernig fyrirkomulagið verður,“ segir Hildur Eva Sigurðardóttir, formaður starfsmannafélags Alþingis, þar sem 120 manns starfa. Hildur segir óvissu um þinglok auka álag á starfsfólk og geta haft áhrif á plön fram í tímann.

„Við erum að vinna fyrir þjóðþing og fólk verður að gera sér grein fyrir því. En þetta er auðvitað jafnvægiskúnst.“

Að sögn Hildar er ekki mikil hreyfing á starfsfólki þingsins. Nýlega var kona að hætta störfum eftir þrjátíu ár hjá Alþingi og segir Hildur marga aðra hafa sinnt starfinu um langt skeið. „Hér vinnur duglegt fólk sem hefur séð ýmislegt í gegnum tíðina,“ segir hún. „Starfsandinn er góður og fólkið gott og hæft.“

Sumarfrí þingsins er samkvæmt lögum frá 1. júlí til 10. ágúst. Hildur segir það þó hafa gerst þegar álagið er mikið að starfsmenn geti ekki tekið sér sumarfrí og þurfi að fresta því þar til hægist um.

„Það getur verið bagalegt því það eykur álag á starfsfólkið,“ segir hún. „Vinnutíminn er langur, sérstaklega á þessum tíma árs þegar helstu álagspunktarnir eru. En við vinnum hér í þágu þings og þjóðar og þetta er okkar starf.“

Hildur segir mikilvægt að átta sig á muninum á milli starfs þingmanna annars vegar og starfsfólki þingsins hins vegar.

„Þó starfsmenn séu þreyttir og þurfi sitt orlof erum við að vinna fyrir þingið og það geta alltaf verið einhverjir sem þurfa að fresta sínu sumarfríi. En ég býst þó við að skrifstofa Alþingis leysi þau mál.“

Hildur er lögfræðingur að mennt og er nefndaritari hjá Alþingi. Aðspurð um samskipti starfsfólksins við þingmennina varðandi starfstíma í sumar segir Hildur þau vera lítil. „Við gerum okkar kjarasamninga við forseta og skrifstofu Alþingis og samskipti um störf okkar fara þar í gegn,“ segir hún. „Ég held að það væri óeðlilegt fyrir lýðræðið ef starfsmannafélagið færi að hafa bein afskipti af þingstörfunum, nema auðvitað þegar þau skerða réttindi starfsfólks.“

Engar ákvarðanir hafa enn verið teknar á Alþingi um þinglok.

sunna@frettabladid.is



**ÓVISSA UM ÞINGLOK EYKUR ÁLAG** Á skrifstofu Alþingis starfa 120 manns sem þurfa margir hverjir að laga frítíma sinn og sumaráætlanir að óútreiknanlegum vinnutíma þingsins. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

### Skrifstofa Alþingis á Ólafsfirði tíu ára

Skrifstofur Alþingis eru starfræktar á nokkrum stöðum í miðborg Reykjavíkur og síðustu tíu ár einnig á Ólafsfirði. „Við tökum Þingtíðindi, eldri þingskjöl og ræður og setjum þau á tölvutækt form,“ segir Magnús Albert Sveinsson, einn þriggja starfsmanna Alþingis á Ólafsfirði. „Þetta snýr að skönnun og prófök og fer svo beint á netið hjá Alþingi.“

Magnús hefur starfað á skrifstofunni síðan hún var opnuð árið 2002. Verkefnið kom til þegar fjarvinnslufyrirtækið Íslensk miðlun, sem var meðal annars starfrækt á Ólafsfirði og í Hrísey, hætti störfum. Starfsfólk fyrirtækisins náði samningum við Alþingi þegar ákveðið var að koma skjölunum á tölvutækt form. „Starfsfólkið var til staðar og það var ákveðið að gera þetta svona. Við erum nú starfsmenn Alþingis, með aðsetur á Ólafsfirði.“



**FRAMKVÆMDIR** Fjárfestingar í hagkerfinu munu aukast um 11,2 prósent á árinu samkvæmt spá Íslandsbanka. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON

Ný hagspá Íslandsbanka:

## Spá 2,8% hagvexti á árinu

**EFNAHAGSMÁL Hagvöxtur verður 2,8 prósent á þessu ári, 2,7 prósent á hinu næsta og 3,0 prósent árið 2014. Helstu aflvakar hagvaxtarins verða aukin einkaneysla, vaxandi fjárfesting og útflutningur. Þetta er mat greiningar Íslandsbanka sem birti í gær nýja hagspá undir yfirskriftinni „Vöxtur í viðjum hafta“.**

**Þá telur greining Íslandsbanka að staðan á vinnumarkaði muni áfram batna næstu misseri. Atvinnuleysi verði því um sex prósent að meðaltali í ár en verði komið niður í fimm prósent að meðaltali árið 2014.**

**Loks spáir greiningardeildin því að verðbólga fari minnkandi á næstu mánuðum og verði 5,5 prósent að meðaltali í ár en 3,6 prósent á næsta ári.** - mþl

### LÖGREGLUFRÉTTIR

**23 myndaðir á klukkustund**

Lögreglan tók myndir af 23 ökumönnum sem keyrðu of hratt í Arnarhöfða í Mosfellsbæ. Mælingarnar stóðu yfir í klukkustund. Meðalhraði allra bíla sem þarna óku var 45 kílómetrar en 30 kílómetra hámarkshraði er á veginum.




## VEÐURSPÁ

Soffía Sveinsdóttir veðurfréttamaður

**HLÝJAST SV-TIL**
Veðrið er tíðindalítið þessa dagana, áfram má búast við fremur hægum vindi og hafgolu, svalast verður NA- og A-til en töluvert hlýrra suðvestantil. Horfur eru á lítilsháttar vætu með köflum í flestum landshlutum, síst þó á Vestfjörðum.




**HEIMURINN**

| | |
|---|---|
| Alicante | 28° |
| Basel | 26° |
| Berlín | 25° |
| Billund | 18° |
| Frankfurt | 24° |
| Friedrichshafen | 28° |
| Gautaborg | 16° |
| Kaupmannahöfn | 18° |
| Las Palmas | 25° |
| London | 18° |
| Mallorca | 29° |
| New York | 25° |
| Orlando | 32° |
| Ósló | 17° |
| París | 22° |
| San Francisco | 25° |
| Stokkhólmur | 16° |

Vindhraði er í m/s.
Hitastig eru í °C.
Gildistími korta er um hádegi.

AUGLÝSINGADEILDIR FRÉTTABLAÐSINS – AUGLÝSINGASTJÓRI: Jón Laufdal jonl@frettabladid.is ALMENNAR SÍMI 512-5401: Einar Davíðsson einar.davidsson@365.is, Guðmundur Steinsson gudmundurs@365.is, Hjördís Zoëga hjordis@frettabladid.is, Hlynur Þór Steingrímsson hlynur@365.is, Laila Awad laila@365.is, Örn Geirsson orn.geirsson@365.is FÓLK/LÍFIÐ/SÉRBLÖÐ SÍMI 512-5402: Benedikt Freyr Jónsson benediktj@365.is, Ívar Örn Hansen ivarorn@365.is, Jóna María Hafsteinsdóttir jmh@365.is, Sigríður Dagný Sigurbjörnsdóttir sigridurdagny@365.is, Sverrir Birgir Sverrisson sverrirbs@365.is RAÐAUGLÝSINGAR /FASTEIGNIR SÍMI 512-5403: Hrannar Helgason hrannar@365.is, Viðar Ingi Pétursson vip@365.is ÞJÓNUSTUAUGLÝSINGAR SÍMI 512-5407: Arna Rut Kristinsdóttir arnarut@365.is, Guðný Gunnlaugsdóttir gunny@365.is, Sigrún Helga Guðmundsdóttir sigrunh@365.is KYNNINGARSTJÓRI: Einar Skúlason einar.skulason@365.is

Holta
KJÚKLINGUR

Kjúklingabringur í
- Texas marineringu
- Rósmarín & hvítlauk



hæ hó jibbí jei

TILBOÐ
30%
afsláttur við kassa

KJÚKLINGA BRINGUR
Í MARINERINGU
1.998 kr/kg
Verð áður 2.854,-

NÝTT
KORTATÍMABIL



ÍSLANDS NAUT
TILBOÐ 30% afsláttur við kassa
TILBOÐ
2.491 kr/kg
Verð áður 3.559,-
Piparsteik



Nautaat
TILBOÐ 30% afsláttur við kassa
TILBOÐ
2.797 kr/kg
Verð áður 3.995,-
Entrecote



ÍSLANDS NAUT
TILBOÐ 25% afsláttur við kassa
TILBOÐ
2.249 kr/kg
Verð áður 2.999,-
Nautakótilettur
kryddlegnar



SS
TILBOÐ 25% afsláttur við kassa
TILBOÐ
2.249 kr/kg
Verð áður 2.998,-
Lambatvírifjur
kryddlegnar



TILBÚIÐ
Á GRILLIÐ

- Marinerað grænmeti
- Kryddaðir kartöflustafir
- Bakaðar kartöflur
- Belgísk vaffla
- Buffaló kjúklingavængir
- Maísstönglar
- Sætar kartöflur



TILBOÐ
BBQ & BUFFALO KJÚKLINGAVÆNGIR
449 kr/pk.
Verð áður 697.-



TILBOÐ
DALOON VORRÚLLUR
559 kr/pk.
Verð áður 699.-



RJÓMASÚKKULAÐI NÓA SÍRÍUS
279 kr/stk.



NÝTT
SANTA MARIA BBQ MARINERING. OPNIÐ POKANN OG LEGGIÐ KJÖTIÐ Í MARINERINGU



TILBOÐ
MÖFFINS
2 TEGUNDIR
499 kr/pk.
Verð áður 599.-

TILBOÐ
KANIL- & SÚKKULAÐI SNÚÐAR
299 kr/pk.
Verð áður 319.-



TILBOÐ
KANILLENGJUR NÝBAKAÐAR
399 kr/stk.
Verð áður 685.-

SVALAKASSI
KAUPIR SVALAKASSA OG FÆRÐ BÍÓMIÐA Á MADAGASCAR 3 Í KAUPAUKA.



Meðan birgðir endast!



17. JÚNÍ SÚKKULAÐIKAKA
899 kr/stk.

OPIÐ
allan sólarhringinn
Garðabær, Skeifan & Eiðistorg

Gildir til 17. júní á meðan birgðir endast.

HAGKAUP
Ein ferð betra verð

**KJÖRKASSINN**



*Skiptir þú við eitt olíufélag umfram annað?*

| | |
|---|---|
| JÁ | 77,6% |
| NEI | 22,4% |

**SPURNING DAGSINS Í DAG:**

*Hræðist þú hunda eða hefur þú ofnæmi fyrir þeim?*

Segðu skoðun þína á visir.is

Þóra Victoria sakaði Bjarna Brynjólfsson upplýsingafulltrúa um aðdróttanir:

# Sagðist særð, móðguð og reið

**JAFNRÉTTISMÁL** Þóra Victoria, aðstoðarflokksstjóri hjá Skrúðgarðyrkjudeild borgarinnar, hefur sent opinbert kvörtunarbréf til yfirmanna Reykjavíkurborgar þar sem hún sakar Bjarna Brynjólfsson, upplýsingafulltrúa Reykjavíkurborgar, um aðdróttanir og svívirðingar í sinn garð.

Þóra Victoria segir í bréfi sem hún birti á Facebook í gær að hún sé transmanneskja og að Bjarni hafi ekki virt það þegar hann hringdi í hana á miðvikudag. Hann hafi ekki trúað að hann væri að tala við hana og hafi meðal annars spurt „Hvers son ert þú Þóra?“

„Ég er særð, móðguð og reið og mér finnst alvarlega að mér vegið,“ segir Þóra í bréfinu. „Aldrei á ævinni hef ég þurft að upplifa aðrar eins aðdróttanir og móðganir.“ Bjarni segir að um misskilning hafi verið að ræða. „Mér var ekki sagt að hún væri svona transmanneskja. Ég fékk karlmannsrödd í símann og út af þessu skapaðist talsverður misskilningur,“ segir Bjarni. „Ég hringdi í hana í hádeginu í dag [í gær] og bað hana afsökunar á þessu,“ segir Bjarni og bætir við að þau hafi í kjölfarið átt gott spjall. „Málið var að ég hringdi í hana því ég var að fara að skrifa frétt um blómaskreytingar í Reykjavík.“ Bjarna hafi verið bent á að tala við Þóru því hún ynni með hópi við gróðursetningu. „Ég hélt bara að það væri einhver að djóka í mér,“ segir Bjarni að lokum. - bþh

> Ég hélt að það væri einhver að djóka í mér.
>
> BJARNI BRYNJÓLFSSON UPPLÝSINGAFULLTRÚI

Slökkviliðið í Hrísey kallað út:

# Eldur í plastbát í Hrísey

**ELDSVOÐI** Eldur kom upp í plastbátnum Guðrúnu EA 58 í Hrísey á Eyjafirði í gær. Slökkvilið var kallað til og réði niðurlögum eldsins á skömmum tíma.

Talið er að kviknað hafi í út frá rafknúnum viftumótor fyrir loftræstingu sem brann yfir.

Slökkviliði Akureyrar var gert viðvart en ekki var ástæða til að senda það út í eyjuna því þar er slökkvilið sem var fullfært um að leysa verkefnið með þeim góða eldvarnarbúnaði sem til staðar er í eyjunni. - bþh

Dularfullt barnshvarf leyst:

# Dingóar námu Azariu á brott

**ÁSTRALÍA, AP** Eftir 32ja ára þrautagöngu var léttir hinnar áströlsku Lindy Chamberlain-Creighton mikill í gær þegar hún var endanlega hreinsuð af ásökunum um að hafa valdið dauða dóttur sinnar árið 1980.



LINDY CHAMBERLAIN-CREIGHTON

Azaria Chamberlain var níu mánaða gömul þegar hún hvarf úr tjaldi fjölskyldunnar, en foreldrar hennar héldu því fram að dingó-villihundur hefði numið barnið á brott. Málið veltist um dómskerfið á næstu árum og var Lindy meðal annars dæmd sek um morð árið 1982 og sat í fangelsi í rúm þrjú ár áður en hún var hreinsuð af ásökunum.

Síðan hefur málið verið óuppgert, en nú hefur dánarvottorði stúlkunnar verið breytt og sakleysi foreldranna staðfest. - þj

Handtökur í Svíþjóð:

# Fengu kókaín í stað vopna

**SVÍÞJÓÐ Tveir sænskir karlmenn hafa verið handteknir í Svíþjóð að beiðni bandarísku fíkniefnalögreglunnar vegna gruns um þátttöku í ólöglegum vopnahring. Mennirnir höfðu afhent dönskum leyniþjónustumanni, sem villti á sér heimildir, þungavopn í fyrravor. Greitt var fyrir með kókaíni.**

**Að sögn Helle Sörensen saksóknara tekur alþjóðleg samvinna lögreglu tíma og þess vegna dróst að handtaka Svíana.**

**Svíi, sem situr í fangelsi í Bandaríkjunum, er talinn höfuðpaurinn. Hann mun hafa útvegað Farc-skæruliðum í Kólumbíu vopn í skiptum fyrir kókaín.** - ibs

# Bættar samgöngur hækka fasteignamat

**Hærra fasteignamat á sumum stöðum á landsbyggðinni er hægt að tengja við betri samgöngur þar. Fasteignamat fyrir næsta ár var kynnt í gær og hækkar matið yfir landið um 7,4 prósent. Mesta hækkunin er í Vestmannaeyjum.**

**EFNAHAGSMÁL** Bættar samgöngur hafa þau áhrif að fasteignamat á sumum stöðum á landsbyggðinni hefur hækkað mikið milli ára. Þetta segir sviðsstjóri hjá Sambandi íslenskra sveitarfélaga.

Nýtt fasteignamat fyrir næsta ár var kynnt af Þjóðskrá Íslands í gær. Fasteignamatið hækkar um 7,4 prósent milli ára. Heildarmat fasteigna hér á landi er nú 4.715 milljarðar króna, en þar af eru 3.105 milljarðar íbúðareignir. Af þeim hækkar matið á rúmlega níutíu prósentum en lækkar á tæplega tíu prósentum eigna.

Fasteignamatið hefur hækkað mest í Vestmannaeyjum milli ára, eða um nítján prósent. Í Bolungarvík hækkar það um rúm sextán prósent og í Fjallabyggð og Dalvíkurbyggð um tæp þrettán og ellefu prósent. Mat á fasteignum hækkaði minnst á Reykjanesi, um 0,6 prósent.

Gunnlaugur Júlíusson, sviðsstjóri hjá Sambandi íslenskra sveitarfélaga, segir fasteignamat gefa ákveðna sýn á hvað sé að gerast hjá sveitarfélögunum. Hækkun í bæjarfélögunum sem nefnd eru að framan sé til dæmis hægt að tengja við betri samgöngur, þótt fasteignamatið segi ekki alla söguna. „Það er nýbúið að tengja Bolungarvík við Ísafjarðarbæ með jarðgöngum svo áhrifin eru farin að sýna sig úti í Bolungarvík.“ Sama megi segja um Fjallabyggð og Dalvíkurbyggð. „Að maður tali nú ekki um Vestmannaeyjar, þar sem fasteignamatið hækkar um nær 20 prósent sem er alveg örugglega afleiðingin af betri samgöngum.“

Á höfuðborgarsvæðinu í heild hækkar fasteignamatið um 8,3 prósent. Ef íbúðarhúsnæði er aðeins skoðað verður hækkunin 9,5 prósent að meðaltali, en hækkunin er misjafnlega mikil eftir hverfum.

Á Suðurnesjum verður matið 2,7 prósentum hærra en á þessu ári. Á Vesturlandi er hækkunin 4,3 prósent og á Vestfjörðum 6,3 prósent. Á Norðurlandi vestra og eystra er hækkunin um sjö prósent. Á Austurlandi er hækkunin 5,5 prósent og á Suðurlandi 5,9 prósent.

Fasteignaviðskipti hafa verið að glæðast síðustu misseri eftir samdráttarskeið. Í fyrra var 6.598 kaupsamningum þinglýst, en þeir voru rúmlega 4.700 árið áður. Fram kom í máli Inga Þórs Finnssonar verkfræðings á mats- og hagsviði Þjóðskrár að það sem af er árinu í ár hefði kaupsamningum svo fjölgað um fimmtung miðað við sama tímabil í fyrra.

thorunn@frettabladid.is

> Það er nýbúið að tengja Bolungarvík við Ísafjarðarbæ svo áhrifin eru farin að sýna sig...
>
> GUNNLAUGUR JÚLÍUSSON SVIÐSSTJÓRI

**Mesta hækkunin á höfuðborgarsvæðinu**

**Meðalbreyting á fasteignamati er mest á höfuðborgarsvæðinu eða 8,3 prósent. Hækkunin er hins vegar minnst á Suðurnesjum, 2,7 prósent.**






**NORÐURFARI** Þessi litla leðurblaka fannst dauð í kofa í Finnmörku á nyrsta odda Noregs. Aldrei fyrr hefur leðurblaka fundist svo norðarlega.

Smávaxin leðurblaka:

# Setti heimsmet fyrir andlátið

**NOREGUR Dauð leðurblaka sem hjón fundu í kofa sínum í Finnmörk í Norður-Noregi fyrir skömmu hefur sennilega sett heimsmet rétt áður en hún drapst. Aldrei áður hefur leðurblaka fundist svo norðarlega. Kofinn er í Bekkarfjord rétt hjá nyrsta odda Noregs og um leið Evrópu.**

**Um er að ræða svokallaða trítilblöku, sem hefur að minnsta kosti einu sinni sést hér á landi, samkvæmt Vísindavefnum.**

**Hjónin sendu dýrið til sérfræðings hjá náttúrufræðistofnun Noregs, Jeroen van der Kooij, sem sagði við Aftenposten að fundurinn væri einstakur. „Þetta er pottþétt met!“** - þj

Hæna sat á andareggjum:

# Hæna fóstrar andarunga

**DÝRALÍF** Hænan Gulla á Ósbakka í Skeiða og Gnúpverjahreppi fóstrar nú þrjá stokkandarunga eftir að hrafnar réðust á andamömmu fyrir skemmstu. Frá þessu er greint í Bændablaðinu.

Öndin sem hrafnarnir réðust á var aflífuð en fjögur egg voru flutt að Ósbakka þar sem hænan lá á þeim í tólf daga. Einn af andarungunum fjórum sem komu í heiminn drapst strax.

Gulla fóstrar andarungana allan sólarhringinn en hættir sér ekki út á andapollinn þegar ungarnir fá sér sundsprett enda ósynd. - bþh




Framleiðsla fíkniefna hefur aukist gríðarlega á Íslandi:

# Kannabisframleiðsla tók kipp

**LÖGREGLUMÁL** Framleiðsla fíkniefna hérlendis hefur aukist til muna síðustu ár en fram til ársins 2008 voru skráð brot vegna innflutnings miklu fleiri en þau sem sneru að framleiðslu.

Eftir bankahrunið 2008 varð viðsúningur og ræktun kannabis hérlendis tók mikinn kipp. Þetta kemur fram í nýrri skýrslu lögreglunnar á höfuðborgarsvæðinu.

Árið 2007 voru skráð í kringum tuttugu brot sem tengdust framleiðslu kannabis á höfuðborgarsvæðinu. Þremur árum síðar voru sambærileg mál yfir 180 talsins. Á sama tíma margfaldaðist fjöldi kannabisplantna sem lögregla gerði upptækan. Árið 2007 tók lögreglan um þúsund kannabisplöntur en árið 2009 voru teknar meira en tíu þúsund plöntur. Málum af þessum toga hefur aðeins fækkað síðan þá og í fyrra tók lögreglan um sex þúsund plöntur.

Nokkur breyting varð einnig á magni þeirra fíkniefna sem lögreglan lagði hald á eftir hrun. Magn e-taflna jókst mikið, fór úr nokkrum þúsundum taflna í hátt í 50 þúsund töflur. Á sama tíma minnkaði magn hass og kókaíns sem lögreglan lagði hald á. - ktg

**Fjöldi fíkniefnabrota 2005-2011**



# SUMARDAGAR RÚMGOTT

## FAGLEG RÁÐGJÖF OG
## FRÍ LEGUGREINING

Komdu í heimsókn, prófaðu legugreininguna, og fáðu faglega ráðgjöf um val á heilsudýnum, án skuldbindinga!

*Vertu örugg/ur*
*Komdu í greiningu*

RúmGott býður öllum viðskiptavinum upp á fría legugreiningu með hinum byltingarkennda Xsensor Medical Pro búnaði.



### HVENÆR ER ÞÖRF Á LEGUGREININGU?

Finnurðu fyrir eymslum í mjóbaki?
Vaknarðu oft með verki í mjöðm?
Finnurðu fyrir eymslum eða dofa í öxlunum?
Sefurðu illa vegna annara óþæginda?

- hryggskekkju
- brjósklos
- samföllnum hryggjaliðum
- spengdum hryggjaliðum
- gigt, til dæmis:
- slitgigt, vefjagigt eða liðagigt.

**FREMSTIR Í FRAMLEIÐSLU Á HEILSUDÝNUM**

**30-50% AFSLÁTTUR AF HEILSURÚMUM**

RúmGott

**Heilsurúm á tilboði**

**VERÐDÆMI:**
Svæðaskipt heilsurúm
Einbreitt: **70.224**
Tvíbreitt: **129.336**

## FRÍ HEIMSENDING
## EÐA GAMLA RÚMIÐ UPP Í!*

*Tilboðið gildir eingöngu um hjónarúm

## ROYAL OG CLASSIC

**Hágæða fjölstillanleg rafmagnsrúm á Frábæru verði**



RúmGott

**30-40% AFSLÁTTUR AF ÖLLUM RAFMAGNS-RÚMUM**

Einbreið rafmagnsrúm:
**Verð frá 190.049.-**

Tvíbreið rafmagnsrúm:
**Verð frá 346.995.-**

**12 mánaða vaxtalaus VISA / EURO greiðsludreifing**
**– Eingungis greiðist lántökugjald**

**VIÐ FRAMLEIÐUM ÞITT RÚM EFTIR ÞÍNUM ÞÖRFUM**
**SÉRSMÍÐUM RÚM OG DÝNUR Í SUMARHÚS FELLIHÝSI OG TJALDVAGNA**

**RúmGott** · Smiðjuvegi 2 (við hliðina á Bónus) · Kópavogi · Sími 544 2121
Opið virka daga frá kl. 10-18 og laugardaga kl. 11-16 · www.rumgott.is

VERSLUNIN
Rúm Gott
ÍSLENSK HEILSURÚM

**VEISTU SVARIÐ?**



1. Hvað tapaði SpKef miklum peningum á árunum 2008 til 1010?
2. Hversu margir hundar eru skráðir í Reykjavík?
3. Hvað heita stjórnendur Hraðfrétta, sem verða hluti af Kastljósi næsta vetur?

**SVÖR:**

1. 50 milljörðum 2. 2.277 3. Fannar Sveinsson og Benedikt Valsson

Kostir og gallar verðtryggðra og óverðtryggðra húsnæðislána til umræðu hjá VÍB:

# Lántakar geti brugðist við sveiflum

**NEYTENDUR** Mikilvægt er að lántakar með óverðtryggð húsnæðislán geti brugðist við sveiflum í greiðslubyrði. Það skiptir máli fyrir lántaka með verðtryggð lán að kaupmáttur lántaka og raunverð íbúðahúsnæðis haldist nokkurn veginn í hendur á lánstímabilinu.

Þetta var meðal þess sem fram kom á fundi Íslandsbanka og VÍB, eignastýringarþjónustu bankans, um óverðtryggða og verðtryggða vexti húsnæðislána og sparnaðar.

Á fundinum ræddi Jón Finnbogason, aðstoðarframkvæmdastjóri viðskiptabankasviðs Íslandsbanka, verðtryggð og óverðtryggð húsnæðislán.



JÓN FINNBOGASON

Benti hann á að verðtryggð húsnæðislán hafa þann kost að greiðslubyrði þeirra er hlutfallslega létt í upphafi lánstímans sem getur hentað ákveðnum hópum, til dæmis ungu fólki. Þá er meiri stöðugleiki í greiðslubyrði en á móti þarf lántaki að sætta sig við hægari eignamyndun. Þá sagði hann enn fremur mikilvægt fyrir þá sem taka verðtryggð lán að kaupmáttur lántaka og raunverð íbúðahúsnæðis haldist nokkuð í hendur á lánstímabilinu.

Þá sagði hann þá sem taka óverðtryggð húsnæðislán njóta mun hraðari eignamyndunar en þurfa á móti að sætta sig við þyngri greiðslubyrði í upphafi og mögulegar sveiflur í greiðslubyrði. Lántakar með óverðtryggð lán þurfi því að geta brugðist við sveiflum í greiðslubyrði.

Myndband af fundinum í gær er aðgengilegt á vefsíðu VÍB. **- mþl**

Hæstiréttur í Danmörku:

# Ekki lægri bætur til deyjandi

**DANMÖRK** Hæstiréttur Danmerkur hefur dæmt að rangt hafi verið að lækka bætur til 31 árs konu vegna læknamistaka á þeirri forsendu að hún ætti ekki langt eftir. Konan fékk brjóstakrabbamein en læknum yfirsást meinið sem dreifðist, samkvæmt fréttavef Politiken.

Stofnunin sem úrskurðaði bætur til konunnar vegna mistakanna, Patientskadenævnet, lækkaði þær um þriðjung vegna þess hversu stutt konan ætti eftir. Bætur til fleiri sjúklinga hafa verið lækkaðar af sömu ástæðu.






**BOÐSKAPUR FRIÐAR** Dr. Mutlaq Elgarawi, aðstoðarráðherra í Kúveit, kom hingað til að kynna boðskap friðar. Sverrir Agnarsson, formaður Félags múslíma, er hér í baksýn. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

# Þarf ekki að vera flókið að stilla til friðar

**Dr. Mutlaq Elgarawi, aðstoðarráðherra frá Kúveit, heimsótti á dögunum Félag múslíma á Íslandi og biskup Íslands. Hann er í forsvari stjórnvalda í Kúveit sem leggja áherslu á hófsemi í iðkun Íslam.**

**TRÚMÁL** „Eitt af okkar markmiðum er að svara þeirri spurningu hvernig við getum breytt hugarfari múslíma til að haga sér með þeim hætti að það gefi góða og rétta mynd af íslam.“

Þetta segir Dr. Mutlaq Elgarawi, aðstoðarráðherra í trúmálaráðuneyti Kúveit. Hann var staddur hér á landi í byrjun viku til að hitta trúbræður sína í Félagi múslíma á Íslandi en hann hitti jafnframt biskup Íslands og forsvarsmenn innanríkisráðuneytisins á meðan dvöl hans stóð.

Dr. Elgarawi er í forsvari fyrir átaki stjórnvalda í Kúveit til að leggja áherslu á hófsemi í iðkun íslams og að leysa ágreiningsmál milli ólíkra samfélagshópa með samræðum á grundvelli sameiginlegra gilda og hófsemi.

„Hófsemi þýðir gæska, umburðarlyndi, réttlæti, friður og ást. Allt þetta liggur að hinu sama. Við höfum borið þennan boðskap út til margra landa þar sem múslímar búa með öðrum hópum, bæði múslímum og öðrum. Okkar stefna er að virða þá sem eru annarrar skoðunar en við og vinna með þeim.“

Átakið hófst fyrir um fjórum til fimm árum þegar stjórnvöld í Kúveit horfðu upp á aukna róttækni í hópi unga fólksins þar í landi. „Við sáum að ekki gekk að taka á þessum málum með hörku og ákváðum þess í stað að ræða vandamálið við unga fólkið á grundvelli trúar og gilda. Við settumst niður með þeim og það gekk afar vel og út frá því ákváðum við að nota þessa aðferð víðar.“

> Ég virði trú annarra og býst við að þeir virði mína …
>
> **DR. MUTLAQ ELGARAWI**
> AÐSTOÐARRÁÐHERRA Í KÚVEIT

Dr. Elgarawi segir verkefnið hafa gengið afar vel. Meðal annars hafi hann nýlega hitt fólk í Tsjetsjeníu og Rússlandi, þar sem öfgahópar hafa fundið skoðunum sínum frjóan jarðveg. Fyrir þeirra atbeina hafi verið reist miðstöð um hófsemi í Moskvu og í síðustu viku undirritaði Elgarawi viljayfirlýsingu við forseta Tsjetsjeníu um að reyna að sætta stríðandi öfl með samræðum.

Elgarawi sagði að ekki þyrfti að vera flókið að stilla til friðar og bæta heiminn. „Aðrir hópar eru líka manneskjur og frændur okkar, afkomendur Adams og Evu. Í íslam eru góð gildi alveg eins og í kristni, gyðingdómi og búddisma. Við getum unnið saman í gegnum þessi grundvallargildi. Ég virði trú annarra og býst við að þeir virði mína, en okkar sýn er sú að við getum öll unnið saman á grundvelli þess sem sameinar okkur.“

thorgils@frettabladid.is


netto
Kræsingar & kostakjör
markhonnun.is
Tilboðin gilda 14. - 17. JÚNÍ
NÝTT KORTA TÍMABIL
LAMBALÆRI
SNEITT - FROSIÐ
1.392
ÁÐUR 1.698 KR/KG
GOÐI
GLEÐILEGA ÞJÓÐHÁTÍÐARHELGI
NAUTAKÓTELETTUR
PEPPERSTYLE
1.998
ÁÐUR 2.498 KR/KG
Kjötbankinn
BRATWURST PYLSUR
330 G
28% AFSLÁTTUR
395
ÁÐUR 549 KR/PK
GOÐI
ÍTALSKT LAMBALÆRI
ÚRBEINAÐ
31% AFSLÁTTUR
1.998
ÁÐUR 2.895 KR/KG
Kjötbankinn
KJÚKLINGAVÆNGIR
HVÍTLAUKS
40% AFSLÁTTUR
299
ÁÐUR 498 KR/KG
ÍSFUGL
FRANSKAR KARTÖFLUR
COOP - 900 G
FRYSTIVARA
396
ÁÐUR 489 KR/PK
coop
KJÚKLINGALEGGIR
BBQ
599
ÁÐUR 998 KR/KG
ÍSFUGL
NÝBAKAÐ TILBOÐ
SALTKRINGLUR
BAKAÐ Á STAÐNUM
95
ÁÐUR 189 KR/STK
50% AFSLÁTTUR
BERLÍNARBOLLUR
BAKAÐ Á STAÐNUM
50% AFSLÁTTUR
99
ÁÐUR 198 KR/STK
*GILDIR EKKI UM NETTÓ SALAVEGI
SPELTBRAUÐ
MYLLAN
349
KR/2 PK
2 FYRIR 1
SPRITE
6 X 330 ML
FANTA ORANGE
6 X 330 ML
COCA-COLA
6 X 330 ML
398
ÁÐUR 498 KR/PK
www.netto.is | Tilboðin gilda meðan birgðir endast. | Birt með fyrirvara um prentvillur og myndavíxl | Vöruúrval getur verið breytilegt milli verslana.
| Mjódd · Salavegur · Hverafold · Akureyri · Höfn · Grindavík · Reykjanesbær · Borgarnes · Egilsstaðir · Selfoss |



**REKA BÚFÉNAÐINN** Kasakar reka búfénað sinn yfir sléttur í norðanverðu Xinjiang-héraði í Kína. NORDICPHOTOS/AFP

Framkvæmdastjóri Olweusar-áætlunarinnar segir börn hætta í íþróttum af ótta við busavígslur:

# Rassskellingar á að afnema með öllu

**SAMFÉLAGSMÁL** „Ég veit að börn hafa hætt í íþróttum vegna rassskellinganna,“ segir Þorlákur Helgason, framkvæmdastjóri Olweusar-áætlunarinnar gegn einelti. „Þetta er alveg eins og hvert annað ofbeldi þar sem krakkar eru að reyna að komast inn í hópana. Þetta á að afnema með öllu og það á ekki að fara neina millileið.“

Nýliðavígslur í landslið Íslendinga í hinum ýmsu íþróttagreinum hafa tíðkast lengi. Í íslenska karlalandsliðinu í handknattleik hefur mikið borið á rassskellingum nýliða undir því yfirskyni að þannig séu þeir boðnir velkomnir. Þorlákur segir brýnt að landsliðin sýni gott fordæmi.

„Þarna eru fyrirmyndirnar og krakkarnir apa þetta eftir. Það á ekki að vera gantast eitthvað með svona,“ segir Þorlákur. „Nýliðar í íslenska landsliðinu tala um það undir rós að þeir séu fegnir því að Sigfús Sigurðsson sé ekki lengur þar því þá yrðu þeir barðir enn þá fastar.“

„Ég veit að þetta tíðkast í yngri flokkum. Svona niðurlæging á sér stað og foreldrar hafa hringt í mig og sagt mér af því,“ segir Þorlákur. „Þetta er bara niðurlægjandi, þetta er ofbeldi og þetta er útilokun sem á ekki að eiga sér stað í íþróttum.“

> Þetta er bara niðurlægjandi, þetta er ofbeldi og þetta er útilokun sem á ekki að eiga sér stað í íþróttum.
>
> **ÞORLÁKUR HELGASON**
> FRAMKVÆMDASTJÓRI OLWEUSARÁÆTLUNARINNAR

„Það er regla með alla krakka að þeir reyna að telja foreldrum sínum trú um að þetta sé leiðin til að verða ekki útundan.“

Þorlákur segir að taka eigi á móti nýliðum í íþróttahópum með virðingu en ekki niðurlægingu. Hann kallar ennfremur eftir því að íþróttasamböndin setji siðareglur um nýliðavígslurnar.

„Það verður samt sem áður að hrósa þeim íþróttafélögum sem hafa afnumið ofbeldið,“ segir Þorlákur að lokum. **- bþh**




# Tölum hreint út um spillingu og þöggun

**Herdís Þorgeirsdóttir, heimsótti CCP á dögunum. Hún sagði mikilvægt að fólk gæti leitað til forseta sem væri hlutlaus og minnti á að almenningur sé ekki búinn að afsala sér rétti til að eiga síðasta orðið, þrátt fyrir fulltrúalýðræðið.**

FORSETAKOSNINGAR 2012

Herdís Þorgeirsdóttir forsetaframbjóðandi var á persónulegu nótunum þegar hún kynnti framboð sitt á hádegisfundi hjá CCP á Grandagarði. Í stað þess að halda hefðbundnar ræður leggur Herdís áherslu á að setjast niður með fólki og ræða málin. Heitar umræður spunnust um forsetaembættið og framtíðarhorfur landsins yfir gúllassúpunni sem borin var á borð í starfsmannamötuneytinu.

Viðmælendum Herdísar varð tíðrætt um efnahagshorfurnar, hrunið og spillingu og spurðu Herdísi hvernig hún sem forseti gæti beitt sér gegn henni. „Við þurfum að tala hreint út um ákveðna hluti eins og spillingu og þöggun og mikilvægi þess að fólk hafi rödd.“

Herdís sagðist sjálf hafa mikið rannsakað einmitt þessa þætti.

„Ég byrjaði mjög ung að skrifa um sjálfsritskoðun og þöggun. Mínar rannsóknir hafa gengið út á þetta og ég er viðurkenndur fræðimaður á þessu sviði. Hér á Íslandi í aðdraganda hrunsins gilti þöggun. Þess vegna er svo mikilvægt að það sé alltaf einhver málpípa opin fyrir almenning.“ Því hlutverki segist Herdís vel geta sinnt, enda sé hún óháð.

„Þess vegna held ég að ég gæti orðið góður forseti. Af því að ég er ekki tengd neinum stjórnmálaflokki, ég er ekki með nein stórfyrirtæki á bak við mig og ég er ekki með neinar valdablokkir. Ég er ekki með nein hagsmunatengsl.“



**HERDÍS ÞORGEIRSDÓTTIR** heimsótti CCP á dögunum og ræddi um forsetaframboðið við starfsfólk fyrirtækisins. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

> Þó svo að við kjósum fulltrúa á þing fyrir okkur, erum við ekki að afsala okkur réttinum til að eiga síðasta orðið í afar mikilvægum málum.

Viðmælendur Herdísar voru einnig áhugasamir um viðhorf hennar til málskotsréttarins og spurðu hana hvort hún sem forseti myndi skjóta málum í þjóðaratkvæðagreiðslu. Þessu svaraði Herdís játandi.

„Ef þingið myndi ákveða að setja einhver lög, sem orkuðu mjög tvímælis og þjónuðu skammtímahagsmunum á kostnað verulegra langtímahagsmuna, getur forsetinn veitt aðhald með því að vísa slíkum lögum í þjóðaratkvæði.“

Herdís benti á að þrátt fyrir að á Íslandi sé fulltrúalýðræði væri mikilvægt að muna að þjóðin hefur ekki þar með afsalað sér öllum völdum.

„Þó svo að við kjósum fulltrúa á þing fyrir okkur, erum við ekki að afsala okkur réttinum til að eiga síðasta orðið í afar mikilvægum málum.“

katrin@frettabladid.is






# Betri kjör á fjármögnun á nýjum bílum

**Landsbankinn býður hagstæð kjör** og 15.000 Aukakrónur við fjármögnun á nýjum bíl. Í boði eru tvær fjármögnunarleiðir, bílasamningur eða bílalán.

- » **8,95% breytilegir óverðtryggðir vextir**
- » **15.000 Aukakrónur***
- » **Lægra lántökugjald**
- » **Hámarkslánstími er allt að 7 ár**
- » **Lánshlutfall er allt að 75%**

8,95%

**Þessir vextir gilda aðeins til 6. júlí 2012**

**Skilmála og nánari upplýsingar** má finna á landsbankinn.is eða hjá Bíla- og tækjafjármögnun Landsbankans í Sigtúni 42.
*Fyrir Aukakrónukorthafa Landsbankans.



**Landsbankinn** landsbankinn.is 410 4800

föstudagur **Föstudagsviðtalið** **Ólafur Þór Hauksson,** sérstakur saksóknari

# Tefja með því að þegja og ljúga

Á bilinu 10 til 20 hrunmál eru í lokarennsli eða bíða ákvörðunar saksóknara um ákæru, að sögn **Ólafs Þórs Haukssonar** sérstaks saksóknara. Hann sagði *Þórði Snæ Júlíussyni* frá því að margir sakborningar hefðu neitað að tjá sig við skýrslutökur eða gefið rangan framburð. Hann telur dóm í Exeter-málinu hafa veigamikið fordæmisgildi og búast megi við fleiri þungum dómum.

Sérstakur saksóknari, Ólafur Þór Hauksson tók við embætti í janúar 2009. Síðan hefur embættið vaxið og nú starfa hjá því um hundrað starfsmenn og starfsemin er víðtæk. Embættið hefur verið gagnrýnt bæði fyrir umfang og starfshætti víðs vegar í samfélaginu og beinist sú gagnrýni oft að Ólafi sjálfum. Spurður hvernig hann taki þeirri gagnrýni segist hann hafa þykkan skráp. „En kannski getur maður ekki metið þetta fyrr en eftir á. Það fylgir að það séu hafðar uppi stórar fullyrðingar á meðan vörn sakborninga er í ham. Við höfum séð það gerast í stórum málum áður.

Svo erum við með samfélag í sárum eftir hrunið. Viðbrögðin í slíku samfélagi eru kannski ekki alltaf rökrétt. Heilt yfir finnst mér vera stuðningur við þessa vinnu og ég er sannfærður um að fólk vilji fá niðurstöðu í þessi mál. Eftir því sem lengra líður frá, finnst mér fólk geta sætt sig við hvora niðurstöðuna sem er, bara að það komi niðurstaða.“

### Þegja eða ljúga

Eitt af því sem er gagnrýnt er hversu langan tíma rannsóknirnar taka og að meintir sakborningar séu settir á hliðarlínuna sem þátttakendur í samfélaginu á meðan þær standa yfir. Að sögn Ólafs er það einfaldlega þannig að efnahagsbrotarannsóknir taka mjög langan tíma.

„Í mörgum málum gerist það að sakborningur mætir og neitar að tjá sig, sem hann hefur rétt á. Það þýðir að hann veitir ekkert liðsinni við að upplýsa málið sem verið er að rannsaka. Það skýtur því dálítið skökku við þegar sami sakborningur er síðan úti í samfélaginu að býsnast yfir því hversu langan tíma þetta taki allt saman.

Það er líka mjög algengt að menn gefi framburð sem ekki er réttur. Í nokkrum málum höfum við sýnt fram á mjög afgerandi stöðu um það að gögnin bendi í allt aðra átt en það sem viðkomandi hafa sagt okkur. Þegar svo horfir þá geta menn ekki talað mikið um langan rannsóknartíma nema að gangast við því að þeir hafa töluvert um þá lengd að segja.“

Hann segir líka nauðsynlegt að vinna alla rannsóknarvinnuna almennilega. „Ég er ekki tilbúinn að hlaupa til og fara fram með mál fyrir dóm sem er hálfbakað. Það er ábyrgðarlaust, líka gagnvart sakborningnum. Það sem við þurfum síst af öllu er uppgjör við hrunið í formi sakamála sem eru illa unnin.“

### Mikilvægt fordæmi

Hæstiréttur dæmdi í síðustu viku Jón Þorstein Jónsson, fyrrum stjórnarformann Byrs, og Ragnar Z. Guðjónsson, fyrrum forstjóra sjóðsins, í fjögurra og hálfs árs fangelsi fyrir umboðssvik. Um var að ræða fyrsta hrunmálið sem niðurstaða fékkst í vegna slíkra brota. Héraðsdómur hafði áður sýknað þá báða.

Ólafur segir að dómurinn hafi dregið upp mjög skýrar leiðbeiningar um þau atriði sem hann horfir sérstaklega til við ákvörðun sektar. Að því leytinu til hafi dómurinn töluvert fordæmisgildi. „Þær línur sem hann leggur eru vísbendingar í að minnsta kosti tvær áttir. Annars vegar myndar hann snið fyrir okkur sem rannsökum þessi mál sem við getum mátað önnur mál við. Hins vegar gefur hann líka leiðbeiningar til héraðsdómstólanna um með hvaða hætti þeim beri að taka á sambærilegum málum. Út frá því er þetta veigamikið fordæmi. Það er ljóst að ef það verður sakfellt í þeim málum þá stefnir í að það verði þungir dómar. Vænt tjón mun vega mjög þungt við ákvörðun refsingar. Kannski er dómurinn bara að senda skýr skilaboð út í samfélagið um að þegar höndlað er með háar fjárhæðir, eins og gert er í mörgum þessara mála, þá verði menn að sýna fyllstu varúð og ganga um það af mikilli ábyrgð.“

Baldur Guðlaugsson, fyrrum ráðuneytisstjóri, var dæmdur í tveggja ára fangelsi í Hæstarétti í febrúar síðastliðnum fyrir innherjasvik. Það var í fyrsta sinn sem slík sakfelling hefur fengist á Íslandi. Ólafur segir embættið vera með nokkur innherjamál til meðferðar, en að þau séu býsna erfið. „Í þeim er sjaldnast fyrir að fara skriflegum fundargerðum eins og var í máli Baldurs, heldur eru þetta yfirleitt óljósari vísbendingar um innherjavitneskju. Það á því eftir að reyna á ýmislegt í því sambandi.“

Sérstakur saksóknari gaf einnig út ákæru í hinu svokallaða Al-Thani máli í febrúar. Þar eru helstu stjórnendur Kaupþings og einn stærsti hluthafi bankans grunaðir um umboðssvik og markaðsmisnotkun. Ólafur segir það vera næsta svið sem reynir á, hvernig dómstólar taka á markaðsmisnotkunarmálum. „Það er þegar komin sakfelling í hið svokallaða miðlaramál, sem var fyrir-hrun-mál þar sem sakfellt var fyrir markaðsmisnotkun. Sú niðurstaða gefur býsna góða vísbendingu og ákveðnar leiðbeiningar um það þegar saksóknari var að taka ákvörðun um saksókn í Al-Thani málinu.“

### Allir þræðir liggja til Lúxemborgar

Allir þrír stóru bankarnir ráku starfsstöð í Lúxemborg fyrir bankahrun og var algengara en ekki að umsvifamiklar viðskiptablokkir hýstu eignarhaldsfélög með mikil umsvif á Íslandi í þeim stöðvum. Sérstakur saksóknari hefur á undanförnum árum ráðist í þrjár stórtækar gagnaöflunaraðgerðir þar í landi. Tvær þeirra fóru fram í Banque Havilland, sem byggður er á grunni Kaupþings í Lúxemborg, og á tengdum stöðum. Auk þess hófst gagnaöflunaraðgerð í Landsbankanum þar í landi, sem er nú þrotabú, í apríl síðastliðnum.

Ólafur segir ljóst að margir þræðir í stórum rannsóknum þeirra liggi til Lúxemborg. „Það var alveg ljóst í mjög mörgum þessara mála að við þyrftum að fara í þessar aðgerðir í Lúxemborg til að ganga úr skugga um hvað væri að baki þeim. Við höfum verið að fá í hús á síðustu vikum gríðarlegt magn gagna sem voru haldlögð í seinni leitinni inni í Havilland í fyrra. Þau eru að detta inn núna. Það er mun meira en við tókum í fyrra skiptið, þegar við tókum 150 kíló. Þetta er að minnsta kosti helmingi meira auk rafrænna gagna. Þetta er því mikið umfang af gögnum sem við þurfum að fara í gegnum. Við leggjum kannski ekki mikið af þeim inn í málin, en það breytir því ekki að við þurfum að fara í gegnum þau.“

### Um hundrað hrunmál

Ólafur segir að um hundrað svokölluð hrunmál séu á málaskrá embættisins. „Ferli mála gengur þannig fyrir sig að fyrst eru mál opnuð. Þá eru teknar skýrslur og farið í gagnaöflun. Síðan kemur yfirferðarfasi. Þar er farið yfir símagögn, tölvupósta, framburði, öll rafræn gögn, í að bera saman framburði og svo framvegis. Þessi vinna er eiginlega stærsti hlutinn hjá okkur. Hún er að sama skapi nánast ósýnileg úti í samfélaginu. Þó það sé unnið hérna myrkranna á milli í þessum fasa þá sést það ekki.

Þegar niðurstöður úr þessum fasa eru komnar þá er farið að taka fram það sem upp á vantar, bera upp á viðkomandi gögn, bera upp á viðkomandi aðra framburði, benda á ósamræmi á milli framburða sem þeir hafa gefið áður og þar fram eftir götunum. Svo er hægt að fara í að gera greinargerð. Eftir það fer málið til ákæranda. Hann getur síðan óskað eftir frekari gögnum eða rannsókn áður en hann tekur ákvörðun um hvort gefa eigi út ákæru eða ekki. Þetta er því tímafrekt.“

### Mörg mál í lokarennsli

Að sögn Ólafs eru mörg dæmi í svokölluðu lokarennsli, þar sem niðurstöður rannsóknar eru bornar upp á meinta sakborninga. „Sem dæmi um hversu mörg mál eru á þessum lokastað í yfirheyrslum þá erum við með þrjú föst yfirheyrsluherbergi hérna í húsinu og eigum möguleika á að setja upp fjórða herbergið. Þau hafa öll verið fullbókuð síðastliðinn mánuð upp á hvern einasta dag frá morgni til kvölds. Það er ekki útlit fyrir annað en að svo verði út þennan mánuð. Það er því stöðugt streymi af fólki hérna inn.“

Þá er þegar búið að klára rannsókn á nokkrum málum en beðið hefur verið með ákvörðun um ákæru þar til að önnur sem eru í lokarennsli klárast, enda gætu þau sameinast við ákvörðun um saksókn. „Það eru á bilinu 10 til 20 mál í þessu ferli. þó nokkuð af málum er þegar komið til saksóknara og það mun bætast vel við það í sumar.“

Samkvæmt uppleggi eiga hin svokölluðu hrunmál að klárast fyrir árslok 2014. Ólafur segir enn stefnt á að klára alla rannsóknarvinnu embættisins fyrir þann tíma. „Hvort það verði komin niðurstaða í öll málin skal þó ósagt látið og helgast það fyrst og fremst af málsmeðferðartímanum fyrir dómi. Sá tími sem hefur liðið frá útgáfu ákæru og þar til að málin verða tekin til aðalmeðferðar virðist ætla að teygja sig töluvert mikið.“



**SÉRSTAKUR SAKSÓKNARI** Gerir ráð fyrir því að hin svokölluðu hrunmál eigi eftir að klárast fyrir árslok 2014 en stefnt sé á að ljúka allri rannsóknarvinnu fyrir þann tíma.
FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

## Mál starfsmannanna einstakt tilvik

Sérstakur saksóknari kærði tvo lögreglumenn sem starfað hafa hjá embættinu um margra ára skeið til Ríkislögreglustjóra fyrir brot á þagnarskyldu í apríl síðastliðnum. Mennirnir tveir höfðu tekið að sér vinnu fyrir þrotabú Milestone á sama tíma og þeir unnu fyrir embættið við rannsókn á tengdum málum. Vangaveltur hafa verið uppi um hvort að athæfi mannanna geti skaðað málarekstur embættisins í málum sem tengjast Milestone. Ólafur segist ekki geta sagt til um hvaða áhrif málið gæti haft, enda sé það ekki í hans höndum. „Þessir tveir menn unnu að hinu svokallaða Sjóvármáli. Vafningsmálið, sem er fyrir dómstólum, er sprottið úr þeirri rannsókn. Það er þegar komin fram frávísunarkrafa í því máli. Við henni hefur verið brugðist með sérstakri bókun sem lögð var fram 6. júní. Samkvæmt henni er sett upp ákveðin skoðun á Vafningsmálinu og vegið og metið hvaða áhrif þetta getur haft.“

Hann segir áhrifin af þessu máli ekki bara snúa að þeim málum sem mennirnir tveir rannsökuðu, heldur geti það haft víðtækari afleiðingar. „Það sem við höfum áhyggjur af er að okkur finnst það skipta gríðarlega miklu máli að embættið njóti trausts og að trúverðugleiki þess sé yfir vafa hafinn. Þess vegna er þessi uppákoma ekki bara tengd þessu máli, heldur er mjög slæmt yfir höfuð að þetta hafi komið upp. En á hinn bóginn er ég sannfærður um að þetta sé einstakt tilvik.“

> Ég er ekki tilbúinn að hlaupa til og fara fram með mál fyrir dóm sem er hálfbakað. Það er ábyrgðarlaust, líka gagnvart sakborningnum.

## Málarekstur gegn SFO hefur ekki áhrif

Efnahagsbrotadeild bresku lögreglunnar, Serious Fraud Office (SFO), framkvæmdi í mars í fyrra húsleitir á ýmsum stöðum vegna rannsóknar sinnar á lánveitingum Kaupþings til bræðranna Vincents og Roberts Tchenguiz. Bræðurnir fóru síðar í staðfestingarmál til að fá úr því skorið hvort að SFO hefði brotið reglur þegar húsleit var gerð hjá þeim, þeir voru handteknir og færðir til yfirheyrslu ásamt nokkrum fyrrum yfirmönnum Kaupþings og starfsmönnum Roberts. Auk þess vildu þeir fá úr því skorið hvort reglur um meðferð gagna hefðu verið brotnar. Nú er beðið niðurstöðu dómstóla í málinu og er talið að hún sé væntanleg mjög bráðlega.

Embætti sérstaks saksóknara hefur oft verið spyrt við þetta mál í umræðunni, enda tóku starfsmenn þess þátt í aðgerðunum. Ólafur segir hins vegar að málið byggi ekki að neinu leyti á gögnum frá embættinu og að það muni ekki hafa nein áhrif á rannsóknir þess. „Það hefur aðallega verið fjallað um gögn sem SFO fékk í Bretlandi frá endurskoðunarfyrirtæki sem unnið hefur fyrir slitastjórn Kaupþings. Í yfirlýsingum SFO hafa heldur ekki komið fram neinar athugasemdir gagnvart okkur. Við vorum í töluvert miklum yfirheyrslum núna seint í vetur, sem voru framkvæmdar af SFO og við áttum aðild að. Ég reikna með að ef einhverjum vandkvæðum hjá embætti sérstaks saksóknara væri orsök þess að þeir væru í vandræðum með sín mál þá væru hnökrar á því samstarfi. Svo er ekki.“






# Til hamingju!

## Tvöfaldur skammtur af Lýsi – afköstin aukin um 100%

Verktakar við tvöföldun verksmiðju Lýsis við Fiskislóð óska eigendum og starfsmönnum fyrirtækisins hjartanlega til hamingju með stóraukna getu til að framleiða hollustu fyrir heimsbyggðina.

**J.E.SKJANNI**
Aðalverktaki húss og lóðar

**HÉÐINN**
Aðalverktaki verksmiðju

Landslagnir pípulagnir
VSI
EFLA CONSULTING ENGINEERS
ARK ÞING
VSB VERKFRÆÐISTOFA
HÚSASMIÐJAN
BYGGINGAVERKTAKAR ehf
Straumvirki ehf. Rafverktaki
SG DÚKARI Sigurjón Gíslason
Límtré Vírnet
ÁLTAK
VÍK BLIKKSMIÐJA
PARKET & GÓLF
LOFT ORKA
ÍSLOFT BLIKK OG STÁLSMIÐJA EHF.
Gluggasmiðjan
ÍSLANDSLYFTUR
FAGUS EHF Trésmiðja
REK byggingavörur/byggingalausnir


Tertusneið
að eigin vali
og kaffi
690kr
spíran
bistro á 2. hæð
Tilboð
4 matjurtir
saman
480kr
10 stjúpur í bakka
blandaðir litir
795kr
Gleðilega
Kraftakarlinn
ofursterka drifvélin sem þrífst best í átökum
Garðeigandinn
lipra og létta bensínvélin í garðinn þinn
Luxus Lísa rafmagnssláttuvél
þægindin í fyrrúmi og full af krafti
Pena Lísa rafmagnssláttuvél
lítil og ljúf en gerir allt svo fínt
Sérvöldu sláttuvélarnar okkar
eru við allra hæfi
og fást nú með
30%
sumarafslætti
STIHL®
35 ár á Íslandi


Tilboð
20 sumarblóm að eigin vali
2.480kr
1. flokkur
Tilboð
Nellikur
795kr
Tilboð
Sólblóm
990kr
Öll sumarblóm í Garðheimum eru íslensk ræktuð
Tilboð
Hengibrúðarauga
795kr
Við verðum á staðnum með góðu ráðin!
Þjóðhátíð!
Umhverfisvænar blómaskálar fyrir leiði
GÓÐ RÁÐ GARÐHEIMA:
Notum umhverfisvænar blómaskálar á leiði ástvina okkar. Skálarnar brotna niður í jarðveginum.
Þjóðhátíðarblómin frábært úrval
Tilboð
Blómaskálar og blómaker í úrvali
frá 1.690kr
GARÐHEIMAR
ÍSLENSKT FJÖLSKYLDUFYRIRTÆKI
Opið á 17. júní frá 10:00 til 19:00
Góð ráðgjöf www.gardheimar.is | sími 5403300

# skoðun

greinar@frettabladid.is

Á Kína að fá aukaaðild að Norðurskautsráðinu?

## Tölum tæpitungulaust við Kína

Kína vill fá áheyrnaraðild að Norðurskautsráðinu, samstarfsvettvangi ríkjanna átta við heimskautið. Þetta er liður í langtímaáætlun Kínverja um að láta meira til sín taka á norðurslóðum og nýta möguleikana sem geta opnazt þegar loftslag hlýnar og ísinn hopar, meðal annars í samgöngum, viðskiptum og vinnslu olíu, gass og steinefna.

Aðildarríki Norðurskautsráðsins eiga öll mikið undir viðskiptum við Kína og hafa almennt tekið málaleitaninni heldur vel. Það eru hins vegar kínversk stjórnvöld, sem sjálf hafa sett stórt strik í reikninginn með því að loka nánast alveg á diplómatísk samskipti við eitt aðildarríkjanna, Noreg. Ástæðan er sú að norska Nóbelsnefndin ákvað að veita kínverska andófsmanninum og mannréttindafrömuðinum Liu Xiaobo friðarverðlaun Nóbels árð 2010, þrátt fyrir hótanir Kínastjórnar.

SKOÐUN



Ólafur Þ. Stephensen

olafur@frettabladid.is

Þetta geta kínversk stjórnvöld ekki með nokkru móti þolað. Ferðir embættismanna og viðskiptasendinefnda til Noregs hafa verið afboðaðar, fjöldamörgum Norðmönnum neitað um vegabréfsáritun til Kína og kínverskum borgurum ekki leyft að ferðast til Noregs. Fréttablaðið sagði frá því í fyrradag að fella varð niður ljóðaþing Kínversk-íslenzka menningarsjóðsins, sem átti að halda í Kirkenes í Noregi í sumar, af því að kínversku skáldin fengu ekki fararleyfi.

Á sama tíma hefur Kínastjórn nuggað sér alveg sérlega vinsamlega utan í sum nágrannaríki Noregs, til að mynda Svíþjóð og Ísland sem Wen Jiabao forsætisráðherra heimsótti í vor.

Jonas Gahr Støre, utanríkisráðherra Noregs, hefur lýst yfir að við þessar aðstæður geti Kína ekki fengið áheyrnaraðild að Norðurskautsráðinu. Vilji Kínastjórn taka þátt í samstarfinu hljóti hún að verða að hafa virkt samtal við öll aðildarríki ráðsins. Støre bendir réttilega á að samskiptaleysið sé „ekki okkar val, heldur þeirra".

Össur Skarphéðinsson utanríkisráðherra fór í kringum málið eins og köttur í kringum heitan graut þegar Fréttablaðið spurði hann hvort Ísland tæki undir þessa afstöðu Norðmanna. Svarið, sem birtist í Fréttablaðinu í gær, var á þá leið að Ísland styddi áheyrnaraðild Kína að Norðurskautsráðinu og reyndi jafnframt að beita sér fyrir bættum samskiptum Kína og Noregs.

Hér er ástæða til að tala skýrar. Ísland á vissulega að hafa góð samskipti við Kína og rækta viðskiptasamband sitt við þetta volduga land. Við eigum hins vegar sízt af öllu að reyna að notfæra okkur að Kína frysti samskipti við eitt af okkar nánustu vinaríkjum en reyni að sleikja okkur upp í staðinn. Við eigum sömuleiðis að segja alveg tæpitungulaust að við fordæmum mannréttindabrotin í Kína, styðjum málstað andófsmanna á borð við Liu og andmælum því að kínversk stjórnvöld refsi þeim sem ekki vildu láta undan hótunum þeirra í aðdraganda þess að friðarverðlaunin voru veitt.

Ef kínversk stjórnvöld hafa áhuga á formlegu samstarfi við vestræn lýðræðisríki sem virða mannréttindi verða þau líka að skilja og virða hvernig lýðræði og mannréttindi virka. Annars á Kína ekkert erindi í þetta samstarf.

FRÉTTABLAÐIÐ

ÚTGÁFUFÉLAG: 365 miðlar ehf. STJÓRNARFORMAÐUR: Ingibjörg S. Pálmadóttir FORSTJÓRI OG ÚTGÁFUSTJÓRI: Ari Edwald RITSTJÓRI: Ólafur Þ. Stephensen *olafur@frettabladid.is* AÐSTOÐARRITSTJÓRI: Steinunn Stefánsdóttir *steinunn@frettabladid.is* Fréttablaðið kemur út í 90.000 eintökum og er dreift ókeypis á heimili á höfuðborgarsvæðinu og Akureyri. Einnig er hægt að fá blaðið í völdum verslunum á landsbyggðinni. Fréttablaðið áskilur sér rétt til að birta allt efni blaðsins í stafrænu formi og í gagnabönkum án endurgjalds.

Issn 1670-3871




## FRÁ DEGI TIL DAGS

### Lúxusinn í Kópavogi

Stjórnmálafólk segir oft eitt og annað sem hljómar þokkalega en lítur mun verr út á prenti. Ármann Kr. Ólafsson, bæjarstjóri í Kópavogi, gerði sig sekan um slíkt á dögunum þegar hann lét DV hafa eftir sér að nýtilkomin fjórðungshækkun launa bæjarfulltrúa sé „leiðrétting, ekki hækkun" og í sömu grein segir hann að mikil „fita" hafi verið á grunnþjónustu bæjarins og „alls konar lúxus" hafi verið skorinn niður.

Þetta á varla eftir að hljóma fallega í eyrum starfsfólks bæjarins enda er ólíklegt að í þeim hópi hafi allir fengið „leiðréttingu" á sínum kjörum frá hruni.



### Lúxus um land allt

Raunar er þetta enn stærra mál því eins og glöggir lesendur muna, fengu þingmenn, ráðherrar og embættismenn líka leiðréttingu á sínum launum í jólagjöf frá kjararáði. Frá ársbyrjun hefur BSRB beðið eftir svörum frá fjármálaráðuneyti vegna krafna um að opinberir starfsmenn fái sína leiðréttingu. Engin formleg svör hafa borist. Ætli það sé ekki enn einn lúxusinn?



### Álag, ágangur og ágirnd

Þór Saari opnaði á fyrirtaks punkt á þingi í gær þar sem hann sagði álag vegna ágangs ferðamanna yfir sumartímann vera allt of mikið. Það er rétt hjá þingmanninum. Aðdráttarafl Íslands felst að miklu leyti í ósnortinni náttúru og friðsemd, og ef það er fyrir borð borið getur fljótt fjarað undan ferðamennskuævintýrinu. Ofuráhersla á fjölda án þess að tryggja að innviðir landsins þoli ágangnn ber vott um skammsýni og í versta falli græðgi. Gullna reglan er að maður á ekki að troða meiru á diskinn en maður fær torgað.

thorgils@frettabladid.is

## HALLDÓR




## Laun bæjarstjóra hækkuðu um 3,5%

Kjaramál



Ármann Kr. Ólafsson

bæjarstjóri Kópavogs

Í umræðunni um þá ákvörðun bæjarráðs Kópavogs að afnema rúmlega þriggja ára frystingu launa allra bæjarfulltrúa og tengja þau aftur við þingfararkaup, sem samþykkt var af fulltrúum allra flokka, hefur því verið haldið á lofti að heildarlaun bæjarstjóra Kópavogs hafi um leið verið hækkuð um 23%. Það er fjarri sanni.

Hið rétta er að grunnlaun bæjarstjóra Kópavogs hækkuðu um 3,5% þann 1. mars sl., samkvæmt ákvörðun kjararáðs, eins og laun allra þeirra sem undir kjararáð heyra svo sem laun þingmanna, ráðherra og embættismanna.

Í janúar 2009 voru laun bæjarfulltrúa lækkuð um 10% en jafnframt voru þau aftengd þingfararkaupi. Með því vildu bæjarfulltrúar taka á sig kjaraskerðingu eins og aðrir í samfélaginu. Síðan þá hafa launin staðið óhreyfð, með tíu prósenta lækkuninni, á meðan aðrir sambærilegir hópar, eins og til dæmis þingmenn, hafa fengið sínar lækkanir til baka og vel það í þremur áföngum, nú síðast 1. mars sl.

> Grunnlaun bæjarstjóra Kópavogs voru 1. júní 1.127.821 kr. ef með er talinn bifreiðastyrkur…

Eftir ákvörðun bæjarráðs nú í apríl eru laun bæjarfulltrúa aftur 27% af þingfararkaupi. Það þýðir í krónum talið að laun fyrir setu í bæjarstjórn urðu frá og með 1. mars 164.752 kr. á mánuði en voru 133.928 kr.

Fyrr á þessu ári höfðu gengið til baka launalækkanir stjórnenda bæjarins. Þetta þýðir með öðrum orðum að laun bæjarfulltrúa í Kópavogi voru fyrst til að lækka eftir hrun og síðust til að ganga til baka eftir hrun.

Grunnlaun bæjarstjóra Kópavogs voru 1. júní 1.127.821 kr. ef með er talinn bifreiðastyrkur en þau hækkuðu um 3,5%, eins og áður sagði í mars. Þess má geta að grunnlaun bæjarstjóra Kópavogs voru 1. janúar 2009 1.080.774 kr.

Auk bæjarstjóralauna fær bæjarstjóri Kópavogs, samkvæmt venju, greitt fyrir setu í nefndum og ráðum, og núna fyrir bæjarráð, bæjarstjórn og hafnarstjórn. Eru heildarlaunin þegar það er talið með því 1.496.988 krónur. Samtals hafa því heildarlaunin hækkað um 4,4 % á u.þ.b. þremur árum eða frá 1. janúar 2009.

FRÉTTABLAÐIÐ Skaftahlíð 24, 105 Reykjavík SÍMI: 512 5000, *ritstjorn@frettabladid.is* FRÉTTASTJÓRAR: Arndís Þorgeirsdóttir *arndis@frettabladid.is*, Kristján Hjálmarsson, *kristjan@frettabladid.is* Trausti Hafliðason *trausti@frettabladid.is* og Atli Fannar Bjarkason (dægurmál) *atlifannar@frettabladid.is*
HELGAREFNI: Sigríður Björg Tómasdóttir, ritstjórnarfulltrúi, *sigridur@frettabladid.is* MENNING: Bergsteinn Sigurðsson *bergsteinn@frettabladid.is* FÓLK OG SÉRBLÖÐ: Elín Albertsdóttir *elin@365.is* og Vera Einarsdóttir *vera@365.is*
ÍÞRÓTTIR: Sigurður Elvar Þórólfsson *seth@frettabladid.is* LJÓSMYNDIR: Pjetur Sigurðsson *pjetur@frettabladid.is* FRAMLEIÐSLUSTJÓRI: Kolbrún Ingibergsdóttir *kolbrun@frettabladid.is*

# Að þurfa að hefna

**Í DAG**



Pawel Bartoszek
stærðfræðingur

Eitt sinn var Plútó pláneta. Svo fóru að finnast hnettir sem voru svipaðir að stærð og Plútó, t.d. Eris. Vísindamennina grunaði að mjög margir slíkir hnettir gætu verið til. Það var ekki hægt að láta grunnskólabörn læra nöfn þeirra allra. Menn bjuggu því til nýja skilgreiningu á plánetum og afplánetuðu Plútó.

Það var ekkert sem breyttist hjá Plútó. Hin gengisfelldi reikihnöttur er hér áfram á sinni sporöskjulaga og hallandi braut umhverfis sólina.

Umræðan um Plútó snerist því frekar um gerð kennsluefnis fremur en einhverja merkilega stjörnufræði.

Við vitum að í geimnum eru hnettir sem eru einn metri á breidd og aðrir sem eru milljón sinnum breiðari. Við köllum suma þeirra loftsteina en hina plánetur. Þar á milli eru einhverjir aðrir flokkar. Einhvern veginn vilja menn geta ákveðið í hvaða flokk hver hnöttur fellur og stundum verður flokkunin svolítið gervileg. En þetta er auðvitað bara flokkun.

Grænland er eyja en Ástralía er álfa. Fólk með BMI stuðulinn 29,9 telst vera í yfirvigt, en þeir sem hafa BMI stuðulinn 30,1 eru komnir í offituflokkinn. Menn eru börn 17 ára en fullorðnir 18 ára.

Menn eru alltaf að reyna að raða hlutum á óendanlegu, samfelldu rófi í endanlega margar skúffur. Sum þessara flokkunarvandamála kunna að virðast háheimspekileg og forvitnileg í fyrstu en í raun eru þau ekkert merkilegri en verkefnið sem bókasafnsvörður stendur frammi fyrir þegar hann þarf finna bók réttan stað í safninu.

Engu að síður er það svo að svör við þessum flokkunarspurningum hafa oft afleiðingar. Í réttarkerfinu skiptir til dæmis miklu máli hve gamlir menn eru þegar þeir brjóta af sér eða hvort þeir séu „heilir á geði“. Út frá því má sjá að hugmyndir okkar um refsingar byggjast á þeim forsendum að fólk hafi frjálsan vilja en geti misst hann, varanlega eða tímabundið, og stjórni þá ekki gjörðum sínum.

> Kannski að spurningin um meinta geðveiki sakborninga snúist aðallega um það hve vel við skiljum heilastarfsemi þeirra. Ef við teljum okkur vita hvað það er sem fær þá til að haga sér eins og þeir gera getum við reynt að hjálpa þeim, annars læsum við þá allavega inni svo þeir í það minnsta skaði ekki annað fólk.

Vandinn er hins vegar sá að miðað við það sem við vitum um heiminn þá er heilinn okkar einfaldlega mjög flókið net af frumum sem samsettar eru úr atómum, og allt þetta stjórnast af lögmálum eðlisfræðinnar. Það er sem sagt eitthvað samspil af eðlisfræðilegum ferlum í heilanum sem veldur því að einn maður ákveður að taka þátt í maraþoni meðan annar fer að plana morð. Stundum skiljum við þessi ferli í heilanum eitthvað en oftast gerum við það ekki.

Kannski að spurningin um meinta geðveiki sakborninga snúist aðallega um það hve vel við skiljum heilastarfsemi þeirra. Ef við teljum okkur vita hvað það er sem fær þá til að haga sér eins og þeir gera getum við reynt að hjálpa þeim, annars læsum við þá allavega inni svo þeir í það minnsta skaði ekki annað fólk.

Það að hjálpa mönnum að snúa af villu vegar og verja samfélagið gegn þeim sem það ekki gera eru góð markmið fyrir réttargæslukerfið. Á tímum þegar reiðin er hvað mest er hvers kyns hefndarrökum jafnan bætt við og sá sem þetta skrifar hefur því miður ekki verið saklaus af slíku.

Atburðir eins og fjöldamorðin í Útey draga ekki alltaf fram það besta í fólki.

Þörfin til að hefna sín er náttúruleg hvöt en er, í ljósi þess sem við vitum um alheiminn, ekki sérlega rökrétt. Ef heilinn er einfaldlega flókið net ætti það auðvitað að vera langtímamarkmið vísindamanna okkar að skilja þau ferli sem í honum eiga sér stað og nýta þá vitneskju til að hjálpa fólki að hætta að meiða aðra. Það er margfalt skynsamlegra en að stefna að því að menn sem gerðu eitthvað rangt hafi það skítt sem lengst.

Þegar reiðin og hefndarþörfin rísa hátt verður krafan um þyngri dóma háværi. En í þeirri umræðu má ekki gleyma því að það er ekkert gefið að þeir sem sitja lengi í fangelsi komi út meira bættir en þeir sem stoppa þar stutt. Gleymum því ekki að Ísland hefur lengi verið eitt af öruggustu löndum heims. Þrátt fyrir meinta linkind við afbrotamenn.

## AF NETINU

### Mafía skal hún heita

Örlög Sparisjóðs Keflavíkur eiga að vera dauðadómur Sjálfstæðisflokksins. Hvergi kemur græðgi aðstandenda flokksins betur fram en í linnulausum stuldi úr sjóðnum. Um þetta er versta hryllingsskýrsla hrunsins, svartari en sjálf sannleiksskýrslan. Með ólíkindum er, að fjármálaeftirlitið hafi ekki séð þetta. Og að bófarnir hafi ekki enn verið dregnir fyrir dómara. Svartast af öllu er, að Sjálfstæðisflokkurinn hefur gleymt aðild sinna manna að málinu. Rífur kjaft út í eitt á þingi. Þingmenn Sjálfstæðisflokksins ber að hrekja úr pólitík. Alla sem einn, þetta er siðlaus mafía gráðugustu sérhagsmuna.

**http://jonas.is/ Jónas Kristjánsson**

### Kosið aftur í Grikklandi á sunnudag

Allt bendir svo til þess að ný-nasistaflokkurinn Gullin dögun haldi sér inni á þingi. Það er verulegt áhyggjuefni, því hegðan flokksmanna hefur ekkert skánað þótt þeir séu komnir á þing.

**http://silfuregils.eyjan.is/ Egill Helgason**

# Er forseti Íslands valdalaus?

**Forsetaembættið**



Skúli Magnússon
dósent við lagadeild HÍ

Í grein í Fréttablaðinu 13. júní sl. fullyrðir lögfræðingurinn Finnur Torfi Stefánsson að forseti Íslands geti ekki beitt synjunarvaldi sínu nema með atbeina ráðherra og sé „efnislega með öllu valdalaus“. Þessa túlkun á stjórnarskránni telur Finnur Torfi byggja á „skýrum og óumdeilanlegum ákvæðum stjórnarskrárinnar“, en jafnframt lýsir hann furðu sinni yfir því „að heyra löglærða menn tala og skrifa í þeim dúr að unnt sé að breyta stjórnarskrá með því að brjóta hana fyrst og ná síðan samstöðu um brotið í fjölmiðlaumræðu“. Þessum orðum virðist, a.m.k. að einhverju leyti, vera beint að grein minni um vald forseta í Fréttablaðinu 7. júní sl.

Í umræddri grein gerði ég stutta grein fyrir þeirri meginreglu íslenskrar stjórnskipunar að valdheimildum forseta yrði ekki beitt nema með atbeina ráðherra sem bæri ábyrgð á máli (sbr. 14. gr. stjskr.). Forseti gæti þannig ótvírætt ekki skipað ráðherra, rofið þing, gefið út bráðabirgðalög, o.s.frv., án þess að ráðherra meðundirritaði ákvörðun (sbr. 19. gr. stjskr.). Hvað sem líður venjum sem mótast hafa fyrir og eftir lýðveldisstofnun um að þjóðhöfðinginn fari almennt að tillögu ráðherra, stendur eftir sú staðreynd að forseti verður ekki þvingaður til staðfestingar tillögu ráðherra.

Gangi forseti gegn ætlaðri skyldu sinni til að staðfesta tillögu ráðherra, t.d. um skipun embættismanns, er og engum viðurlögum fyrir að fara, enda er forsetinn ábyrgðarlaus skv. 10. gr. stjskr. Um þetta eru ákvæði stjórnarskrárinnar „skýr og óumdeild“ þótt með öðrum hætti sé en Finnur Torfi virðist halda. Í ljósi þróunar síðustu ára sýnist fullt tilefni til að huga að þessum atriðum, ekki síst við endurskoðun stjórnarskrárinnar, í stað þess að berja sér á brjóst og telja sjálfum sér trú um forsetinn fari ekki með nein „efnisleg“ völd.

Í grein minni var vikið að því að framangreind meginregla um samband forseta og ráðherra gildi ekki um synjun forseta við lögum Alþingis skv. 26. gr. stjskr., en Finnur Torfi finnur að því að staðhæfingin hafi veri órökstudd. Um þetta er það að segja að 26. gr. stjskr. er eitt fárra ákvæða stjórnarskrárinnar sem mótað var frá grunni við setningu lýðveldisstjórnarskrárinnar 1944 og þannig sérsniðið að hinu nýstofnaða forsetaembætti. Sú skýring ákvæðisins að ekki þurfi til atbeina ráðherra á sér skýra stoð í aðdraganda að setningu stjórnarskrárinnar, umræðum á Alþingi svo og skýringum við ákvæðið sjálft í greinargerð. Einnig styðst þetta viðhorf við skrif helstu fræðimanna á sviði stjórnskipunarréttar (sbr. t.d. Ó.J., Stjórnskipun Íslands, 1960, bls. 298-301).

Frá fræðilegu sjónarmiði er það auðvitað bara skemmtilegt að rifjaðar séu upp frumlegar hugleiðingar Þórs Vilhjálmssonar, fyrrv. forseta Hæstaréttar og prófessors, í tímaritsgrein frá árinu 1994 á þá leið að framangreind meginregla um atbeina ráðherra kunni einnig að gilda um synjunarvald forseta skv. 26. gr. stjskr. Þessi hugmynd, sem fyrst leit dagsins ljós hálfri öld eftir að málskotsréttur forseta var festur í stjórnlög, stendur hins vegar völtum fótum þegar litið er til tilurðar, texta og tilgangs 26. gr. stjskr. Við þetta bætist að forseti Íslands beitti umræddri heimild árin 2004, 2010 og 2011, í öll skiptin án atbeina ráðherra. Óhætt er að segja að (persónulegt) synjunarvald forseta hafi hlotið viðurkenningu allra helstu stjórnarstofnana samfélagsins, m.a. með þeim hætti að árið 2010 setti Alþingi lög sem m.a. fjalla um þjóðaratkvæðagreiðslur á grundvelli 26. gr. stjskr.

Í stuttu máli ber það annaðhvort vott um vanþekkingu eða óskammfeilni að gefa í skyn að með skýringum á stjórnskipulegum heimildum forseta, í samræmi við það sem lagt hefur verið til grundvallar í íslenskum stjórnskipunarrétti áratugum saman, sé gerð tilraun til að hnika til eða breyta reglum íslenskrar stjórnskipunar. Hins vegar kemur til skoðunar hvort slík staðhæfing gæti átt við um suma þá sem telja sig geta skýrt stjórnarskrána til samræmis við þá pólitísku sýn sína að forsetinn eigi að vera „efnislega með öllu valdalaus“.



# Heimshreyfing í þágu breytinga

Sjálfbær þróun



Ban Ki-moon
framkvæmdastjóri Sameinuðu þjóðanna

Í næstu viku munu veraldarleiðtogar hittast að máli á þýðingarmiklum fundi, ráðstefnu Sameinuðu þjóðanna um sjálfbæra þróun í Rio de Janeiro. Verður þetta árangursríkur fundur? Að mínu mati, já. Samningaviðræður hafa staðið yfir lengi. Meira að segja á þessari stundu er meiru ólokið en gengið hefur verið frá í svokölluðu „lokaskjali” fundarins. Á hinn bóginn er lokaskjalið í raun ekki einhlítur mælikvarði á árangur. Mest er um vert að Rio ráðstefnan hefur þegar skilað umtalsverðum árangri. Og sá árangur er að skapa heimshreyfingu í þágu breytinga.

Rio+20 markar vegamót á langri leið. Sjálfbær þróun komst á dagskrá heimsstjórnmála á hinum fræga Jarðar-fundi árið 1992. Í dag er skilningur okkar breiðari og blæbrigðaríkari á þeirri jafnvægislist sem við þurfum að ná tökum á. Sífellt fleiri jarðarbúar þarfnast þróunar sem hefur að markmiði að skila ávöxtun velmegunar og kröftugs hagvaxtar til allra. Á sama tíma verður að vernda dýrmætustu auðlindir jarðar: land, loft og vatn. Í Rio bætast yfir 100 leiðtogar ríkja og ríkisstjórna í hóp tuttugu og fimm þúsund þátttakenda sem leita réttrar framvindu. Við höfum allt of lengi talið að brennsla og neysla sé eina leiðin til bjargálna. Þessi leið hefur endað í blindgötu.

Í Ríó verðum við að leita nýrrar leiðar; nýs vegvísis fyrir 21. aldar hagkerfið. Við höfnum þeirri goðsögn að hagvöxtur þurfi að vera á kostnað umhverfisins. Það er vaxandi skilningur á því að með snjallri stefnumörkun geta ríkisstjórnir eflt hagvöxt, dregið úr fátækt, skapað mannsæmandi störf og hraðað félagslegri þróun með þeim hætti að virðing sé borin fyrir takmörkuðum auðlindum jarðar.

Í þessum víðari skilningi held ég að hreyfingin í þágu breytingar verði ekki brotin á bak aftur. Sönnunargögnin eru hvarvetna og leynast ef vel er að gáð á meðal stórra þjóða og smárra, ríkra jafnt sem fátækra. Mörg ríki hafa tekið „grænan vöxt“ upp á sína arma sem felur í sér að nota takmarkaðar náttúrulegar auðlindir á skilvirkari hátt til að skapa störf og efla kolefnasnauða þróun. Kína hefur skuldbundið sig til að sækja sextán prósent orkuþarfar sinnar til endurnýjanlegra orkugjafa fyrir 2020 og stefnir að því að fjárfesta fyrir andvirði 450 milljarða Bandaríkjadala í endurnýtingu sorps og hreinni tækni í nýjustu fimm ára áætlun sinni.

Í Brasilíu skapar endurnýting sorps meira en hálfa milljón starfa, aðallega á meðal þeirra sem höllustum standa fæti. Indland borgar nú fólki fyrir að nýta betur náttúrulegar auðlindir svo sem skóga og ferskvatn.

Ríkisstjórnir og þjóðríki eru ekki ein á báti. Yfir þúsund oddvitar úr atvinnulífinu frá öllum heimshornum koma saman í Ríó og tala einum rómi: við getum ekki látið sem ekkert sé.

Orkumál verða í öndvegi í Ríó. Ég hef kallað orkumál „gullna þráðinn“ sem hnýtir saman hina sjálfbæru framtíð. Orka er lykillinn að þróun, félagslegri samheldni og verndun umhverfisins, þar á meðal loftslagsbreytingum. Af þessum sökum hleypti ég af stokkunum árið 2011, frumkvæði sem nefnist Sjálfbær orka fyrir alla. Markmið okkar er að tryggja þeim fimmtungi jarðarbúa sem ekki njóta þess þegar að fá aðgang að nútíma orkuþjónustu. Þetta ber að gera með því að draga úr orkusóun, með því tvöfalda skilvirka nýtingu og tvöfalda hlut endurnýjanlegrar orku í orkunotkun á heimsvísu.

> Við höfum allt of lengi talið að brennsla og neysla sé eina leiðin til bjargálna. Þessi leið hefur endað í blindgötu.

Sjálfbær orka fyrir alla er fyrirmyndar félagsskapur í þágu framtíðarinnar. Grundvallarhugmyndin er einföld en áhrifarík: Sameinuðu þjóðirnar nota einstætt afl sitt til að fylkja liði í þágu almannahagsmuna. Þegar öllu er á botninn hvolft er þetta einmitt það sem Rio+20 snýst um. Já, vissulega eru samningaviðræðurnar þýðingarmiklar. Samkomulag þar sem skuldbindingar hafa verið færðar til bókar, mótar umræður morgundagsins. En Rio+20 er meira en þetta eða tjáning öflugrar hreyfingar í þágu breytingar og stórt skref í átt til þeirrar framtíðar sem við viljum.

# Bláu augun þín

Heilbrigðismál

Jóhannes Kári Kristinsson
augnlæknir



Augu margra Íslendinga þola illa sólarljós. Geislar sólarinnar eru oft sterkir hér á landi og sólin liggur oft lágt á lofti, sem þýðir að geislarnir fara beint í augu. Sjómenn verða einnig fyrir miklu endurkasti sólarinnar af haffletinum og útivistarfólk af snjó. Vegna mikillar umræðu um áhrif sólarljóss á húð er fólk almennt farið að nota sólarvörn á sólríkum stöðum. Minna hefur verið rætt um mikilvægi þess að nota sólgleraugu til að hlífa augunum. Staðreyndin er þó sú, að ef það er einhver sem þarf á sólarvörn fyrir augun að halda, þá er það hinn dæmigerði ljóseygi Íslendingur. Íslendingar eru oft með gráblá augu, sem þýðir einfaldlega að lítið er af litarefni í lithimnu augans. Svertingjar eru með margfalt meira litarefni í lithimnunni, sem gerir augu þeirra dökkbrún. Slík augu hlífa augasteininum og sjónhimnunni fyrir stórum hluta geislunarinnar. Bláu augun gera það miklu síður. Litarefni í augnbotnum (sjónhimnu) tekur til sín sólarljós. Á sama hátt er miklu minna af litarefni í augum ljóshærðra eða skolhærðra heldur en í augum þeirra sem eru með dökkt hár og sérstaklega þeirra sem eru þeldökkir.

Hinir ósýnilegu útfjólubláu (UV) geislar sólarinnar eru helstu skaðvaldarnir. Þeir geta valdið bruna á yfirborði augans, ekkert ósvipað sólarbruna. Þeir sem hafa fengið svokallaða snjóblindu eða rafsuðublindu þekkja þetta og gleyma því aldrei, þar sem sársaukinn er gríðarlegur til viðbótar tímabundinni sjónskerðingu sem af því hlýst. Þetta gerist t.d. hjá þeim sem nota ekki geislavörn á meðan þeir eru að rafsjóða eða uppi á jökli. Allir þekkja það að það má ekki horfa beint í sól, þar sem það getur skaðað sjónhimnu og valdið blindu.

Langvarandi útfjólublá geislun er líka varasöm. Augnlok geta orðið fyrir skaða eins og húð annars staðar á líkamanum. Hrukkur myndast auðveldlega í þunnri, viðkvæmri húðinni í kringum augun og hefur það aukist mjög að augnlæknar og lýtalæknar sprauti botox í svæðin til að minnka hrukkur og skera burt húðfellingar. Í sumum tilvikum getur krabbamein myndast á augnlokum, oftast á hvarmi. Stundum er hægt að nema það brott án þess að valda meiru en minniháttar óreglu í augnlokinu, en fyrir kemur að stærri útlitsgalli verður eftir. Þá getur verið erfitt að loka auganu, sem leiðir til þess augað verður þurrt og ber jafnvel skaða af.

Langvarandi geislun frá sólinni getur líka valdið því að óeðlilegur vöxtur verði frá slímhimnu yfir á hornhimnuna. Þá myndast gráhvítur þríhyrningur inn á hornhimnu sem kallað er „pterygium“, eða hornhimnuvængur á íslensku. Þessi vefur verður oft rauður og talsvert útlitslýti á auganu. Þetta er ekki algengt hér á landi en sést oftar í sólríkum löndum nær miðbaug.

Augasteinninn er viðkvæmur fyrir sólarljósi. Ský á augasteini myndast oftar og fyrr hjá þeim sem eru í mikilli sól. Nýleg íslensk augnrannsókn leiddi þetta m.a. í ljós. Sjónhimnan er einnig viðkvæm fyrir sól, og er aldursbundin augnbotnahrörnun (macular degeneration) mun algengari hjá þeim sem hafa fengið mikla geislun í auga.

Ský á augasteini og aldursbundin augnbotnahrörnun valda sjónskerðingu og jafnvel blindu. Hægt er að nema brott ský á augasteini, en aldursbundin augnbotnahrörnun er erfiðari viðfangs, þótt ýmis meðferðarúrræði hafi komið fram á undanförnum árum. Best er þó að fyrirbyggja skaða á augum, ekki síst þar sem margar skemmdir eru óafturkræfar. Hvetja þarf börn til að nota sólgleraugu, þar sem stór hluti þessara skaða er uppsafnaðar skemmdir á vefjum augans. Nokkrar rannsóknir á Vesturlöndum hafa leitt í ljós að meir en helmingur barna notar aldrei sólgleraugu. Hvetja þarf til meiri sólgleraugnanotkunar hjá börnum, ekki síður en að vernda húð þeirra fyrir sólargeislum með sólarvörn.

> Hvetja þarf til meiri sólgleraugnanotkunar hjá börnum, ekki síður en að vernda húð þeirra fyrir sólargeislum með sólarvörn.

Bent skal á að ýmis lyf, s.s. sýklalyf, getnaðarvarnarpillan, róandi lyf og ýmis lyf sem notuð eru til að meðhöndla psoriasis og bólusjúkdóma í húð (acne) geta aukið á skaða sólarinnar bæði í húð og í augum.

Góðir Íslendingar: Notið sólgleraugu og hvetjið börnin til að nota þau líka.

# Brúkum bekkina

Heilbrigðismál

Unnur Pétursdóttir
formaður Norðurlandsdeildar FÍSÞ



Á undanförnum árum hefur Félag íslenskra sjúkraþjálfara (FÍSÞ) staðið fyrir samfélagsverkefnum til að hvetja almenning til aukinnar hreyfingar. Eitt þeirra er verkefnið „Að brúka bekki“, framkvæmt í samvinnu við félög eldri borgara og sveitarfélög.

Hugmyndin gengur út á að kortleggja stuttar gönguleiðir, sem henta þeim sem lakir eru til gangs, gjarnan í námunda við fjölbýlishús eldri borgara. Vissulega eru bekkir víða, en þessar leiðir eru þannig hannaðar að tryggt er að ekki séu meira en 200-300 m á milli bekkja, sem er forsenda þess að fjölmargir treysti sér til að ganga úti.

Sjúkraþjálfarar á Akureyri riðu á vaðið og vígðu fyrstu tvær leiðirnar árið 2010. Nú eru þar fjórar leiðir sem liggja úr frá fjölbýlishúsum eldri borgara við Lindarsíðu, Víðilund, Hlíð og Mýrarveg.

Verkefnið hefur hlotið góðan hljómgrunn víðar. Á Húsavík eru tvær leiðir út frá dvalarheimilinu Hvammi ásamt einni leið í suðurhverfi bæjarins og á Kópaskeri er gönguleið við sjávarsíðuna. Í Garðabæ liggja tvær leiðir frá Sjálandi og upp að verslunarmiðstöðinni Litlatúni. Gönguleiðir af þessu tagi eru einnig komnar í Hamraborg, Gullsmára og við Boðaþing í Kópavogi. Í Mosfellsbæ er verið að setja upp tvær leiðir út frá miðbæjarkjarnanum, auk þess sem verkefnið er í undirbúningi í Hafnarfirði og á Raufarhöfn.

Kort hafa verið gerð með staðsetningu bekkjanna og má nálgast þau á vef FÍSÞ, www.physio.is. Yngri aðstandendur eru hvattir til að aðstoða hina eldri við að finna kortin á vefsíðunni, prenta út og jafnvel ganga með þeim fyrsta hringinn.

Sjúkraþjálfarar vonast til þess að íbúar í nágrenni þessara leiða notfæri sér bekkina óspart og láti takmarkaða göngugetu ekki hindra sig í að drífa sig út í sumarið. Það er stutt í næsta bekk!




**AF NETINU**

## Óvissuferð um Vaðlaheiði

Vaðlaheiðargöng fengu brautargengi í þingsal í dag. Tæplega níu milljarða ábyrgðarlán frá ríkinu til opinberra aðila og þó er fyrirbærið flokkað sem einkaframkvæmd. Þingmenn svæðisins voru allir með þessum fjárútlátum, óháð flokkum.

Enn og aftur fetar ríkisstjórnin þannig braut aukinna opinberra skuldbindinga með tilvísun í atvinnusköpun. Framundan er svo uppáhellingur sparisjóðs Keflvíkinga upp á 25 milljarða, lífeyrissjóðslán til byggingar háskólaspítala upp á 50 milljarða, Norðfjarðargöng, Dýrafjarðargöng, 1.000 milljarða snjóhengja í Seðlabankanum og skuldavandi heimilanna. Eins gott að olían finnist.

http://www.dv.is/blogg

**Lýður Árnason**

# Síðustu sætin í júní



22. júní

Frá kr. 47.450 í 11 nætur

# Bodrum

í Tyrklandi

## 2 FYRIR 1 TIL TYRKLANDS

### Ótrúlegt tilboð

**- Allra síðustu sætin**

Heimsferðir bjóða nú einstakt tilboð á síðustu flugsætunum til Tyrklands 22. júní í 11 nætur. Þú kaupir 2 flugsæti en greiðir aðeins fyrir 1. Við bjóðum þér fjölbreytta gistingu meðan á dvölinni stendur.

Frá kr. 47.450

Flugsæti með sköttum, m.v. 2 fyrir 1 tilboð 22. júní í 11 nætur. Netverð á mann. Verð áður kr.94.900.

**Verðdæmi fyrir gistingu með allt innifalið:**

Frá kr. 51.500

á mann m.v. tvo fullorðna og tvö börn á Hotel Eken 22. júní í 11 nætur með allt innifalið. Verð á mann í tvíbýli kr. 71.300 í 11 nætur með allt innifalið.



26. júní

Frá kr. 109.900 með allt innifalið í 2 vikur

# Mallorca

Hotel Costa del Sur / Cala Gran

Frá kr. 109.900 með allt innifalið í 2 vikur

Netverð á mann, m.v. 2 fullorðna og 1 barn, 2-11 ára, í herbergi. Verð m.v. 2 fullorðna í herbergi kr. 129.400 á mann. 26. júní í 2 vikur.





í allt sumar

# Billund

Frá kr. 9.900

á völdum dagsetningum








í allt sumar og haust

# Alicante

Frá kr. 16.900

á völdum dagsetningum





Skráðu þig í netklúbb Heimsferða og fáðu send öll tilboð.

ENNEMM / SIA • NM53018 Birt með fyrirvara um prentvillur. Heimsferðir áskilja sér rétt til leiðréttinga á slíku. Ath. að verð getur breyst án fyrirvara.

Skógarhlíð 18 • 105 Reykjavík • Sími 595 1000 • Akureyri, sími 461 1099 • www.heimsferdir.is

Heimsferðir

# Gamaldags, einskisnýt skotgrafapólitík!

Stjórnmál
Gunnar Hólmsteinn Ársælsson
stjórnmálafræðingur og framhaldsskólakennari



Sem almennum borgara og kjósanda blöskrar manni að horfa á og hlusta á umræður á Alþingi Íslendinga. Sérstaklega að undanförnu, þegar menn hafa verið að ræða kvóta og veiðigjaldsmálið, málefni SpKef, eða ESB, svo nokkur dæmi séu tekin.

Hin svokallaða „umræðuhefð" er mikið rædd í sambandi við Alþingi, en hún virðist nú einkennast mest af skítkasti, málþófi, skætingi, framíköllum og jafnvel grófum persónulegum ásökunum.

Ástandið á Alþingi Íslendinga er svo sorglegt, að það er næstum því grátlegt. Það segir kannski sína sögu að bjöllusláttur forseta Alþingis, hefur sennilega aldrei verið meiri, en á yfirstandandi þingi og kjörtímabili.

Það er sem sagt hver höndin upp á móti annarri, ekki bara á milli flokka, heldur einnig innan flokka. Og þetta er fólkið sem á að stýra landinu, setja landsmönnum lög, taka mikilvægar ákvarðanir sem kjörnir fulltrúar!

En þetta minnir því miður meira á sandkassa, þar sem ríkir stöðugur ófriður og slegist er um þau „gæði" sem þar eru í boði. Sandurinn flýgur í allar áttir og sandkassinn tæmist óðum. Það er slegist með „skóflunum" í stað þess að þær séu notaðar til þess að byggja með þeim.

Virðing Alþingis er í algeru lágmarki. Um 10% landsmanna bera traust til löggjafarsamkundu landsins. Þetta er í raun grafalvarleg staða fyrir íslenskt lýðræði.

En er hægt að finna skýringar á þessu? Það er kannski ekki svo auðvelt, en bent hefur verið á að stjórnarandstaðan, sem samanstendur af flokkum sem lengst af hafa verið í valdastöðu hér á landi, Sjálfstæðisflokkur og Framsóknarflokkur, séu í bullandi fráhvarfi. Að þeir nái ekki að tækla það að vera í stjórnarandstöðu, að hafa ekki völdin.

Önnur skýring kann að vera sú að Íslendingar hafa verið að glíma við afleiðingar eins stærsta efnahagslega/siðferðilega skipbrots þjóðar á heimsvísu og að vandamálin séu þess eðlis að allar átakalínur séu einstaklega skarpar. Að verið sé að glíma við einstaklega erfið mál. Þó ber að geta þess að Alþingi Íslendinga hefur áður glímt við mjög stór og erfið mál fyrr, á borð við aðildina að EFTA, NATO og EES.

Þriðju skýringuna væri hægt að kalla mannkosti. Að á Alþingi Íslendinga sitji nú einfaldlega einstaklingar sem einfaldlega hafi ekki þann siðferðisþroska að fara eftir settum reglum þingsins og hefðum þess. Að gæði „áhafnarinnar" séu einfaldlega með lægra móti. Þetta sést t.d. í fjölmiðlum með skýrum hætti.

Vel má vera að þessar skýringar séu að einhverra mati léttvægar og ekki alls kostar réttar. Það má því líta á þetta sem tilraun til skýringar og aðrar skýringar því alveg mögulegar.

En ofurlágt álit á störfum og „hegðun" Alþingis er staðreynd. Alþingi er mótandi aðili á því sem kallað er „pólitísk menning". Og miðað við þá pólitísku menningu sem undirritaður þekkir frá öðrum löndum í kringum okkur verður því miður að segjast að sú íslenska er á afskaplega lágu plani. Hún einkennist af gegndarlausum átökum, oft á tíðum mjög litlum vilja til málamiðlana og sátta, og (að því er virðist) lítils vilja til samvinnu. Vilji hins sterka virðist vera viðmiðið.

Ekki nema von að fólki blöskri því sú ímynd sem langflestir Íslendingar hafa af Alþingi er að ég held sú að þar sé helst ástunduð hallærisleg, gamaldags og einskis nýt skotgrafapólitík, sem alls ekki þjóni hagsmunum heildarinnar. Þá hlýtur hún að þjóna einhverjum öðrum hagsmunum, sérhagsmunum.

En hvað er til ráða? Jú, ég held að þingmenn ættu að nota komandi frí til þess að líta í eigin barm og meta einfaldlega eigin frammistöðu. Kannski út frá því viðmiði hvort þeir hafi verið að vinna til gagns fyrir land og þjóð. Þeir eru jú kosnir til þess!

Svo væri ekki heldur úr vegi að þingmenn myndu hugsa aðeins um almenna hegðun, framkomu og kurteisi. Það hafa allir gott af því.

> Virðing Alþingis er í algeru lágmarki. Um 10% landsmanna bera traust til löggjafarsamkundu landsins. Þetta er í raun grafalvarleg staða fyrir íslenskt lýðræði.

FERÐAFÉLAG BARNANNA

**Þjóðhátíð á Þingvöllum**

**Sunnudaginn 17. júní**

Ferðafélag barnanna fer í þjóðhátíðarleiðangur til Þingvalla þann sautjánda júní. Þar könnum við hvort hægt er að ganga eftir endilangri Almannagjá, dýfum tánum ofan í ískalda Öxarána og syngjum Öxar við ána og Hæ hó jibbíjei svo undir tekur í hamraveggjunum.

Stórskemmtileg tilraunaferð, mikið klöngur og fjör með þjóðlegu ívafi. Allir mæta í fánalitunum með þjóðhátíðarfána og nammigott nesti.

Þátttakendur mæta á einkabílum kl. 11:00 á bílastæðinu við Upplýsingamiðstöðina á Þingvöllum, sunnudaginn 17. júní. Ferðin tekur um 5 klst. og gengnir eru um 5 km., með erfiðu klöngri inn á milli.



FÍ

Þátttaka er ókeypis – allir velkomnir

# Á umfjöllun um ESB og EES heima í námskrám framhaldsskóla?

ESB
Valgerður Húnbogadóttir
þjóðréttarfræðingur



Hvers vegna ætti Ísland að ganga í ESB? Þetta er spurning sem ég hef velt mikið fyrir mér síðastliðin ár og hefur svarið verið miklum breytingum háð. Eftir eins og hálfs árs búsetu í Brussel og eftir að hafa starfað bæði fyrir sendiráð Íslands í Brussel og EFTA geri ég mér æ betur grein fyrir því hversu miklir þátttakendur við í raun erum í ESB án þess að þó að hafa mikið um stöðu okkar innan þess að segja. Ísland er til dæmis fullur þátttakandi í Schengen samstarfinu en þegar kemur að ákvörðunartöku varðandi samstarfið höfum við engan atkvæðisrétt.

Þessar ákvarðanir hafa þó oft mikil áhrif á Íslandi. Þá leiddi nýleg skýrsla í Noregi það í ljós að þar væri búið að innleiða um ¾ hluta af regluverki ESB og Noregur væri því í raun jafnmikill þátttakandi í ESB og sum ríkjanna innan ESB. Það sama má í raun segja um Ísland þó ómögulegt sé. Það má þó sem dæmi nefna að Írland og Bretland eru ekki þátttakendur í Schengen samstarfinu en hafa þó aðgang að fundum er varða samstarfið á sama hátt og Ísland og Noregur sökum aðildar að ESB. Kannski er hægt að halda því fram að það sé ekki nógu góð ástæða fyrir aðild að við séum hvort eð er það miklir þátttakendur í ESB nú þegar, en það er allavega umhugsunarvert.

Í Húsi Noregs (Norway House) í Brussel fyrir nokkru kynnti Fredrik Sejersted, höfundur norsku skýrslunnar, skýrsluna sjálfa. Hann útskýrði meðal annars að EES rétturinn væri afar veigamikill í viðskiptalífi Noregs og ég vil meina að það sama megi segja um Ísland enda snertir hann nánast öll svið íslensks samfélags. Á hverjum degi hefur ESB og EES áhrif á líf okkar. Hversu lengi við megum vinna, hversu lengi rútubílstjórinn má keyra án þess að taka sér hvíld, hvaða mat við megum ekki borða, hvaða leikföng börnin okkar mega ekki leika sér mér, hvaða tóbaks við megum ekki neyta, í hvaða löndum við megum vinna og svona mætti lengi telja.

Sejerstad benti á að engu að síður væri að finna litlar sem engar upplýsingar um EES og ESB í skólabókum í Noregi og það er í raun ekki á kennsluskrá fyrr en á háskólastigi og þá eingöngu í fögum tengdum EES og ESB. Sejersted velti því fyrir sér hvers vegna ekki væri að finna upplýsingar um ESB í skólum landsins og ekki einu sinni í Handelsgymnasiet (samsvarar Verslunarskóla Íslands). Ef áhugi á aðild að ESB er skoðaður á Íslandi og Noregi virðist stuðningur hærri meðal þeirra sem hafa menntun eða starfsreynslu á sviði ESB. Skyldi það vera vegna þess að þessir aðilar sjá hag sínum betur borgið gerist Ísland aðili að ESB eða eru þeir orðnir heilaþvegnir? Að mínu mati er ástæðan sú að þeir séu upplýstari um hömlurnar sem fylgja því að vera takmarkaður innan landamæra eins lands.

Í útvarpsþætti á Íslandi, fyrir nokkrum árum, var áhugi unglinga í framhaldsskólum landsins á aðild Íslands að ESB til umræðu. Unglingarnir voru spurðir hvort þeir væru hlynntir aðild og svöruðu allir að þeir vildu ekki að Ísland gengi í ESB.

Þegar fréttamaður spurði hvers vegna hikuðu unglingarnir og sögðu að það væri sökum þess að foreldrar þeirra vildu það ekki. Ég hef fullan skilning á svörum þeirra enda hef ég verið í nákvæmlega sömu stöðu. Ég ólst að hluta til upp í Noregi og bjó þar þegar umræða um aðild Noregs stóð sem hæst. Á þessum tíma gengu um bekkinn minn svokallaðar vinabækur. Einn daginn tók ég með mér heim slíka bók í eigu bekkjarsystur minnar. Eftir að hafa fyllt út fullt nafn, augnlit, nafn systkina og uppáhalds gæludýr kom ég að spurningunni „Ja eller Nei til EU" (Já eða Nei við ESB). Þessi spurning var mér ofviða og líkt og svo oft áður leitaði ég til föður míns. Hvað þýðir þetta? Spurði ég hann. Hverju hann svaraði man ég ekki. Næsta spurning var: vil ég það? Svarinu við þeirri spurningu mun ég aldrei gleyma. Það var: nei. Hann gerði mér vissulega grein fyrir því að ég yrði að mynda mér sjálf skoðun um þetta málefni en engu að síður sat svarið fast í huga mér og var ég orðin ESB andstæðingur ellefu ára gömul án nokkurar þekkingar á hugtakinu. Eftir tvo áfanga í Evrópurétti í háskólanum var ég í raun heldur ekkert nær því að vita hvað fælist í EES og ESB né hvaða áhrif það hefði á íslenskt samfélag. Ég tel það tímabært að umfjöllun um ESB og EES sé bætt í kennsluskrár framhaldsskóla landsins svo að allir geti, á upplýstan hátt, lært um kosti og galla þess út frá raunhæfum forsendum og skilið hlutverk okkar innan þess. Ég er ekki, með þessari grein, að lýsa yfir stuðningi við aðild að ESB. Ég tel hinsvegar að það sé Íslandi og íslensku samfélagi fyrir bestu að vera upplýst um stöðu okkar innan ESB og Evrópu. Óháð því hvort við gerumst aðilar eða ekki.

# Grænt hagkerfi á tímum vistkreppu

Grænt hagkerfi
Guðmundur Hörður Guðmundsson
formaður Landverndar



Nýverið vöruðu tvær virtar stofnanir við alvarlegum afleiðingum örrar mannfjölgunar, neyslumenningar Vesturlanda og aukinnar losunar gróðurhúsalofttegunda. Annars vegar lýstu forystumenn Alþjóða orkumálastofnunarinnar því hvernig heimsbyggðinni væri að mistakast að bregðast við loftslagsbreytingum og að með núverandi stefnu mætti búast við að orkunotkun og losun gróðurhúsalofttegunda tvöfaldist fyrir miðja þessa öld. Með því móti myndi hitastig hækka um sex gráður áður en þessi öld verður á enda runnin. Hins vegar birti Hið konunglega vísindafélag skýrslu sem lýsti þeim efnahagslegu og vistfræðilegu afleiðingum sem mikil og vaxandi auðlindanýting og ör mannfjölgun kann að hafa á þessari öld.

Algjör grundvallarbreyting varð á sambandi manns og náttúru á liðinni öld, sér í lagi í kjölfar síðari heimsstyrjaldar, sem leitt hefur til þeirrar vistkreppu sem við stöndum nú frammi fyrir. Mannkynið taldi tvo milljarða árið 1927, er sjö milljarðar nú og verður líklega 9 til 11 milljarðar um miðja þessa öld. Orkunotkun mannkyns var meiri á 20. öld en alla mannkynssöguna þar á undan og á einungis fimmtíu árum frá 1950 til 2000 sjöfaldaðist hagkerfið að umfangi. John McNeill orðar það svo í bók sinni Something new under the sun að þessi þróun auðlindanýtingar, mannfjölgunar, neyslu og hagvaxtar sé risastór tilraun sem mannkynið geti ekki haft stjórn á og að jörðin sjálf sé tilraunadýrið. Honum þykir svo mikið til þessarar þróunar koma að hann telur hana vera áhrifamesta framtak mannsins á 20. öld, áhrifameira en t.d. heimsstyrjaldirnar, ris og hrun kommúnismans og útbreiðsla lýðræðis. Við erum líklega á þeim tímapunkti í mannkynssögunni sem það rennur upp fyrir okkur að Jörðin sjálf setur vextinum takmörk og að okkur er nauðugur einn sá kostur að gera grundvallarbreytingar á samfélaginu.

Nýleg ályktun Alþingis um eflingu græna hagkerfisins er kannski vísir að slíkum breytingum hér á landi. Túlka má ályktun Alþingis sem tilraun til að endurskipuleggja hagkerfið þannig að það skapi velferð án þess að naga Jörðina inn að beini. Í ályktuninni er að finna mörg framfaramál, t.d. tillögur um hagræna hvata, varúðarreglu, umhverfisfræðslu, umhverfisvænar fjárfestingar og vistvæn innkaup. Tillaga um að framfarastuðullinn verði reiknaður og birtur samhliða vergri landsframleiðslu er áhugaverð, en umræða um efnahags- og atvinnumál hefur byggst um of á mælingu á hagvexti og vergri landsframleiðslu sem eru í sjálfu sér mjög ófullkomnir mælikvarðar á velgengni þjóða.

Þeir veita mjög takmarkaða sýn á samfélagið og taka t.d. ekki tillit til umhverfisspjalla og ósjálfbærrar nýtingar auðlinda. Simon Kuznets, höfundur hugtaksins verg landsframleiðsla, varaði sjálfur við því árið 1934 að verg framleiðsla yrði ein og sér notuð sem mælikvarði á árangur samfélaga og minnti á að magn og gæði færu ekki alltaf saman.

Í ávarpi til þjóðarinnar um síðustu áramót fjallaði Jóhanna Sigurðardóttir forsætisráðherra um stöðu loftslagsmála á svipuðum nótum og Alþjóða orkumálastofnunin gerði nýverið. Hún sagði að það myndi skipta sköpum fyrir framþróun lífs á Jörðinni hvernig tækist til á næstu tíu árum að stemma stigu við loftslagsbreytingum og að mikilvægt væri að Íslendingar tækju málið föstum tökum. Nýleg ákvörðun ríkisstjórnarinnar um aukin framlög til almenningssamgangna og ályktun Alþingis um græna hagkerfið eru dæmi um það hvernig orð og gerðir hafa farið saman í þessum efnum. Næsta rökrétta skref í þessa átt væri að fresta olíuleit á Drekasvæðinu með hagsmuni komandi kynslóða í huga. Það yrði markvert framlag Íslands til að hægja á aukningu losunar gróðurhúsalofttegunda á heimsvísu auk þess sem slík ákvörðun myndi vekja heimsathygli og efla til muna umhverfisvæna ímynd Íslands og íslensks hagkerfis.

> Næsta rökrétta skref í þessa átt væri að fresta olíuleit á Drekasvæðinu með hagsmuni komandi kynslóða í huga.

# Gámasala á garðvörum



Borð 80x125cm **6.990,-**
Stólar kr. **1,390,-** hvítir
Vatnskanna **890,-**
Glös kr. **125,-** ýmsir litir
Græn plast salatskál **299,-**
Diskur m/hjálmi **790,-**



Vega stólar **2.990,-**
Borð samanbrjótanlegt með ál fótum 70x115cm **9.990,-** nokkrir litir.
Glös 6 stk **890,-**
Salatskál **465,-**
Diskur með hjálmi **790,-**
Nestisbox, oval **1.290,-**

Þrýstiúðabrúsi 5 lítrar WZ-6004
**1.590,-**

Slöngutengjasett með úðara WZ-9304
**395,-**

208 3ja arma garðúðari
**325,-**

Slöngusamtengi
**98,-**
(mikið úrval tengja)

Slöngutengjasett með úðabyssu Q308
**590,-**

WZ-9019 Greinaklippur
**1.490,-**

WZ-9008 Hekk klippur 8"
**1.690,-**

Þrýstiúðabrúsi 1 líter WZ-4001
**495,-**

WZ-9006 Greinaklippur
**690,-**

**1.890,-**

**1.250,-**

Öflugar hjólbörur 90 lítra
**7.490,-**

MARGAR GERÐIR AF HJÓLBÖRUM

Garðverkfæra hirsla 52x32x20 cm
**1.390,-**

Áburðardreifari 12 ltr
**3.990,-**

1/2" slanga 15 metra með byssu og tengjum
**1.390,-**

Garðverkfærasett
**430,-**

Laufhrífa
**690,-**

Mako sterkir ruslapokar 120 lítrar 10stk
**390,-**

Garðkarfa 65L
**1,990,-**

Leirpottur ø18 cm H15 cm
**120,-**
Diskur **70,-**
(stærðir 18-52 cm)

Leirpottur ø30 cm
**295,-**

Malarhrífa verð frá
**1.390,-**

Garðkanna 5 L
**695,-**

Garðkanna 10 L
**790,-**

Garðkarfa 25L
**990,-**

Plastpottur ø26 cm H22 cm
**330,-** Diskur **130,-**

Plastpottur ø25 cm H20 cm
**370,-**
Diskur **120,-**

Leirpottur ø35cm H33 cm
**890,-**



MIKIÐ ÚRVAL AF RISAPOTTUM

Leirpottur ø31cm H25 cm
**1.250,-**



## GAS GRILL

4 brennarar
14 kw/h. (12.000Btu)
Kveikja í stillihnapp – hitamælir
Grillgrind er postulínshúðuð. 43x37 cm
Hitaplata er postulínshúðuð. 43x39 cm
Þrýstijafnari og slanga fylgir.

**37.900,-**

Jarðvegspokar 60 L
**1.090,-**

Grænmetisyfirbreiðsla
**715,-**

Jarðvegsdúkur 10x1,2 m
**1.290,-**

Strákústur 30cm breiður
**695,-**

12 lítra fata
**298,-**

| | | |
|---|---|---|
| **Reykjavík** | Kletthálsi 7 | Opið virka daga kl. 8-18, laug. 10-16 |
| **Reykjanesbær** | Fuglavík 18 | Opið virka daga kl. 8-18, laug. 10-14 |
| **Akureyri** | Furuvöllum 15 | Opið virka daga kl. 8-18, laug. 10-14 |
| **Húsavík** | Garðarsbraut 50 | Opið virka daga kl. 8-18 |
| **Vestmannaeyjar** | Flötum 29 | Opið virka daga kl. 8-18 |

Meiri gæði – Lægra verð – MÚRBÚÐIN

**MÚRBÚÐIN**

*– Afslátt eða gott verð?*

Sími 412 2500 - sala@murbudin.is - www.murbudin.is

**Neytendur athugið! Múrbúðin selur allar vörur sínar á lágmarksverði fyrir alla, alltaf. Gerið verð- og gæðasamanburð!**

# tímamót

timamot@frettabladid.is



65 **PÉTUR GUNNARSSON** rithöfundur á 65 ára afmæli í dag.

*„Við erum auðvitað öll samsett úr fortíðinni, fortíðin lifir í okkur.“*

---

✝



Innilegar þakkir fyrir samúð og hlýhug við andlát og útför eiginmanns míns, föður, tengdaföður og afa,

**INGÓLFS EINARSSONAR**
**frá Snjallsteinshöfða,**
**Karlagötu 7, Reykjavík.**

Sérstakar þakkir færum við starfsfólki á deild V-2, Dvalar-og hjúkrunarheimilinu Grund, fyrir góða umönnun.

**María Eggertsdóttir**
**Jóhann Teitur Ingólfsson**
**Halldóra Ingólfsdóttir** **Kjartan Birgisson**
**Hildur Kjartansdóttir**
**María Kjartansdóttir**

---

✝



Elskuleg móðir okkar, tengdamóðir, amma og langamma,

**LAUFEY SIGURÐARDÓTTIR**
**Mýrarvegi 111, Akureyri,**

sem lést á Sjúkrahúsinu á Akureyri föstudaginn 8. júní, verður jarðsungin frá Akureyrarkirkju mánudaginn 18. júní kl. 13.30.

**Elsa Jónasdóttir** **Sigursteinn Kristinsson**
**Gylfi Jónasson** **Guðný Kr. Kristjánsdóttir**
**Heiðdís Sigursteinsdóttir** **Jón Víkingur Árnason**
**Hjördís Sigursteinsdóttir** **Brynjar Finnsson**
**Jónas Leifur Sigursteinsson** **Ragnheiður I. Ragnarsdóttir**
**Sævar Jóhann Sigursteinsson** **Sigurbjörg Þórey Ólafsdóttir**
**Jóhannes Karl Sigursteinsson** **Harpa Þorsteinsdóttir**
**Katrín Gylfadóttir** **Hjörtur Geirmundsson**
**Kristján Rúnar Gylfason** **Helga Svava Arnarsdóttir**
**Ómar Ingi Gylfason** **Aníta Einarsdóttir**
**og langömmubörn.**

---

✝



Innilegar þakkir til allra þeirra sem sýndu okkur samúð og hlýhug við andlát og útför móður okkar, tengdamóður, ömmu, langömmu og langalangömmu,

**SÓLEYJAR ODDSDÓTTUR**
**Hrísmóum 1, Garðabæ.**

Sérstakar þakkir fær starfsfólk Hjúkrunarheimilisins Holtsbúðar, Vífilsstöðum, fyrir góða umönnun og hlýhug. Guð blessi ykkur öll.

**Sigurveig Sæmundsdóttir**
**Oddur Sæmundsson**
**Jóna Sæmundsdóttir**
**og fjölskyldur.**

---

✝



Móðir okkar, tengdamóðir, amma og langamma,

**JÓRUNN SIGRÍÐUR THORLACIUS**
**Hjaltabakka 22, Reykjavík,**

lést á Dvalarheimilinu Grund mánudaginn 11. júní. Jarðarförin auglýst síðar.

**Kristín Sigtryggsdóttir** **Ágúst Lárusson**
**Arnkell Sigtryggsson** **Tina Nielsen**
**Sigurbjörg Sigtryggsdóttir**
**Brynjar Sigtryggsson** **Sigþóra O. Sigþórsdóttir**
**Guðmundur Sigtryggsson** **Anna Magna Bragadóttir**
**Guðrún Sigtryggsdóttir** **Guðmundur Guðlaugsson**
**Elva Sigtryggsdóttir** **Þórður Björnsson**
**Óðinn Sigtryggsson** **Tipsuda Param**
**barnabörn og barnabarnabörn.**

---

✝



Elskuleg móðir okkar og tengdamóðir,

**GUÐNÝ BERGRÓS JÓNASDÓTTIR**
**fyrrum húsfreyja**
**í Norður-Hvammi í Mýrdal,**
**síðar Smáratúni 20, Selfossi,**

sem lést á Hjallatúni í Vík 8. júní sl. verður jarðsungin frá Selfosskirkju laugardaginn 16. júní kl. 11.00.

**Erla Eyþórsdóttir** **Brynjólfur Ámundason**
**Gísli Sævar Hermannson** **Hólmfríður Sigurðardóttir**
**Sjöfn Hermannsdóttir**
**Jónas Smári Hermannsson** **Anna Droplaug Erlingsdóttir**
**Hreiðar Hermannsson** **Ágústa Jónsdóttir**
**Svanhvít Hermannsdóttir** **Almar Sigurðsson**

---

**ÞETTA GERÐIST: 15. JÚNÍ 1926**

## Hornsteinn lagður að Landspítala

Þennan dag árið 1926 lögðu dönsku konungshjónin hornstein að byggingu Landspítala Íslands. Það var að frumkvæði reykvískra kvenna sem ráðist var í að reisa spítalann. Árið 1915 var frumvarp samþykkt á Alþingi sem veitti konum kjörgengi og kosningarétt til jafns við karla. Þessa merka atburðar í baráttusögu kvenna vildu konur minnast með því að hefja söfnun fyrir spítala í Reykjavík. Stofnaðir voru tveir sjóðir, annars vegar Minningargjafasjóður Landspítala Íslands, sem styrkja átti sjúklinga í fjárhagsvandræðum. Hins vegar Landspítalasjóður Íslands, sem var byggingasjóður. Framlög úr honum áttu drjúgan þátt í að koma upp elstu byggingu Landspítalans, húð- og kynsjúkdómadeild og eldri hluta kvensjúkdómadeildar. Fimmtán árum eftir að byrjað var að safna fjármunum fyrir byggingu landspítala í Reykjavík var fyrsti sjúklingurinn lagður inn á spítalann, þann 20. desember 1930.

*Heimild: Landspítali Íslands*





**VIÐ SUNDLAUGARBAKKANN** Elfa Dögg Þórðardóttir er nýr eigandi gistiheimilisins Frosts og funa í Hveragerði. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

**ELFA DÖGG ÞÓRÐARDÓTTIR:** NÝR EIGANDI FROSTS OG FUNA Í HVERAGERÐI

# Ég ætla mér mikið með þetta

„Ég var að vinna á framkvæmda- og veitusviðinu hér í Hveragerði fyrir fjórum árum. Þá sá ég meðal annars um umhverfið hérna í kringum gistiheimilið og var auðvitað búin að taka eftir því. Undanfarin tvö ár hef ég eingöngu unnið í pólitíkinni í Árborg, en mér fannst kominn tími til að minnka við mig þar. Þegar ég sá að Frost og funi var til sölu fannst mér liggja beint við að gera tilboð,“ segir Elfa Dögg Þórðardóttir, bæjarfulltrúi á Selfossi og nýr eigandi gistiheimilisins Frosts og funa í Hveragerði.

Frost og funi stendur innan um lifandi hveri á rólegum og fallegum stað á bökkum Varmár. Elfa hefur miklar hugmyndir um möguleika gistiheimilisins, sem í framtíðinni verður hótel, fáist leyfi fyrir því. „Ég ætla mér mikið með þetta. Hér hef ég mjög flottan grunn sem byggir bæði á umhverfinu og listinni. Hér eru listamannahús nefnd eftir ákveðnum listamönnum, þar sem verk þeirra hanga uppi. Mig langar að halda áfram með þetta, enda margir mjög hrifnir af þessu,“ segir Elfa Dögg. Á meðal þeirra listamanna sem herbergi eru nefnd eftir í Frosti og funa eru Karl Kvaran, Georg Guðni, Óskar Magnússon og fleiri.

Unnendur vatns og heitra potta myndu líkast til una sér vel á gistiheimilinu. „Hér eru náttúruleg gufuböð, heitir pottar og sundlaug. Áin sem rennur hér fyrir neðan er líka oft heit. Ég sé fyrir mér að byggja í kringum ána og bjóða upp á einhvers konar leirböð, en leirinn er mjög einkennandi fyrir þetta svæði,“ segir Elfa, sem er enn að taka fyrstu skrefin í breytingaátt, enda ekki nema um hálfur mánuður frá því eigendaskiptin gengu í gegn. Samfara breytingum á gistiheimilinu stefnir hún á aukna markaðssetningu, sem hún segir mikil tækifæri í, og jafnvel stækkun í framhaldinu.

Hún segir tækifærin vissulega mikil í síauknum straumi erlendra ferðamanna á sumrin, en hún líti ekki síður til Íslendinga og vetrarferðamennsku. Þar sem gistiheimilið sé skammt frá höfuðborgarsvæðinu henti staðsetningin vel fyrir saumaklúbba eða aðra hópa sem vilja gera sér glaðan dag eða smærri fyrirtæki í hópefli eða fundahöldum, þar sem góð fundaraðstaða sé á staðnum. „Það er líka mikið af dagsgönguleiðum hér í kring og auðvitað veiði í ánni. Hingað koma líka oft pör og njóta þess að slaka á í pottunum og eiga góðar stundir saman,“ segir Elfa að lokum.

holmfridur@frettabladid.is

---

✝



Innilegustu þakkir fyrir auðsýnda samúð, hlýhug og vináttu við andlát og útför ástkærrar móður okkar, tengdamóður, ömmu og langömmu,

**BERGÞÓRU GUNNBJARTAR KRISTINSDÓTTUR**
**Þykkvabæ 5, Reykjavík.**

**Svava Benediktsdóttir** **Guðmundur Birgir Salómonsson**
**Ágúst Benediktsson** **Sigríður Margrét Sigurðardóttir**
**Gréta Benediktsdóttir** **Kristján Knútsson**
**Ásta Benediktsdóttir** **Sigmar Arnar Steingrímsson**

---

### Merkisatburðir

**1219** Valdimar sigursæli Danakonungur leggur Eistland undir sig.

**1752** Benjamin Franklin uppgötvar að elding er rafmagn.

**1829** Kambsránsmenn eru dæmdir í hæstarétti og hljóta sex þeirra hýðingu (allt að 81 högg) en einn er dæmdur í ævilanga þrælkunarvinnu.

**1926** Almannafriður á helgidögum þjóðkirkjunnar er lögfestur.

**1952** Byggðasafn er opnað í Glaumbæ í Skagafirði.

**1985** Á Bæ í Lóni er afhjúpaður minnisvarði um Úlfljót lögsögumann, sem tók saman fyrstu lög íslenska þjóðveldisins.



## BÍTLADJASS Á JÓMFRÚNNI

**Feðginin Stefán S. Stefánsson og Erla Stefánsdóttir koma fram á tónleikum á Jómfrúartorgi á morgun kl. 15. Auk þeirra skipa hljómsveitina trompetleikarinn Snorri Sigurðarson, píanóleikarinn Vignir Þór Stefánsson, bassaleikarinn Birgir Bragason og trommuleikarinn Erik Qvick. Þau flytja eigin útsetningar af tónlist Bítlanna.**


## MIKIÐ ÚRVAL BRÚÐARGJAFA




*Sérstök brúðkaupsgjöf*

Öll brúðhjón fá glæsilega svuntu með nöfnum sínum og brúðkaupsdegi ísaumuðum.






Íslensk kennslubók í matreiðslu fylgir.

Gildir um KitchenAid hrærivélar.

KitchenAid
FOR THE WAY IT´S MADE

Einar Farestveit & Co.hf.
Borgartúni 28 • Sími: 520 7900 • ef@ef.is • www.ef.is





**STERKUR KJÚKLINGUR** Grillaður Holtakjúklingur í sterkum kryddlegi með hvítlaukssósu og kartöflubátum. Fylgist með kl. 21.30 í kvöld á ÍNN. MYND/VILHELM

# ELDAÐ MEÐ HOLTA

**HOLTA KYNNIR** *Sjónvarpskokkurinn Kristján Hlöðversson í þáttunum Eldað með Holta á ÍNN gefur kjúklingauppskriftir alla föstudaga. Hér er hann með grillaðan kjúkling í sterkum kryddlegi með rósmarínkartöflum.*

Matreiðslumaðurinn Kristján Þór Hlöðversson sér um þáttinn Eldað með Holta á sjónvarpsstöðinni ÍNN. Þar matreiðir hann skemmtilega og litríka rétti með Holtakjúklingi frá Reykjagarði. Næstu föstudaga mun hann bæta um betur með girnilegum kjúklingaréttum á forsíðu Fólks. Hér er hann með uppskrift að grilluðum kjúklingi í sterkum kryddlegi með kartöflubátum sem velt er upp úr rósmarínkryddblöndu og heimalagaðri hvítlaukssósu. Einfaldur og þægilegur réttur sem tilvalið er að skella á grillið. Hægt er að fylgjast með Kristjáni matreiða þennan girnilega rétt í kvöld klukkan 21.30 á sjónvarpstöðinni ÍNN. Þættirnir eru endursýndir yfir helgina en einnig er hægt að horfa á þá á heimasíðu ÍNN, www.inntv.is.



## GRILLAÐUR KJÚKLINGUR, KARTÖFLUBÁTAR OG HVÍTLAUKSSÓSA

**STERKUR KRYDDLÖGUR**
1 dl corn-olía
1 msk. tabasco-sósa
1 tsk. salt
1 tsk. tom yum-mauk
1 tsk. red curry frá Thai Choice
1/2 poki fersk steinselja
2 stk. rauður chili-pipar, fræhreinsaður
Öllu blandað saman með töfrasprota.

**KJÚKLINGURINN**
1/2 Holtakjúklingur, látinn liggja í kryddleginum í 40 mínútur og síðan grillaður í um 40 mínútur

**RÓSMARÍNKARTÖFLUBÁTAR**
1/2 dl corn-olía
3 tsk. rósmarín
1 msk. sojasósa
Salt og pipar
Kartöflur skornar í sex báta, velt upp úr leginum og grillaðar í um 20 mínútur.

**HVÍTLAUKSSÓSA**
180 ml sýrður rjómi, 10%
1 dós hrein jógúrt
1 tsk. kraminn hvítlaukur
söxuð steinselja
2 tsk. hrásykur
1 tsk. grófur svartur pipar og salt
Allt hrært saman í skál


Sumar tilboð NINGS

- Djúpsteiktar rækjur með súrsætri sósu
- Wok steiktar eggjanúðlur með karrý og grænmeti
- Kjúklingur og grænmeti Kung Pao
- Stökkt svínakjöt og grænmeti orange
- Jasmín hrísgrjón og soyasósa.

3790 krónur fyrir tvo
1895 krónur á mann
Tilboðið er eingöngu fyrir 2 eða fleiri

Veru vinur okkar á facebook. Drögum út 20 vinningshafa í sumar á facebook, vertu með.

2 l. af Pepsi eða Pepsi Max á ...
99 krónur
þegar þú kaupir Sumartilboð Nings

Nings-is kókós eða mangó
149 krónur
í allt sumar



Suðurlandsbraut 6 • Stórhöfða 17 • Hlíðasmára 12 • sími 588 9899 • www.nings.is

# GÓÐ RÁÐ VIÐ BÍLÞVOTTINN

*Bíleigendum bjóðast margir kostir þegar kemur að bílþvotti hérlendis. Þó er lítið mál að þvo og bóna bílinn heima fyrir.*

Bílaþvottur er tilvalinn kvöld- og helgarskemmtun fyrir alla fjölskylduna og ekki skemmir fyrir að hafa duglega litla aðstoðarmenn. Við bílaþvott heima fyrir er gott að hafa nokkur atriði í huga.

**VEÐRIÐ**
Skemmtilegast er að þvo bíl og bóna í góðu veðri þegar sólin skín þótt það sé að sjálfsögðu ekkert skilyrði. Séu bíleigendur svo lánsamir að eiga bílskúr, eða hafa aðgang að einum slíkum, er rigning og kuldi engin afsökun. Í sól og hita má klæða sig í stuttbuxur og bol og sprauta smá vatni óvart á vinnufélaga sína.

**DUGLEGIR AÐSTOÐARMENN**
Bílaþvottur getur auðveldlega orðið hin besta fjölskylduskemmtun. Börn og unglingar hafa gott af því að kynnast vinnu og fjölmörg verkefni eru í boði fyrir ungar hendur. Samfara bílaþvotti og bóni má taka til í bílnum og strjúka af og hreinsa bílinn að innan. Einnig er hægt að fela ungviðinu sérstök verkefni, til dæmis að þvo bílfelgur og henda drasli sem safnast hefur undir sætum eða í ruslapokum.

**HRESSING**
Hollur og góður biti hressir og kætir duglega vinnumenn á öllum aldri auk þess sem kaldir drykkir svala þorsta þegar hlé er tekið á vinnu. Það er þó ekkert sem bannar óhollan bita enda eiga allir duglegir bílaþvottamenn skilið glaðning við og við. Ef ungir aðstoðarmenn eru með í för er tilvalið að skera niður ávexti og grænmeti í litla bita og bjóða upp á kalt vatn eða svaladrykki.

**GÓÐ TÓNLIST**
Góður vinnudagur verður enn betri ef vel valin tónlist fær að hljóma. Valið ræðst auðvitað af aldri vinnumanna en það liggur beinast við að mæla með tónlist úr kvikmyndinni Car Wash frá 1976. Gripurinn inniheldur meðal annars eitt af vinsælli lögum diskótímabilsins, „Car Wash“ sungið af Rose Royce. Af öðrum sem hljóma vel undir bílaþvotti mætti nefna Guns N‘ Roses, Miles Davis og Sykur. Útvarp Latibær hvetur síðan unga vinnumenn til dáða.



**GAMAN** Bílþvottur er hin besta skemmtun fyrir alla aldurshópa. MYND/GETTY

## BÍLL SEM GENGUR FYRIR KAFFI

**Mörgum finnst kaffi ómissandi til að koma sér í gang á morgnana en myndu þó líklega seint splæsa bolla á bílinn sinn. Það á þó ekki við alla því árið 2010 breytti hópur breskra vísindamanna 1998-árgerð af Volkswagen Scirocco í frumlega útgáfu sem þeir nefndu Car-puccino. Ástæðan fyrir að þeir völdu Scirocco tegundina var sú að þeim þótti hún líkjast tímavélinni DeLorian úr vinsælu myndunum Aftur til framtíðar. Tilraunin var hluti af sjónvarpsþáttaröðinni Bang Goes the Theory sem BBC framleiðir. Til að knýja bílinn áfram er malað kaffi hitað upp með kolum þangað til það brotnar niður í vetnisgas og kolmónoxíð. Gasið er síðan kælt og síað og leitt inn í vélina þar sem það brennur og knýr vélina áfram.**

**Í fyrstu ferð bílsins notuðu vísindamennirnir úrgangskaffi frá kaffiverksmiðju. Ferðin náði frá London til Manchester og bilaði bíllinn nokkrum sinnum á leiðinni.**

**Þessi kaffibrennslubíll sigraði síðar heimsmeistarakeppnina um hraðskreiðasta bílinn sem gengur fyrir lífrænum úrgangi. Ólíklegt er þó að framleiðendur sækist eftir framleiðsluréttinum þar sem eldsneytið á kaffibílinn er á bilinu 25 til 50 sinnum dýrara en á sambærilegan bensínbíl.**



**CAR-PUCCINO** Bíllinn gengur fyrir kaffi.



# YARIS HYBRID VÆNTANLEGUR Í SUMAR

*Toyota hefur loksins þróað hybrid vél fyrir smábílinn Yaris sem er öflugri en þær fyrri.*

**BYLTING** Þessi bíll er bylting í mengunarlitlum akstri og hefur fengið fullt hús stiga fyrir öryggi.

Nýr Yaris Hybrid er væntanlegur í ár en bílinn er bylting í mengunarlitlum akstri. Loksins hefur Toyota þróað minni hybrid-vél sem passar í Yarisinn án þess að minnka plássið inni í bílnum. Bíllinn var kynntur fyrr á árinu og hefur fengið mjög góða dóma. Prufuferðir sem farnar voru á Yaris Hybrid sýna að allt að 66% af tíma og 58% af vegalengd ferðanna var hægt að aka eingöngu á rafmagni. Nú hefur stærsti kúnnahópur Toyota aðgengi að hybrid-tækninni. Toyota gerir ráð fyrir að 20% af öllum seldum Yarisum verði hybridbílar og þess vegna er miklum peningum eytt í að auglýsa hann erlendis. Gott pláss er í bílnum og í T3 og T4 útgáfunni er snertiskjár hjá framsætinu. Bíllinn hefur fengið fullt hús stiga fyrir öryggi hjá Euro NPA. Gagnrýnendur segja að gott sé að keyra bílinn þó hann sé tiltölulega kraftlítill en þeir eru þó ánægðastir með hversu fallegur bíllinn er, bæði að utan og innan.




ÁSKRIFT AÐ STÖÐ 2 INNIHELDUR 2 2+ 2 BÍÓ 2 BÍÓ+ 2 EXTRA 2 EXTRA+ 2 NETFRELSI AUK STIGVAXANDI AFSLÁTTAR. 512 5100 | STOD2.IS | VERSLANIR VODAFONE | VERSLANIR OG ÞJÓNUSTUVER SÍMANS 800 7000



**VANDVIRKIR OG SNÖGGIR** Bílarnir eru handþvegnir með svömpum. Strákarnir hjá Splassi eru vandvirkir og snöggir. MYND/ANTON

# SPLUNKUNÝ OG GLÆSILEG BÍLAÞVOTTASTÖÐ

**VISTVÆN HANDÞRIF** *Bílaþvottastöðin Splass er ný vistvæn bílaþvottastöð við hliðina á Smáralind. Bílarnir eru handþrifnir með svömpum og einnig er boðið upp á þrif að innan. Strákarnir á stöðinni geta tekið á móti breyttum bílum á 46“ dekkjum.*

Bílaþvottastöðin Splass er splunkuný og glæsileg bílaþvottastöð sem býður tjöruhreinsun, háþrýstiþvott, handþvott, bón, Rain-x og skolun með eimuðu vatni.

„Við erum með hraða þjónustu og hver bíll tekur aðeins um tíu mínútur hjá okkur. Við getum tekið við sendibílum og bílum á allt að 46“ dekkjum eða 250 cm á hæð. Svo þarf ekki að panta tíma hjá okkur, bara mæta á svæðið,“ segir Vilhjálmur Einarsson, eigandi Splass.

„Bílarnir keyra inn á færibandi sem er það eina sinnar tegundar á landinu. Við byrjum á því að tjöruhreinsa bílinn með öflugum tjöruhreinsi frá Mjöll Frigg. Því næst fer bíllinn í gegnum háþrýstiþvott, eftir það er sápu sprautað á bílinn og hann handþveginn með svömpum. Sápan er skoluð af og bóni sprautað yfir bílinn og rain-x. Eftir það er eimuðu vatni sprautað yfir bílinn.

Þá er komið að því að bíllinn fer í gegnum fimm þurrkblásara og loks er bíllinn þurrkaður með mjúkum klútum og þurrkað úr hurðarfölsum og skotti,“ segir hann.

Hjá Splass er einnig í boði að láta þrífa bílinn að innan. „Þá eru rúðurnar þrifnar að innan, mælaborðið þrifið og bíllinn ryksugaður. Við erum líka með sérstaka mottuþvottavél sem mottunum er skellt í og þaðan koma þær hreinar og þurrar, hvort sem það eru gúmmí- eða teppamottur. Þrif að innan og utan taka um það bil hálftíma og geta viðskiptavinir okkar annaðhvort beðið í setustofunni hjá okkur eða skroppið yfir í Smáralindina sem er hér við hliðina á okkur. Viðskiptavinurinn fær svo sent SMS-skeyti þegar bíllinn er tilbúinn.

Í setustofunni eru alltaf nýjustu tímaritin og einnig er frítt WiFi í húsinu, þannig að fólk getur vafrað á netinu inni í bílnum eða á biðstofunni á meðan bíllinn er þrifinn.“

Viðskiptavinurinn greiðir fyrir þrifin í bílalúgu þannig að í raun er óþarfi að stíga út úr bílnum.

„Við afgreiðum kaffi, café latte, espresso og cappuccino í gegnum lúguna sem fólk getur drukkið í bílnum á meðan það bíður,“ segir Vilhjálmur.

Splass er vistvæn bílaþvottastöð þar sem allt frárennsli frá stöðinni fer í gegnum olíu- og sandskilju áður en það fer í frárennsliskerfið. „Það er miklu umhverfisvænna að koma með bílinn til okkar en að þrífa hann heima þar sem öll efni, sápa og tjöruhreinsir fara beint ofan í frárennslið og út í umhverfið.“



**NÝ STÖÐ** Bræðurnir Vilhjálmur og Eyjólfur Einarssynir eru nýbúnir að opna glæsilega bílaþvottastöð þar sem áhersla er lögð á góða þjónustu og gott verð.



**FRÍTT Á NETIÐ**

## OPNUNARTÍMI

***mán-föst*** *9-19*
***lau*** *10-18*
***sun*** *13-18*

## VERÐLISTI

***fólksbílar***
*2.290 kr.*
***fólksbílar með inniþrifum***
*3.690 kr.*
***jepplingar og stærri bílar***
*2.790 kr.*
***með inniþrifum*** *4.690 kr.*




**VERSLAÐ MEÐAN BEÐIÐ ER** Splass er til húsa að Hagasmára 2. Viðskiptavinir geta rölt yfir í Smáralind meðan þeir bíða eftir bílnum. Þegar bíllinn er klár eru þeir látnir vita með sms-skilaboðum.



**LÍKA AÐ INNAN**




## ÞJÓÐBÚNINGAR Á ÁRBÆJARSAFNI

**ÞJÓÐLEGT**

**Í Árbæjarsafni hafa þjóðbúningar verið í aðalhlutverki á þjóðhátíðardaginn, 17. júní, í mörg ár og eru gestir hvattir til að mæta í eigin búningi. Klukkan 16 dansa bæði börn og fullorðnir í þjóðbúningum á torgi safnsins. Glæsivagnar Fornbílaklúbbsins verða á svæðinu og skoða má nýjar sýningar í safninu nú í sumarbyrjun. Þar má nefna Farfi og fegurð – saga húsamálunar, Lög unga fólksins, sýning sem unnin var af nemendum við HÍ, Horft fyrir Horn, sýning Þórhalls Árnasonar í Listmunahorninu, Krummakrunk – hrafninn í íslensku samfélagi og Ekki snerta jörðina, sýning um leiki barna í gamla daga.**



**GÖMLU HETJURNAR** Þau eru komin aftur tuttugu árum síðar, JR, Bobby og Sue Ellen. Nýja konan í lífi Bobby er leikin af Brendu Strong sem er þekkt úr Aðþrengdum eiginkonum.

# TAKAST Á Í NÝJUM DALLAS-ÞÁTTUM

**LÍFIÐ HELDUR ÁFRAM Á SOUTHFORK** *Tuttugu árum eftir að hinir vinsælu Dallas-þættir luku göngu sinni birtast þeir á skjánum á nýjan leik. Ný þáttaröð var frumsýnd í Bandaríkjunum á miðvikudaginn og hefst á Stöð 2 17. júní.*

JR og Bobby verða ekki aðalhetjur þáttanna heldur synir þeirra, John Ross Ewing III, sonur JR og Sue Ellenar, og Christopher Ewing, ættleiddur sonur Bobby Ewing og Pamelu Ewing. Feðurnir verða að sjálfsögðu fyrirferðarmiklir í þáttunum. Tekist er á um völd og auðæfi ekki ólíkt því sem gerðist í fyrri þáttum.

Dallas-þættirnir voru fyrst sýndir árið 1978 sem minisería. Vinsældirnar urðu þvílíkar að ráðist var í framhaldsþáttaröð sem sýnd var við miklar vinsældir um allan heim allt til ársins 1991. Árið 1980 stóð heimurinn á öndinni og beið eftir þætti sem hét „Hver skaut JR?". Enginn sjónvarpsþáttur hefur enn slegið út áhorfendamet sem þá var slegið. Um 90 milljónir Bandaríkjamanna horfðu á þáttinn og 360 milljónir um allan heim. Dallas-þættirnir voru sýndir á 67 tungumálum í yfir níutíu löndum.

Nú hverfa áhorfendur aftur til Southfork-búgarðsins í Dallas, heimilis hinna auðugu olíubaróna og munu fylgjast með, í að minnsta kosti tíu þáttum, átökum innan ættarinnar. Mörg kunnugleg andlit sjást í þáttunum og þykir ýmsum sem leikararnir hafi elst vel. Larry Hagman mætir aftur sem JR, Linda Gray sem Sue Ellen og Patrick Duffy er enn Bobby Ewing. Brenda Strong kemur ný í þættina sem eiginkona Bobby en hún er þekkt sem Mary Alice úr Aðþrengdum eiginkonum. Þar að auki má sjá aftur Lucy Ewing, Ray Krebbs, hálfbróður Ewing-bræðranna, og Cliff Barnes en öll þessi nöfn ættu að hljóma kunnuglega í eyrum gamalla aðdáenda þáttanna.

Larry Hagman, sem er áttræður að aldri, er ánægður með að vera kominn aftur á Southfork sem JR, enda hefur það hlutverk lifað með honum. „Hversu margir leikarar á mínum aldri fá hlutverk og eru að gera það sem þeim þykir skemmtilegt?" spyr leikarinn. Linda Gray segir að þetta sé eins og að fara aftur á bak í tíma en sá tími hafi verið fljótur að líða. Patrick Duffy segist hins vegar ekki hafa átt von á því að leika með þessu fólki aftur en það sé sérstaklega ánægjulegt. **elin@365.is**



**NÆSTA KYNSLÓÐ** Synirnar takast á um völd og auðæfi í nýju þáttaröðinni.

**ALLTAF JR**

„Hversu margir leikarar á mínum aldri fá hlutverk?" spyr áttræður Larry Hagman.







# DAGUR VILLTRA BLÓMA

*Haldið verður upp á sameiginlegan dag villtra blóma á Norðurlöndum með kvöldgöngu 17. júní. Plöntuskoðun verður víða um land.*

Grasagarðurinn stendur fyrir kvöldgöngu um Laugarnesfjöru á sunnudagskvöldið klukkan 20. Tilefnið er Dagur villtra blóma sem árlega er haldinn á Norðurlöndunum og er gangan öllum opin.

Gengið verður um fjöruna á Laugarnestanga þar sem gróðurfar er fjölbreytt og plöntur greindar til tegunda. Fjallað verður um gróður á svæðinu og starfsemi Flóruvina kynnt. Þeir sem eiga plöntubækur og stækkunargler eru hvattir til að hafa þau meðferðis. Forstöðumaður Grasagarðsins, Hjörtur Þorbjörnsson mun leiðsegja í göngunni.

Flóruvinir standa fyrir plöntuskoðunarferðum víða um land sunnudaginn 17. júní í tilefni Dags villtra blóma. Upplýsingar um allar skoðunarferðir Flóruvina er að finna á www.floraislands.is. Þá eru farnar fræðslugöngur um Grasagarðinn alla föstudaga í júní og hefjast þær klukkan 13.00.



**ÞJÓÐARBLÓM ÍSLANDS** Holtasóley vex víða um land á melum og í þurru mólendi.

MYND/GRASAGARÐUR REYKJAVÍKUR

F **FÓLK ER KYNNINGARBLAÐ** sem býður auglýsendum að kynna vörur og þjónustu í formi viðtala og umfjallana ásamt hefðbundnum auglýsingum. Blaðið fylgir Fréttablaðinu daglega.

Útgefandi: **365 miðlar** | Ábyrgðarmaður: **Jón Laufdal**
Sölumenn: **Jónína María Hafsteinsdóttir, jmh@365.is,** s. 512 5473
**Sverrir Birgir Sverrisson, sverrirbs@365.is,** s. 512 5432
**Elsa Jensdóttir, elsaj@365.is,** s. 512-5427 | Hönnun: **Silja Ástþórsdóttir**

15. JÚNÍ 2012

# Lífið

EUROVISION-FARI OPNAR VERSLUN

VIKULEGAR TÍSKUSÝNINGAR

GLEÐI Á KJARVALSSTÖÐUM



# DRAUMUR Í KJÓS

## HRAFNHILDUR HAFSTEINSDÓTTIR LIFIR DRAUMALÍFI VIÐ MEÐALFELLSVATN UMVAFIN FJÖLSKYLDUNNI

FRÉTTABLAÐIÐ

› Lífið er á Vísi – visir.is/lifid

## HVERJIR VORU HVAR?

Fjöldi manns kíkti í miðbæ Reykjavíkur á föstudaginn var. Á veitingahúsinu 101 mátti sjá tískutvennuna **Manúelu Ósk Harðardóttur** og Önnu Lilju og á Ölstofunni var kærustuparið Karl Sigurðsson og Tobba Marínós í góðum gír eins og alltaf. Íþróttafréttamaðurinn Hjörvar Hafliðason, útvarpsmaðurinn **Auðunn Blöndal** og fótboltamaðurinn **Björgólfur Takefusa** skemmtu sér á veitingahúsinu B5.









Lífið

**UMSJÓN**
**Ellý Ármanns** elly@365.is
**Kolbrún Pálína Helgadóttir** kolbrunp@365.is

**Útgáfufélag** 365 miðlar ehf.
**Forsíðumynd** Elena Litsova
**Útlitshönnun** Arnór Bogason
**Auglýsingar** Sigríður Dagný Sigurbjörnsdóttir sigridurdagny@365.is
**Lífið** Skaftahlíð 24, 105 Reykjavík, sími 512 5000
www.visir.is/lifid

# ÍTÖLSK ENDURREISN VIÐ INGÓLFSTORG

**Bruschettur og pasta var meðal annars það sem ítalska fjölskyldufyrirtækið UNO töfraði fram fyrir gestina.**

› Sjá nánar á visir.is/lifid



Hjónin Jason Guðmundsson hjá Mikluborg og Tinna Sigurðardóttir flugfreyja á spjalli við Guðfinnu Hákonardóttur og Guðrúnu Erlings sem eru báðar kennaramenntaðar.





Ástrós Jensdóttir, Hrefna Guðmundsdóttir, Jens Páll Hafsteinsson og Hulda María Jensdóttir.

OPNUN Á UNO



Hrefna Ingólfsdóttir er ein af þremur nýju eigendum UNO. Hér er hún með systursyni sínum, Ingólfi Kjartanssyni, 10 ára.




# HERA BJÖRK EUROVISION-FARI OPNAR BÚÐ

**„Langþráður draumur um að verða búðarkona og mikil ástríða fyrir fallegum gömlum og nýjum hlutum," svarar Hera Björk þegar hún er spurð af hverju hún ætlar að opna búð á Laugaveginum á næstu dögum.**

„Við verðum á Laugavegi 83 og búðin heitir „Púkó & smart". Nafnið hefur fylgt mér og mínum lengi og segir allt sem segja þarf. Þetta er svona „yin & yang" – maður verður að vera pínu púkó til að vera smart og öfugt. Ég ætla að selja allt fyrir hreiðrið, hugann og holdið. Við verðum með fallegar heimilis- og gjafavörur, dásamlegu klæðin hennar Birtu í JUNIFORM, smá gourmet-matvöru, bækur, blöð og fleira og fleira."

**Hvað með sönginn?** „Það er allt á sömu brautinni þar. Syngja mikið og syngja meira. Fullt af spennandi hlutum í bígerð og ekkert slegið af í þeim efnum."

**Tekur Halldór eiginmaður þinn þátt í búðarrekstrinum?** „Já, við erum í þessu saman dúllurnar. Hann er viðskiptamenntaður þannig að við erum flott dúó. Ég uppfull af hugmyndum og æði áfram eins og flugdreki og hann heldur í böndin og stýrir með annarri," segir Hera.



Hera Björk Þórhallsdóttir ætlar að láta drauminn rætast og opna verslun á Laugaveginum.

# SUMAR OG SÓL
## í The Pier!

Frábær fjölskyldusófi á flottu verði!



Friday sófi
**159.900.-**
Stærð: 130x324x210 cm

Líttu á verðið!!



**25%** af sumrinu!



**25%**

Falleg polirattansett
þola að vera út í allt að -15° gráðum!
Eigum einnig til borðstofusett úr Polirattan.

Föstudag og laugardag 15.-16. júní.

# LAGER-SALA

The Pier Akureyri
**á Glerártorgi**

ATH! Lagersala er við suðurinngang Glerártorgs

**20-80%** allt á að seljast!

 AÐEINS ÞESSA TVO DAGA!!



Finndu okkur á Facebook!

Lokað í öllum verslunum The Pier 17. júní
Gleðilegan Þjóðhátíðardag!

the PIER

SMÁRATORGI 522 7860 • KORPUTORGI 522 7870 • GLERÁRTORGI 522 7880



Rósa Marta Guðnadóttir, Klara Stephensen og Kristín Jóhannesdóttir.


OPI KYNNIR:

GLÆNÝJIR SUMARLEGIR LITIR FRÁ OPI.





# GLEÐI Á KJARVALSSTÖÐUM

**Gleði ríkti á opnun sýningarinnar Gálgaklettur og órar sjónskynsins sem stendur yfir til 26. ágúst á Kjarvalsstöðum. Þar eru sýnd verk eftir tuttugu íslenska listamenn en í verkum þeirra má finna endurómun við Gálgaklettsviðfangsefni Kjarvals.**

Sjá nánar á visir.is/lifid



Gestir frá Schirn Kunsthalle í Frankfurt í Þýskalandi.



Kristján Steingrímur Jónsson og Svanhildur Konráðsdóttir.



Unnur Guðjónsdóttir hjá Kínaklúbbnum ásamt góðum félaga.



Finnur Arnarson, Haraldur Jónsson og Edda Jónsdóttir ásamt ungum sýningargesti. Í bakgrunni glittir í Sigurð Pálsson.



Birgir Snæbjörn Birgisson, Margrét Steingrímsdóttir og Jóhann Torfason.





ÆVINTÝRAEYJAN MEÐ HEMMA GUNN OG SVANSÍ

Á laugardaginn verður Ævintýraeyjan með Hemma Gunn og Svansí á Bylgjunni. Boðið verður upp á frábær tónlistaratriði og uppákomur fyrir alla fjölskylduna.
**Vertu með Bylgjunni og Olís um helgina.**

**BYLGJULESTIN ÞAKKAR** Selfyssingum frábærar viðtökur um síðustu helgi. Nú um helgina verður Bylgjulestin á Sólstöðuhátíð Víkinga í Hafnarfirði.

BYLGJULESTIN Í SUMAR

| | |
|---|---|
| 9. JÚNÍ | Selfoss |
| 16. JÚNÍ | Hafnarfjörður |
| 23. JÚNÍ | Hveragerði |
| 30. JÚNÍ | Bolungarvík |
| 7. JÚLÍ | Vestmannaeyjar |
| 14. JÚLÍ | Flúðir |
| 21. JÚLÍ | Blönduós |
| 28. JÚLÍ | Siglufjörður |
| 11. ÁGÚST | Dalvík |
| 18. ÁGÚST | Reykjavík |

ÆVINTÝRA EYJAN · olís · BYLGJAN 989


Jibbí jei!
14.-16. júní
„Body butter"-húðnæring með
25-40%
afslætti
Verðdæmi: Body butter verð áður 2490 kr. Verð nú 1485 - 1860 kr.
THE BODY SHOP
KRINGLUNNI, SMÁRALIND
GLERÁRTORGI
Sendum í póstkröfu sé þess óskað, sími 588 7299



# DRAUMUR Í KJÓS

Hrafnhildur og Bubbi með þeim Isabellu Ósk, Dögun París og Aþenu Lind.

MYND/ELENA LITSOVA

**Barnalán leikur við þau hjónin Hrafnhildi Hafsteinsdóttur og Bubba Morthens en þau eignuðust gullfallega dóttur þann 7. maí síðastliðinn og eiga því nú saman alls sex börn. Saman eiga þau dótturina Dögun París þriggja ára og fyrir á Hrafnhildur Isabellu Ósk sjö ára og Bubbi þau Hörð 21 árs, Grétu 19 ára og Brynjar 14 ára.**

**Lífið náði tali af Hrafnhildi í Kjósinni við Meðalfellsvatn þar sem þau hjón búa. Haldið var upp á skírn dóttur þeirra um síðastliðnu helgi en sú litla fékk nafnið Aþena Lind.**

## UPPÁHALDS

**HREYFINGIN** Cross Fit – skemmtilegasta og erfiðasta sem ég hef gert.

**DEKRIÐ** Nudd, fót- og handsnyrting og stelpudagur með vinkonum.

**MATURINN** Inverskur er bestur og verður að vera logandi sterkur.

**SLÖKUNIN** Hugleiðsla er mikilvæg og ég hugleiði á hverjum degi.

**HEIMASÍÐAN** pinterest.com – Þessi síða er snilld en systir mín benti mér á hana. Hugmyndir að öllu milli himins og jarðar.

**TÍMARITIÐ** Lifandi vísindi – elska þessa fróðleiksmola.

**SJÓNVARPSÞÁTTUR** Boardwalk Empire og How I met your mother.

### Hrifin af grískri goðafræði

Lífið spurði Hrafnhildi út í nafngiftina „ Ég hef ávallt heillast af grískri goðafræði og gyðjunni Aþenu sem er visku- og stríðsgyðja Grikkja. Þegar við fjölskyldan vissum að von væri á lítilli stelpu sátum við ófáar kvöldstundir inni í eldhúsi með börnunum og allir fengu að strika undir uppáhaldsnöfnin sín í Mannanafnabókinni. Eftir að nafnið Aþena datt inn hjá okkur kom ekkert annað til greina. Nafn Dögunar Parísar kemur einnig fyrir í grískri goðafræði og fannst okkur tengingin falleg milli systranna og nöfnin bæði hljómfögur og sterk.“

Þegar Hrafnhildur og Bubbi voru í brúðkaupsferðinni sinni í París árið 2008 komust þau að því að von væri á litlum gullmola. „París var einnig nafn í uppáhaldi og fannst mér hún kalla það nafn svolítið til sín með því að láta vita af sér í borg ástarinnar. Dögun var einnig gyðja í grískri goðafræði og er fátt fegurra en að horfa á sólaupprásina – sjá daginn taka við af nóttinni. Hún ber þetta nafn svo sannarlega með rentu því þegar hún brosir þá lýsir hún upp allt í kringum sig. Frá því ég var stelpa langaði mig í litla Isabellu og því kom aldrei annað nafn til greina á hana. Systurnar bera því allar gyðju og drottningarnöfn, enda miklar prinsessur. Bubbi býr svo sannarlega í kvennaríki í Kjósinni,“ segir Hrafnhildur og brosir.

### Prinsessur sem safna köngulóm

Spurð hvort Aþena Lind líkist einhverjum úr fjölskyldunni segir Hrafnhildur hana mjög líka eldri systir sinni Dögun París. „Ég held samt að þessi verði bláeygð en Dögun er með dökkbrún augu eins og ég. Isabella er með fallega blágræn augu þannig að það er smá keppni milli systranna hvaða lit hún fær en þær keppast við að eiga alls konar hluti í henni. Isabella á tær eins og hún, Dögun eyrun o.s.frv. Þær eru ótrúlega góðar við litlu systur en ég reyndi að undirbúa sérstaklega þá litlu eins og ég gat með því að sýna henni myndir og myndbönd frá því þær voru litlar þannig að þær tengja við þegar þær voru einu sinni miðpunktur athyglinnar. Það hefur einnig hjálpað að Aþena er ótrúlega vær og góð og því hefur þetta gengið mjög vel.“

Þrátt fyrir prinsessufansinn segir Hrafnhildur þær systur miklar sveitastelpur. „Þær eru miklar áhugamanneskjur um orma og köngulær. Dögun París safnar köngulóm þessa dagana og kemur með þær inn í hús og sleppir þeim svo aftur út við mikinn fögnuð mömmu sinnar. Þær tína orma og veiða með pabba í vatninu, gefa hestunum brauð sem búa fyrir ofan húsið okkar Fagraland en handan girðingarinnar er að finna kindur með nýfædd lömb, hesta og kýrnar mæta í halarófu og það er hægt að stilla klukkuna eftir því hvenær þær halda aftur heim að Meðalfelli sem er næsti bóndabær.“

### Draumur í Kjós

Þegar Hrafnhildur er spurð hvernig lífið sé í Kjósinni skortir ekki svörin og ánægjutónninn í röddinni leynir sér ekki. „Það er yndislegt að búa í Kjósinni og vera í svo mikilli snertingu við náttúruna og tengingin við sjálfið sterk. Einnig finn ég hvernig böndin á milli okkar í fjölskyldunni styrkjast. Að sjálfsögðu eru kostir og gallar við að vera 45 mínútur að komast í bæinn en kostirnir eru svo margfalt stærri. Það sem mér finnst einnig gott við að búa hér er fólkið. Þegar eitthvað ber út af eins og t.d. í vetur þegar allt var ófært út af snjó, þá voru bændur ekki lengi að mæta á traktorum og moka mann út. Þegar eitthvað kemur upp á þá finnur maður hve dýrmætt er að búa í litlu samfélagi þar sem velvilji er mikill milli fólks og það duglegt að hjálpast að.“

Hrafnhildur viðurkennir að það muni óneitanlega um fjölgunina í fjölskyldunni og handtökin vægast sagt ófá þessa dagana. „Það er í nógu að snúast hjá okkur en ég ætla að njóta sumarsins fram í fingurgóma eftir langan og snjóþungan vetur hér í sveitinni. Stelp-

Framhald á síðu 8






„Það er svo gaman að skoða gamlar myndir og segja sögur af dýrmætum augnablikum til að halda þeim lifandi og eins og sagt er þá segir mynd oft meira en þúsund orð.

MYND/ELENA LITSOVA





MYND/ELENA LITSOVA

## Framhald af síðu 7

urnar eru komnar í sumarfrí og svo koma stóru börnin í heimsókn og þá gerum við mikið af því að halda súpuveislur og Bubbi bakar brauð. Ég er að hvetja hann til að láta verða af því að búa til brauðbók því brauðin hans eru með því allra besta sem ég hef smakkað. Það nýjasta nýtt er brauð næstum án samviskubits því það er sykur og gerlaust.“

> **Stærsta óskin mín er að fjölskyldan mín sé heilbrigð og er ég þakklát fyrir hvern dag sem svo er.**




### Oft erfitt að finna jafnvægi

„Ég er í góðu starfi í Háskólanum í Reykjavík þar sem ég er verkefnastjóri MBA-námsins sem er meistaranám fyrir stjórnendur. Þar nýtur reynsla mín sín vel en ég tók gráðu í markaðsfræði í Kúala Lúmpúr í Malasíu og BA í almanntengslum á Nýja-Sjálandi. Ég ákvað að taka mér í fyrsta sinn ár í fæðingarorlof því það er oft erfitt að finna jafnvægi milli þess að vera í ábyrgðarmiklu og krefjandi starfi og vera mamma. Því ákvað ég að taka mér þennan tíma og ætla að njóta þess að gefa stelpunum mínum 100% athygli þennan dýrmæta tíma sem ég er heima. Oft er svo brjálað að gera hjá okkur mömmunum. Við klárum vinnuna, brunum að ná í börnin, verslum og svo komum við heim með alla pokana og þá er farið í að ganga frá, taka til og elda.“

Hrafnhildur segist þó hafa tamið sér það að fara inn í herbergi með dætrum sínum eftir vinnudaginn og leika við þær. „Það þarf ekki að vera langur tími, bara setjast niður og leika í örlitla stund og spjalla um daginn. Það er ótrúlegt hvað þetta tengir alla saman eftir langan dag. Við erum líka með mjög skemmtilega hefð við matarborðið á kvöldin en þá förum við hringinn og allir segja frá því skemmtilegasta sem gerðist þann dag – þetta er orðinn fastur liður hjá okkur og allir segja frá deginum sínum.“

### Safnar fallegum minningum og myndum

Lífið spurði Hrafnhildi nánar út myndirnar fallegu sem fylgja þessu viðtali en Hrafnhildur deildi þeim á Facebook fyrir nokkru til vina sinna og vöktu myndirnar mikla athygli. „Myndirnar eru eftir Elenu Litsova ljósmyndara en hún sérhæfir sig í að taka myndir af ungum börnum. Eftir að hafa séð myndir eftir hana varð ég gjörsamlega heilluð af notkun hennar á litum og þeirri tilfinningu sem myndirnar vöktu. Ég pantaði tíma í myndatöku og dreif alla fjölskylduna til hennar þegar Aþena Lind var aðeins 17 daga. Það er svolítið erfitt að drífa alla af stað og með svona lítinn unga en Elena er algjör fagmanneskja og þetta varð bara að skemmtilegum degi en hún tekur myndirnar í heimahúsi og notar aðeins náttúrulega birtu. Hún hitar einnig húsið upp með hitara svo að litlu krílunum verði ekki kalt og hugsar fyrir öllu.“

Hrafnhildur er mikil áhugamanneskja um myndir og segir það að eiga fallegar myndir, og þá sérstaklega af börnunum litlum, afar dýrmætt. „Þessi tími er fljótur að líða og þau að stækka svo fljótt. Það er svo gaman að skoða gamlar myndir og segja sögur af dýrmætum augnablikum til að halda þeim lifandi og eins og sagt er þá segir mynd oft meira en þúsund orð. Eitt af markmiðunum mínum núna er að klára að sortera allar þessar mörg þúsund myndir sem ég hef tekið í gegnum árin og ekki prentað út, klára myndaalbúmin, búa til minningabækur og setja upp myndavegginn sem á að vera prýddur myndum af fjölskyldunni og öllum börnunum.“

### Gott að láta sig dreyma

**Hvers óskar svo Hrafnhildur Hafsteinsdóttir, margra barna móðir og framakona, sér í framtíðinni?**

„Það er gaman að segja frá því að ég á fallegan óskakassa sem vinkona mín gaf mér fyrir nokkrum árum og reglulega skrifa ég niður markmið, drauma og óskir og set í kassann. Stærsta óskin mín er að fjölskyldan mín sé heilbrigð og er ég þakklát fyrir hvern dag sem svo er. Ég á líka fullt af veraldlegum óskum eins og að geta ferðast með fjölskyldunni og sýnt börnunum heiminn; pýramídana í Egyptalandi, hringleikahúsið í Róm, fara til Ríó á karnival og til Indlands að læra að elda góðan mat. Ég á fullt af fallegum óskum en á hverjum morgni tek ég stutta hugleiðslu og bæn og svo þakka ég alltaf fyrir það sem ég á. Það er gott að láta sig dreyma - því draumar geta ræst.“



Stóri dagurinn. Stórfjölskyldan á brúðkaupsdegi Hrafnhildar og Bubba.

MYND/EINKASAFN




VILDARÁSKRIFT AÐ STÖÐ 2 SPORT INNIHELDUR 2 SPORT 2 SPORT 2 2 SPORT 3 2 SPORT 4 2 SPORT 5 | 512 5100 | STOD2.IS | VERSLANIR VODAFONE | VERSLANIR OG ÞJÓNUSTUVER SÍMANS 800 7000



## GUÐRÚN TINNA ÓLAFSDÓTTIR

framkvæmdastjóri barnafatamerkisins Ígló

**Hefðir á þjóðhátíðardaginn hjá þér?**
Það er tvennt sem við fjölskyldan gerum alltaf. Fyrir hádegi hjólum við saman á Austurvöll en mér finnst ofsalega gaman að fylgjast með formlegri þjóðhátíðardagskrá þar og sjá allar konurnar í þjóðhátíðarbúningi. Í öðru lagi höfum við alltaf farið og horft á Brúðubílinn en Helga Steffensen og mamma voru góðar vinkonur. Brúðan Lilli api og vinir hans hafa því fylgt okkur í gegnum árin.

**Hvað ætlar þú að gera á 17. Júní?**
Eftir að stelpurnar stækkuðu vilja þær vera með vinum sínum en við höfum á síðustu árum eytt hluta af deginum á Eiðistorgi á Seltjarnarnesi þar sem stelpurnar hitta vini sína. Eldri dóttir okkar syngur í kórnum Litlu snillingarnir sem kemur fram þannig að við tökum þátt í hátíðahöldunum þar.



## KATRÍN JÚLÍUSDÓTTIR

iðnaðarráðherra

**Hvernig verður þjóðhátíðardagurinn hjá þér?**
Við fjölskyldan byrjum daginn í skemmtilegum bröns hjá frænda og vini mannsins míns. Síðan er dagurinn að mestu leyti óráðinn því að ég fór í hnéspeglun í vikunni og því ekki í standi fyrir mikl-ar göngur. Annars förum við alltaf á Rútstúnið í Kópavogi þar sem gleðin ræður ríkjum ár eftir ár. Að sjálfsögðu munum við líka koma EM inn í dagskrána.

**Hefur þú haldið í hefðir á þessum degi?**
Já, Rútstúnið síðustu ár.



## BERGLIND ICEY

framkvæmdastjóri og fyrirsæta

**Hvernig verður 17. júní hjá þér í Bandaríkjunum?**
Góð spurning. Ég er ekki oft heima á Íslandi en ég verð í New York fyrri hluta dagsins og svo í háloftunum að fljúga heim til Íslands.



**En svona yfirleitt ef þú ert stödd á Íslandi?**
Yfirleitt þá klæðist ég ljósum, sumarlegum fötum og fer niður í miðbæ Reykjavíkur, hitti vinafólk mitt og fjölskyldu. Yfirleitt er sett eitthvað gott á grillið, svo auðvitað hummar maður sautjánda júní lagið.






# VILDUM ENDURVEKJA GÖMLU TÍSKUSÝNINGARNAR

„Tískusýningarnar sem við köllum „fashion Fridays" hófust í vor og eru liður í að endurvekja tískusýningarnar sem tíðkuðust hér á árum áður á Loftleiðum, nú Reykjavík Natura, og hafa þær mælst vel fyrir meðal erlendra gesta," segir Gréta Hlöðversdóttir einn eigenda Reykjavík Concierge.

Hönnuður mánaðarins er Helga Björk Sigþórsdóttir sem er hönnuður og eigandi merkisins Mýr Design. „Hún mun sýna vor og sumarlínu sína 2012 hjá okkur hér í júní."

Tískusýningarnar verða á hverjum föstudegi í sumar kl. 17.30 á Happy Hour.

### Nútímaleg og þægileg hönnun

„Íslensk, nútímaleg og þægileg hönnun eru aðalsmerki Mýr Design," segir Helga Steinþórsdóttir. Helga hannar og framleiðir tískuvörur; úr íslensku hráefni; fatnað, töskur og skart fyrir innlendan og erlendan markað. Helga Steinþórsdóttir lærði fatahönnun og fatasaum í Fjölbrautaskóla Suðurnesja. Hún var til fjölda ára sjálfstætt starfandi. Hún hefur sýnt hönnun sína á sýningum í Austurríki, þar sem hún rekur búð með eigin hönnun, Lúxemborg og í Þýskalandi. Auk þess hefur hún haldið fjölmargar tískusýningar hérlendis.

Það eru Reykjavík Concierge og Icelandair Hotel Reykjavík Natura sem standa að þessum tískusýningum, en Reykjavík Concierge er fyrirtæki sem sérhæfir sig í að fara með erlenda gesti í hönnunar- og menningartengdar verslunarferðir.

Myndir af hönnun Helgu sem teknar voru á Reykjavík Natura rötuðu inn á heimasíðu ítalska Vogue á dögunum og því óhætt að segja að uppákoman sé strax farin að fá athygli.



Myndir frá tískusýningu Mýr Design á Reykjavík Natura síðastliðinn föstudag.




Ljósmyndir eftir Önnu Ósk af hönnun Helgu Steinþórsdóttur rötuðu á heimasíðu ítalska Vogue.

**Vefsíða Mýr Design er *www.myrdesign.net***

**Vefsíða Reykjavík Concierge er *www.reykjavikconcierge.com***





MYNDIN SEM ER AÐ SLÁ Í GEGN UM ALLAN HEIM
græna ljósið
-betra bíó
Stundum þarftu að stíga
inn í líf annarra til að komast
að því hvað vantar í þitt.
BYGGÐ Á SANNRI SÖGU
François Cluzet Omar Sy
Intouchables
Kvikmynd eftir Olivier Nakache og Eric Toledano
„Það er auðvelt að skilja af hverju þessi mynd slær í gegn í hverju landinu á fætur öðru;
sannkallaður gleðigjafi sem sendir þig hrærðan og skælbrosandi úr bíóinu!“
- Stephen Cole, The Globe and Mail
FRUMSÝND Í HÁSKÓLABÍÓI OG LAUGARÁSBÍÓI Í DAG

# KÆRASTANUM FINNST ÉG JAFNSÆT SVONA



Hól vikunnar fær hin 21 árs gamla **Erna Kristín Stefánsdóttir** frá Selfossi sem lét raka af sér allt hárið til styrktar ABC barnahjálp í vikunni. Erna hét því að raka af sér allt hárið ef hún næði að safna hálfri milljón fyrir ABC barnahjálp sem og hún gerði og rúmlega það.

Studdi Bassi kærastinn þinn þig þegar kom að því að raka hárið af? „Já, hann studdi mig mjög vel og var góður við mig á meðan á þessu stóð. Honum finnst ég jafnsæt svona og með hár, jafnvel sætari,“ segir Erna sem gaf Krabbameinsfélaginu hárið til hárkollugerðar.

## HELGARMATURINN



**Uppskrift vikunnar er yndislegt ískaffi að hætti Þorbjargar Hafsteinsdóttur úr nýju bókinni hennar Safaríkt líf þar sem hún gefur landanum uppskriftir að ljúffengum heilsudrykkjum sem svíkja engan.**

### Ískaffi

**fyrir 2**
12 ísmolar
4 tsk. skyndikaffiduft
2 dl sojamjólk eða hrísmjólk
2 dl heslihnetumjólk (jafnvel heimatilbúin)
2 hnífsoddar vanilluduft
2 tsk. xylitol eða stevía (lífrænt sætuefni)
Láttu ganga í smá stund í blandaranum.



**Smá trikk**
Settu 2 tsk. af heslihnetusmjöri út í ef þú vilt fá meira hnetubragð. Í staðinn fyrir heslihnetumjólk er hægt að nota hrísmjólk með möndlum eða vanillubragði.

**Fróðleiksmoli**
Ískaffið er góður drykkur á heitum sumardegi. Njóttu hans meðan hann er ískaldur. Þú getur líka sleppt ísmolunum eða einfaldlega hitað hann upp. Þá ertu með heitan kaffi latte, sem er auðvitað það besta á veturna þegar maður kemur inn úr snjónum og kuldanum.
*Verði þér að góðu!*






## Bílar til sölu

SPARAÐU BENSÍN!
Metan uppfærðu bílinn þinn
VéIRás
Velras.is • Sími: 555 6670
Álhella 4

Bjóðum hátækni búnað frá Bigas International srl, einum þekktasta framleiðanda á gas búnaði fyrir bifreiðar í Evrópu. Leitið tilboða í búnað og ísetningu - sparið með MetanLán til allt að 48 mánaða. velras.is



VW CADDY 1400 Bensín árg. 2007 ekinn 100þús. Ný tímareim. Ný skoðaður. Verð 1,180 með VSK.S: 898-2811.



Til sölu Lexus rx 350 exe árg '06.Ek. 54.þ. skipti mögulega á ódýrari toyotu sími 899-1581

Opel vectra station '99. Skoðaður '13 í mjög góðu standi. V. 150 þ. S. 864 9543/776 4540.

## 0-250 þús.



**Ódýr Almera, 195 þús**
Nissan Almera árg. '97, ek. 160 þús., 4d m/skotti, ssk, sko. '13. Verð 195 þús. Sími 891 9847.

## 250-499 þús.



**7 manna**
Peugot 406 station 7 manna. árg '98. Ekinn aðeins 153 þ. Bsk, nýskoðaður í mjög góðu standi. Verð aðeins 430 þ. S. 896-3044

## 2 milljónir +



Dodge Avenger. Árgerð 2008. Ekinn 72.000 km. Verð 2.600.000. Sjálfskiptur. Sparneytinn. Ný harðskeljadekk. Sími 869 6871

## Bílar óskast

Óska eftir bíl á bilinu 30-300þ. Ekki eldri en '00. Má þarfnast viðgerðar. S. 866 0784.

## Sendibílar

568 5000 NS NÝJA-SENDIBÍLASTÖÐIN

Allar stærðir sendibíla. Nýja Sendibílastöðin sími 568-5000.




Ódýr sendibílaþjónusta www.keyrsla.is S:820-3880 Heimsendingar frá 2900kr

## Húsbílar



Ford f250 árg. '94 húsbíll, skoðaður '13 í góðu standi. Uppl. í s. 581-1979/861-0096.



Peugeot '89.sparn. húsbíll,nýskoðaður,svefnpl. fyrir 4, belti í öllum sætum. V. 1350 þ. S. 899-4614/483-4614

Húsbílar og ferðavagnar.
Alhliða þjónusta.
Gerið klárt fyrir sumarið.
VéIRás
Velras.is • Sími: 555 6670
Álhella 4

## Mótorhjól



Til sölu Triumph Legend 900.árg.2000 verð 900þ uppl í síma 697-9000

## Vespur



Rafvespur með þjófavörn á tilboði 139.000kr. uppls. á www.ebilar.is s. 8960698.

## Kerrur



Tilboð 135þ.m/vsk. Topplausnir smiðjuvegi 40 s:517-7718 www. topplausnir.is

## Hjólhýsi



Til sölu Cabby 55L Cisium árgerð 2000. Myndir á www.Husvagn.is Verð kr. 1650þ. Uppl. 898-8103

Vandaðir framleiningar speglar, 9500 kr. settið. Reki ehf, Fiskislóð 57-59, S: 5622950

## Fellihýsi



Til sölu A-liner '05 fortjald og sólarsella. Uppl. s. 7789700.



NÝTT PALOMINO YEARLING 12 FETA. Til sölu nýtt fellhýsi innflutt af Seglagerðinni - ónotað (skráð 13. júní 2012). Fortjald, aukageymir, svefntjöld, aukagaskútur, festingar, grjótgrind ofl. fylgir með. Gott verð - skipti skoðuð. Nánari upplýsingar í síma 862-0052



Til sölu einstaklega vel með farið Coleman Taos'98 fellihýsi. Sólarsella, loftpúðafjöðrun, tveir gaskútar, markísa, fortj., ferða wc. Sk. '13. V. 580 þ. Engin skipti. S.8619233.



Lítið notað, vel með farið og nýskoðað Palomino Yerling 10 feta fellihýsi árgerð 2004 til sölu. Ásett verð 1250 þúsund. Aukahlutir; markísa, svefntjöld og 2 gaskútar. Engin skipti. Upplýsingar í síma 8928379

PALOMINO COLT, 9ft. Árg. 2004. Einn eigandi, lítið notað. Verð: 1,190þ S:6944881

Til sölu Fleetwood bayside 12 fet, ískapur, sturta, eldavél, sólars. rafmagn 220 volt. WC, markísa upph. sjónvarpsl. útvarp, cd. Uppl. í s. 6968054.

## Tjaldvagnar

Ægisvagn '03 til sölu. Með geymslukassa, fortjaldi og yfirbreiðslu. V. 550 þ. S. 861-7749.

## Vinnuvélar

Case trakotorsgrafa 4x4 til leigu í öll verk. MR vélar uppl. í s. 6981710 og 6161170

## Bátar



**Til sölu**
Til sölu Bayliner Capri 195 með 175hö suzuki fjórgengis mótor báturinn gengur 44 sjómílur og nýlega að utan er á góðum vagni sími 892-5855






**Skemmtibátur til sölu**
Til sölu skemmtibátur Marex 290, Sun Cruiser 2001. Báturinn er í fínu standi með öllum þægindum, gilt haffærisskírteini og tilb. til notkunar. Góður vagn fylgir. Upplýsingar í síma 660-2102

## Varahlutir







**Varahlutavaktin**
**Sími 555 6666**
Erum með varahluti fyrir Benz, VW, Skoda, MMC, Hyundai, Peugeot, Renult, Fiat, Suzuki, Dodge, Ford, Land Rover og fl. Kaupum bíla niðurrifs og uppgerðar. Ísetningar á varahlutum. Eldshöfða 6, 110 RVK. Opið 09-18 og lau. 12-16.

**Japanskar vélar Bílapartasala**
Eigum úrval varahluta í Japanska og Kóranska bíla og fleiri teg. Kaupum bíla. S. 565 3400 & 893 2284. www. japanskarvelar.is / www.carparts.is japvel@carparts.is

**VW - Skoda - Varahlutir**
Eigum varahluti í VW, Skoda og Audi og Pajero frá '02 Kaupum bíla til niðurrifs og uppgerðar. Bílabúið, Kaplahrauni 11 220 hfj. S. 534 1045.

Varahlutir í VW Golf, Polo,Yaris, Skoda Oktavia árg. '03, og Kangoo. Viðgerðir. Gírkassar. Bremsuviðgerðir, renni diska og skálar. Kaupi bíla. Uppl. í s. 892 7852.

# ÞJÓNUSTA

## Pípulagnir

**Faglærðir Píparar**
Tökum að okkur viðhald og nýlagnir, vönduð vinnubrögð mikil reynsla. Pípulagnaþjónusta Reykjavíkur S: 770 4499.

## Hreingerningar

Hreingerningaþjónusta
Þvegillinn
5 44 44 46

Hreingerningar - Bónun - Bónleysing Flutningsþrif - Þrif eftir iðnaðarmenn thvegillinn.is - Stofnað 1969 Traustir og vanir menn.

**A-Ö Þrif&Hreinlæti**
**S. 662 0662**
Hreingerningar, Flutningsþrif, Gólfbónun, Teppahreinsun og Húsgagnahreinsun.

**Vy-þrif ehf.**
Öll almenn þrif, fyrir heimili, húsfélög, fyrirtæki ofl. Gerum verðtilboð. Sími 512-4010 www.vy.is

## Garðyrkja




Smávélaviðgerðir, viðgerðir á utanborðsmótorum: Garðsláttuvélar, sláttuorf, sláttutraktorar, jarðvegsþjöppur, Gokartþjónusta, keðjusagir, rafstöðvar, einnig viðgerðir á fjórhjólum. JS Vélaverkstæði. S. 554 0661.










## Til sölu

# Bakkmyndavélar og skjáir



**1/3"SONY Color CCD Myndavél**
1、Bakkmyndavél
2、Vatnsheldni : IP68
3、IR LED ljós : 18pcs
4、IR fjarlægð : approx 10m
5、Linsuvídd : 110°, 120°
6、Straumur: DC6-20V



**5.6" Digital Skjár**
(Innolux panel)
5.6"TFT-LCD digital monitor
Skjástærð : 5.6"
Brightness : 300cd/m2
Resolution : 224640 pixels
Fyrir 2 myndavélar
Straumur : 12V/24V DC



**1/3"SONY Color CCD Myndavél**
1、Bakkmyndavél
2、Vatnsheldni : IP68
3、IR LED Ljós : 18pcs
4、IR fjarlægð : approx 10m
5、Linsuvídd : 110°, 120°
6、Straumur DC6-20V



**7" TFT-LCD skjár**
Skjástærð : 7" / 16: 9
Brightness : 350cd/m2
Resolution : 336960 pixels
Fyrir 2 myndavélar
Straumur : 12V/24V DC



**1/3"SONY Color CCD Myndavél**
1、Hliðarmyndavél
2、Vatnsheldni : IP68
3、IR LED ljós : 10 PCS
4、IR fjarlægð : approx 6m
5、Linsuvídd: 110°, 120°
6、Straumur: DC6-20V



**Bakkmyndavél**
1. Color CMOS Bakkmyndavél
2. Vatnsheldni: IP68
3. Linsuvídd: 170°
4. Straumur: DC6-16V



**7" Quad Digital Skjár**
Skjástærð : 7" / 16: 9
Brightness : 350cd/m2
Resolution : 336960 pixels
Fyrir 4 myndavélar , QUAD
Straumur : 12V/24V DC



**Bakkmyndavél**
1. Vatnsheld linsa
2. Vatnsheldni: IP 68
3. Linsuvídd: 170°
4. Straumur: DC6-16V
5. Með 3 fjarlægðarlínum

**Dalvegi 16b Sími: 554-2727**
Hugna.is

## Til sölu



**Club Car Precedent Golfbílar**
Nýir árgerð 2012
**Bensín eða Rafbílar**
4ra ára ábyrgð á rafgeymum

ORGINAL Club Car hleðslutæki fylgja rafbílunum
Tökum notaða Club Car golfbíla upp í nýja
**Vetrarsól ehf, Askalind 4. Sími 564 1864**

Hreinir Garðar
TRAUST OG ÖRUGG GARÐÞJÓNUSTA
Garðsláttur fyrir heimili, húsfélög og fyrirtæki
www.hreinirgardar.is
S.571-2000

**Er öspin til ama ?**
Fellum og fjarlægum tré. Vönduð vinnubrögð. Uppl. í s. 773 0317.

**Garðsláttur**
Fyrir einstaklinga og húsfélög. Vönduð vinna, gott verð! Sími 662 6873.

## Bókhald

Bókhald, VSK, laun, skattskýrslur og stofnun fyrirtækja. Fagleg vinnubrögð á sanngjörnu verði. Bókhald og þjónusta ehf. Sími 511 2930.

## Málarar

**Málarar**
Löggildur málari. Getum bætt við okkur verkefnum. S. 696 2748 / 698 4004 / loggildurmalari@gmail.com

## Búslóðaflutningar

Ert þú að flytja? Búslóðafl., fyrirtækjafl., píanófl. o.fl. Extra stór bíll. Flutningaþj. Mikaels. S. 894 4560 www.flytja.is. flytja@flytja.is

## Húsaviðhald

VIÐHALD
fasteignaviðgerðir
Allt viðhald ehf. annast viðhald og viðgerðir fasteigna fyrir fyrirtæki, húsfélög og einstaklinga.
Við önnumst m.a.:
• múrviðgerðir • þakviðgerðir • málningarvinnu • trésmíðavinnu • pípulagnir • raflagnir • flísalagnir.
Hringdu og við gerum þér tilboð, þér að kostnaðarlausu. • Sími 567 6699. Sendu okkur email og við gerum þér tilboð. • kristjan@vidhald.is

ÞAKMÁLUN.IS
Símar
899 2008
og
661 7444

Viðhalds Verk ehf

**Húsaviðgerðir - Nýbyggingar Tilboð ókeypis**
Múrarar, málarar, háþrýstiþvottur, smiðir- gluggar og hurðir, rafvirkjar og píparar með mikla reynslu í viðhaldi fasteigna geta bætt við sig verkum. Nýbyggingar og allt viðhald fasteigna inni og úti. Viðhaldsverk ehf S. 699 0712 & 618 7712 verk@vidhaldsverk.is

**Þakmálning frá Málningu hf til sölu**
**Fjölhúð, 110 lítrar, duga á um 500 fm. ljósgráblár litur. S. 821-9266.**
**20L fata kostar 50þ hjá framl. tilboð óskast í allt eða hluta.**

Smiður getur bætt við sig verkefnum, utan sem innanhúss. Áratuga reynsla. S. 867 7753.

K.R.S. ELDON MÚRVERKTAKAR. Múrviðgerðir og flísalagnir. Vönduð vinna Tilb./tímav. S. 896-5778.

## Tölvur

omn!s verkstæði
Ókeypis bilanagreining á tölvum.
444 9900 - Ármúli 11 - www.omnis.is

## Nudd

NUDD NUDD NUDD Slökunarnudd 101 RVK. S. 857 0740. Irena Kontulová.

## Múrarar

**MÚRVERK**
Tökum að okkur múrviðgerðir og flísalagnir. 40 ára reynsla. Björn sími 896-3035.

## Rafvirkjun

**Raflagnir, dyrasímar. S. 663 0746.**
Bjóðum hagstætt verð í töfluskipti. Straumblik ehf. Löggiltur Rafverktaki. straumblik@gmail.com

**RAFVIRKJUN S. 896 6025**
Tilboð raflagnir, töfluskipti og dyrasímakerfi. Rafneisti ehf. Lögg. rafverktaki.

# KEYPT & SELT

## Til sölu




**SUMARÚTSALA út júní 15% afsláttur af ÖLLUM vörum verslunarinnar**
Mikið úrval af saltkristalsvörum. Einnig mikið úrval af andlegum og náttúruvænum vörum. Ditto, Smiðjuvegi 4 (græn gata). Opið í sumar virka daga 11-17 Sími 517-8060 ditto.is



**Lok á heita potta og hitaveituskeljar.**
Eigum á lager stærðir, 200x200cm, 217x217cm og 235x235cm. Lokin eru 4 tommu þykk og þola 1000 kg jafnaðarþunga af snjó. Sterkustu lokin á markaðinum í dag.

Sími 777 2000 www.heitirpottar.is

**Pool borð**
3 nýleg peninga pool borð til sölu. Borðin eru í mjög góðu ástandi. Verð tilboð. S. 6150009

## Óskast keypt

**Staðgreiðum gull, demanta og úr.**
**Hringar, hálsmen, armbönd, Rolex, Cartier, Patek Philippe o.fl. Hringdu núna og fáðu tilboð þér að kostnaðarlausu! www.kaupumgull.is**
**Upplýsingar í síma 661 7000.**

**KAUPUM GULL**
**og aðra eðalmálma gegn framvísun persónuskilríkja.**
**Sigga & Timo Linnetsstíg 2, 220 Hafnarfjörður S. 565 4854 www.siggaogtimo.is**

**Kaupi gull !**
**Ég, Magnús Steinþórsson gullsmíðameistari, kaupi gull, gull peninga og gull skartgripi. Kaupi allt gull, nýlegt, gamalt og illa farið. Leitið til fagmanns og fáið góð ráð.**
**Uppl. á demantar.is í s. 699 8000 eða í Pósthússtræti 13 ( við Austurvöll ), Verið velkomin**

**KAUPUM GULL - JÓN & ÓSKAR**
**Kaupum gull til að smíða úr. Spörum gjaldeyri. Heiðarleg viðskipti. Aðeins í verslun okkar Laugavegi 61.**
**Jón og Óskar - jonogoskar.is s. 552-4910.**

## Sjónvarp

Sjónvarps/videoviðgerðir. Afsl. til elli/öryrkja. Sækjum. Litsýn - Síðumúli 35. - S. 552 7095.

## Verslun

bathmate
Bathmate er nú með CE vottun!
Meiri stinning, kraftur og lengri limur ásamt tip top reðurheilsu!
Pantana & upplýsingasími
849 0698
www.bathmate.is

# HEILSA

## Heilsuvörur

Árangur með Herbalife í yfir 30 ár. Hringdu og fáðu frían prufupakka. S. 896 4662 www.lifsstill.is/eddaborg

Taktu þér tak! Með HERBALIFE nærðu árangri. Erla Bjartmarz S. 899 4183 www.eco.is Ný netverslun: www.betriheilsa.is/erla

## Fæðubótarefni

Viltu léttast? Eða þyngjast? Prófaðu Herbalife! Ólöf 861 5356, osa@ismennt.is

## Nudd



**TANTRA NUDD**
Ekta vígsla í leyndardóma Tantra með Tantra nuddi. Einstæð upplifun fyrir pör, konur og karla. 112 Reykjav. S. 698 8301 www.tantra-temple.com

Nudd Nudd Nudd tilboð í dag, tímapantanir. Uppl. í s. 616 6469. Nuddstofan Svæði 105 Holtin.

# HEIMILIÐ

## Húsgögn



Vandaðar veggjasamstæður úr Rattanlínunni til sölu. Einnig fleira til sölu. S. 695 8844

## Dýrahald



**France Bulldog til sölu**
Erum með yndislega France Bulldog til sölu. Uppl. í síma 566 8417 www.dalsmynni.is Bjóðum raðgeiðslur Visa og Mastercard Hundaræktun með leyfi.

# TÓMSTUNDIR & FERÐIR

## Fyrir veiðimenn

Veiðileyfi í Vatnsdalsá á Barðaströnd. Nánari upplýsingar í síma 820-2200 og www.fluga.net.

## Hestamennska

TOPP HESTAR
HESTALEIGA

Reiðskólinn er hafinn. 5 daga námskeið frá mán-fös allan daginn frá 9-16 með fæði. 5-12 ára. Uppl. í síma 894 3588.

# HÚSNÆÐI

## Húsnæði í boði

**Gistiheimili - Guesthouse**
**www.leiguherbergi.is**
**1-2 manna herb.og stúdíó Funahöfða 17a -19 Rvk og Dalshraun 13 Hfj M/ baði. eldh., þurrkara og þvottavél. 824 4535.**
**Room for rent 1-2 person and studio. Funahöfða 17a -19 Rvk and Dalshraun 13 Hfj Whith Bath, kitch, washing room incl.**
**Uppl/info í S. 824 4535. www.leiguherbergi.is**

2 herb í miðbæ RVK. Húsgögn fylgja. Sameiginl. eldhús, bað og þvottaherb. í 4ja herb íbúð. V. 100 þ. 895-0482 eftir kl. 12.

Til leigu 75 fm, þriggja herbergja íbúð í mosfellsbæ laus strax allt sér uppl. í s.8970630.

Lítið herbergi til leigu með eldhúsi og baði með þvottavél. Nálægt Hlemmi. S.6615219

## Húsnæði óskast

Óskum eftir 3 - 4 herbergja íbúð til leigu í Garðabæ. Við erum að leita af langtímaleigu. Erum reglusöm, með fastar tekjur og getum borgað tryggingu. Vinsamlegast sendið póst á erlaj@hjalli.is

## Geymsluhúsnæði

**www.buslodageymsla.is**
Búslóðageymsla Olivers 150 kr. á dag hvert bretti. Starfað í yfir 25 ár. S. 567 4046 & 892 0808.

**Geymslur.com**
Frá kr. 3990 hjá Ikea í Garðabæ og Fiskislóð í Reykjavík. S. 555 3464

**www.geymslaeitt.is**
Sér geymslur frá 5 til 17 m2. Aðgangur 8-22 alla daga. Búslóðir - fyrirtæki - iðnaðarm. Upphitað og öryggisvöktun. S: 564-6500.

# ATVINNA

## Atvinna í boði

**Smíðavinna**
**Óska eftir smiðum, góð verkefnastaða.**
**Uppl. s. 696 0558.**

**Kjötvinnslan Snæfell á Egilsstöðum**
**óskar eftir að ráða metnaðarfullan og drífandi starfsmann/kjötskurðarmann. Reynsla úr kjötvinnslu eða kjötbúð er kostur, menntun í kjötiðn er kostur.**
**Umsókn berist á netfang: snaefellkjot@snaefellkjot.is**

**Bifvélavirkjum og Bifreiðasmið**
Okkur vantar vana Bifvélavirkja og einnig vanan Bifreiðasmið til starfa sem fyrst á Bílaspítalann í Hafnarfirði Þarf að vera vandvirkur reglusamur og stundvís Umsókn sendist á bsp@bsp.is Ingvi 565-4332

Kvikkfix leytar af manneskju í móttöku, lærða bifvélavirkja og mann á verkstæði. Áhugasamir sendi tölvupóst á kvikkfix@kvikkfix.is

Óska eftir múrara og flísalagningamanni. Uppl. s. 866 6291

Fiskvinnsla í Hafnarfirði, óskar eftir vönum handflökurum. Uppl. s. 897 0830

Sölufólk óskast í aukavinnu! Nánari upplýsingar á kynstrin@kynstrinoll.is og í s. 690-3569

Vantar öfluga smiði til starfa strax. Uppl. s. 893 1535 eða svalir@svalir.is - www.svalir.is

# TILKYNNINGAR

## Einkamál

**Spjalldömur 908 5500**
Opið allan sólarhringinn. Engin bið nema þegar talað er.

## Til sölu

Alltaf logn
á svölunum
Með vandaðri glerlokun verða svalirnar þínar að sannkölluðum sælureit





Skelin er söluaðili svalarlokunarkerfa frá þýska fyrirtækinu Solarlux Gmbh.

Allar póstalausar svalalokanir frá Solarlux eru gæðavottaðar. Þær eru gerðar úr hertu gleri og rafhúðuðum álprófíl. Frágangur er sérlega vandaður og snyrtilegur.



Eftir breytinguna getur þú notið útiveru í skjóli á svölunum allan ársins hring.

Vandaðir sólskálar og glerhýsi



SKELIN
Smiðjuvegi 72
200 Kópavogi
Sími 578 6300
skelinehf@skelinehf.is
www.skelinehf.is

SOLARLUX®

## Atvinna

# MÁLTÖKUMAÐUR

**Steinsmiðjan Rein leitar að máltökumanni sem gæti hafið störf sem fyrst.**

**Starfslýsing:**
Máltaka fyrir borðplötur,sólbekki og fl. úr náttúrustein. Unnið er með nýjustu stafræna tækni. Um er að ræða líkamlega auðvelt starf sem þó krefst töluverðar hugarleikfimi.

**Hæfniskröfur:**
Reynsla af lestri og eða gerð teikninga, reynsla af hvers konar smíðavinnu er mikill kostur. Almenn tölvukunnátta er nauðsynleg og þekkin á CAD umhverfi er kostur. Viðkomandi þarf að vera mjög nákvæmur og geta unnið sjálfstætt.

Áhugasamir sendi póst á siggi@rein.is og öllum umsóknum verður svarað.

## Fasteignir

# TIL SÖLU
## SUMARBÚSTAÐUR í Staðarhverfi




Bústaður og gestahús ca. 54,5m² samtals, ásamt bátaskýli ca.34,0m². Vatnabátur á kerru og 9,9ha mótor getur fylgt. Frábært útsýni, góð staðsetning við sjávarsíðu og jaðar golfvallar, í grennd við Grindavík.
**Áhugasamir velkomnir í opið hús 16. og 17. júní.**
**Ásett verð 14,4milj.**
Nánari upplýsingar gefa Jóhann 897-8300 og Gunnar 868-4479 eða go@vidskiptastofan.is

## Tilkynningar

### AUGLÝSING
### um samþykkt á breyttu deiliskipulagi, Vogar – Iðndalur, Sveitarfélaginu Vogum

Með vísan til ákvæða skipulagslaga nr. 123/2010 hefur bæjarstjórn Sveitarfélagsins Voga þann 23. maí 2012 samþykkt breytingu á deiliskipulagi fyrir Iðndal, Sveitarfélaginu Vogum.
Tillagan var auglýst skv. 1. mgr. 43. gr. skipulagslaga frá 2. apríl til 14. maí 2012. Engar athugasemdir bárust við tillöguna.
Bæjarstjórn samþykkti deiliskipulagið með þeirri breytingu frá auglýstri tillögu að húsgerð á lóðinni Iðndalur 4 er breytt úr A (iðnaðar- eða atvinnuhúsnæði á 1 hæð) í húsgerð E (íbúðir) verslun eða þjónusta með tilheyrandi skilmálum. Er það gert til samræmis við gildandi aðalskipulag, en við síðustu endurskoðun þess breyttist landnotkun á þessari lóð úr iðnaðarsvæði í miðsvæði / íbúðarsvæði. Deiliskipulagið hefur hlotið þá meðferð sem skipulagslög mæla fyrir um.
Frekari upplýsingar veitir skipulags- og byggingarfulltrúi.

Vogum, 13. júní 2012.
F.h. bæjarstjórnar
Ásgeir Eiríksson, bæjarstjóri

## Fasteignir

**EIGNAMIÐLUN**
588 9090 · www.eignamidlun.is · Síðumúla 21 · 108 Reykjavík
Frá 1957 Sala fasteigna í 55 ár
Elsta starfandi fasteignasala landsins
Félag Fasteignasala

### Hraunbær - mikið endurnýjuð – falleg og mikið endurnýjuð sameign.





Falleg talsvert endurnýjuð 3ja herbergja íbúð á 3.hæð í mjög góðu fjölbýli. Endurnýjað eldhús, baðherbergi og fl. Mjög snyrtileg endurnýjuð sameign. Innréttingar eru að mestu háglans hvíttsprautaðar í eldhúsi. Flísar og parket. Góðar svalir. **Verð 18,3 millj. Mikið áhvílandi. Allar nánari upplýsingar veitir Þórarinn M. Friðgeirsson á Eignamiðlun.**





FRÉTTIR | VIÐSKIPTI | SPORT | UMRÆÐAN | ÚTVARP | LÍFIÐ | SJÓNVARP

MEIRA SKÚBB
vísir - oft á dag




VISA
BOÐGREIÐSLUTILBOÐ
10% afsláttur ofan á Vildarafslátt ef greitt er með VISA greiðslukorti
Tilboðið gildir til 1. júlí

# VIÐ BARA GETUM EKKI BEÐIÐ

## SÉRSTÖK FORSÝNING Í KVÖLD KL. 20.55

Ewing-fjölskyldan er mætt aftur í glænýrri þáttaröð af Dallas eftir 20 ára hlé. Fyrsti þátturinn var frumsýndur í Bandaríkjunum á miðvikudagskvöld og þættirnir verða á dagskrá Stöðvar 2 á sunnudagskvöldum. Við getum ekki beðið og forsýnum því fyrsta þáttinn í kvöld klukkan 20.55. Bobby, JR og Sue Ellen eru mætt aftur ásamt nýrri kynslóð sem berst um völdin í Ewing-fjölskyldunni.

HORFÐU HVAR SEM ER, HVENÆR SEM ER.

Í bústaðnum • í snjallsímanum • á spjaldtölvunni • í tölvunni

VILDARÁSKRIFT AÐ STÖÐ 2 INNIHELDUR AUK STIGVAXANDI AFSLÁTTAR

512 5100 | STOD2.IS | VERSLANIR VODAFONE | VERSLANIR SÍMANS

## krossgáta



**LÁRÉTT**
**2.** kaups, **6.** í röð, **8.** persónufornafn, **9.** veitt eftirför, **11.** í röð, **12.** ábót, **14.** spaug, **16.** skóli, **17.** kverk, **18.** stansa, **20.** ung, **21.** flokka.

**LÓÐRÉTT**
**1.** smyrsl, **3.** kraðak, **4.** land, **5.** sár, **7.** verkfæri, **10.** að, **13.** aldur, **15.** greinilegur, **16.** slunginn, **19.** til.

**LAUSN**

**LÁRÉTT: 2.** sölu, **6.** rs, **8.** sín, **9.** elt, **11.** bd, **12.** meira, **14.** glens, **16.** fg, **17.** kok, **18.** æja, **20.** ný, **21.** ráða.
**LÓÐRÉTT: 1.** krem, **3.** ös, **4.** líbanon, **5.** und, **7.** sleggja, **10.** til, **13.** rek, **15.** skýr, **16.** fær, **19.** að.


# Helgarblað
alla laugardaga



## Meistari melódíunnar sjötugur

Bítillinn Paul McCartney hefur afrekað fleira en flestir aðrir í tónlistarheiminum.

**Meðal annars efnis:**

**Tónlistin fyrir trimmið**

Sex forfallnir hlaupagikkir velja bestu hlaupalögin.




**Allt sem þú þarft**


# Óður til knattspyrnunnar

BAKÞANKAR
**Magnús Þorlákur Lúðvíksson**



Til er saga af hermanni frá Balkanskaganum sem barðist í seinni heimsstyrjöldinni og upplifði í stríðinu ólýsanlegan hrylling. Stuttu eftir að stríðinu lauk hætti hann að tala. Læknar fundu enga líkamlega áverka á manninum né greindu þeir heilaskaða. Hann gat lesið, skrifað, skilið tal annarra og fylgt skipunum. Sjálfur talaði hann hins vegar ekki við nokkurn mann, ekki einu sinni vini og fjölskyldu. Að lokum var manninum komið fyrir á sjúkraheimili fyrir slasaða hermenn og dvaldi hann þar í áratugi.

**EINN** daginn var starfsmaður á sjúkraheimilinu að hlusta á útvarpslýsingu frá fótboltaleik þar sem við áttust lið úr heimaborg hermannsins og erkifjendurnir úr nágrannaborginni. Á lykilaugnabliki í leiknum dæmdi dómarinn víti á liðið úr heimaborg hermannsins. Þögli hermaðurinn stökk þá upp úr stólnum sem hann sat í og öskraði á útvarpið sín fyrstu orð í þrjá áratugi: „Heimski fáviti, ertu að reyna að gefa þeim leikinn!" Síðan settist hann aftur niður og mælti aldrei annað orð svo lengi sem hann lifði.

**MIKILL** er máttur knattspyrnunnar yfir tilfinningalífi áhugafólks um leikinn. Ég þekki það af eigin raun eftir að hafa verið nær óvinnufær allt sumarið 2007 vegna skelfilegs gengis KR í íslensku deildinni það sumarið.

Að sama skapi virtist veröldin sérstaklega fögur síðasta sumar þegar allt gekk upp hjá mínum mönnum. Flestir þekkja dæmi af því að íþróttin hafi haft áhrif sem þessi á einstaklinga en hún getur líka haft áhrif á heilu þjóðirnar. Þannig auka stórmót í knattspyrnu viðskipti á milli keppnisþjóðanna. Þá fyllir sigur í stórmóti íbúa þess lands sem sigrar bjartsýni og ýtir þar með merkjanlega undir umsvif í viðkomandi hagkerfi. Þess vegna vonast hagfræðingar hollenska bankans ABN-AMRO eftir frönskum sigri í sumar því þeir telja efnahagslega mikilvægast fyrir Evrópu að skuldakreppan á evrusvæðinu læsi ekki klónum í Frakkland.

**FYRIR** hina sem ekki hafa áhuga á fótbolta gæti líka verið gagnlegt að hafa í huga að það hægist á flestri starfsemi í landi þegar viðkomandi landslið spilar á stórmóti. Þannig hefur komið í ljós að viðskipti í kauphöllum minnka til muna þegar landslið þess lands, sem viðkomandi kauphöll er staðsett í, spilar. Hver veit nema íslenskir miðlarar reyni að nýta sér það þegar Ísland spilar á EM 2016. Þá munu nefnilega 24 lið spila en ekki 16 eins og á mótinu í sumar.

**ÞESSA** dagana leika færustu knattspyrnumenn Evrópu um næststærstu verðlaun knattspyrnuheimsins. Þetta er veisla og það þarf ekkert að skammast sín fyrir að sýna smá ástríðu fyrir mótinu og fegurð hins fallega leiks.

## myndasögur

**Pondus** — Eftir Frode Overli




**Gelgjan** — Eftir Jerry Scott & Jim Borgman




**Handan við hornið** — Eftir Tony Lopes




**Barnalán** — Eftir Kirkman/Scott



**NÝTT**
KORTATÍMABIL

# NETTILBOÐ VIKUNNAR!

aðeins á www.hagkaup.is




**ÁRITAÐUR**
& SENDUR FRÍTT HEIM

## BUBBI - ÞORPIÐ

Nýi diskurinn með Bubba **áritaður og sendur frítt heim** að dyrum hvert á land sem er!

**2.999kr**

verð áður ~~3.299kr~~ | sendingarkostnaður ~~600kr~~

Gildir til 17. júní 2012.

# GULLPLÖTUR

SÖLUHÆSTU PLÖTUR ÍSLANDSSÖGUNNAR

GULLPLATA
FHF
FÉLAG HLJÓMPLÖTUFRAMLEIÐENDA

VERÐ FRÁ **999KR.**




Fáanlegt í Garðabæ, Kringlunni, Skeifunni og Smáralind.

Gildir til 21. júní.

24 Hagkaup
**OPIÐ**
allan sólarhringinn
Garðabær, Skeifan & Eiðistorg

HAGKAUP
Ein ferð betra verð

# BÓNUS BÓNUS BÓNUS BÓNUS BÓNUS

## NÝTT KORTATÍMABIL NÝTT KORTATÍMABIL

FRYSTI VARA
**2798 KR. KG**
DANSKT FROSIÐ NAUTARIBEYE

KJARNAFÆÐI
**1379 KR. KG**
KJARNAFÆÐI
FERSKT EINIBERJA-KRYDDAÐ LAMBALÆRI

SS
Nýtt
ÍTALÍU
Lambalæri
**1495 KR. KG**
BRAGÐ FRÁ ÍTALÍU
SS KRYDDAÐ LAMBALÆRI

Coca-Cola
**79 KR. DÓSIN**

FRYSTI VARA
**3998 KR. KG**
ÞÝSK FROSIN NAUTALUND

KS FROSIÐ LAMBA KJÖT
**3598 KR. KG**
KS FROSIÐ LAMBAFILLET

KS FROSIÐ LAMBA KJÖT
**1495 KR. KG**
KAUPFÉLAG SKAGFIRÐINGA
FROSIÐ LAMBALÆRI Í SNEIÐUM

ÓDÝRT Í BÓNUS **ÓDÝRT Í BÓNUS** ÓDÝRT Í BÓNUS
KS FROSIÐ LAMBA KJÖT
**798 KR. KG**
FROSINN LAMBABÓGUR
200 KR. VERÐLÆKKUN PR.KG.

KS
**295 KR. KG**
KAUPFÉLAG SKAGFIRÐINGA
FROSIN LAMBASVIÐ

## OPIÐ Í ÞESSUM BÓNUSVERSLUNUM FRÁ 12-18 SUNNDAG 17. JÚNÍ

HELLUHRAUN - FISKISLÓÐ - HOLTAGARÐAR - GRAFARVOGUR - KJÖRGARÐUR - SMÁRATORG - HALLVEIGARSTÍGUR - **SELFOSS - AKRANES -BORGARNES - REYKJANES - AKUREYRI**

**698 KR. 6 LTR**
COCA COLA 4 X 1.5 LTR.

Egils APPELSÍN
**198 KR. 2 LTR.**

## GÓU-ÞRENNAN
HRAUNBITAR - PRINSBITAR - ÆÐIBITAR
3 X 200 GR KASSAR
**598 KR.**

CANDYFLOSS 20 GR
**98 KR.**

ÍSLENSKUR FÁNI
**98 kr. stk**

HANDY SMOKKAR 18 STK.
HVER SKEMMTUN AÐEINS 16.5 KR.
**298 KR. 12 STK.**

## AFGREIÐSLUTÍMINN Í VERSLUNUM BÓNUS

| LAUGARDAGUR 16.JÚNI | SUNNUDAGUR 17.JÚNI |
|---|---|
| 10.00-19.00 | 12.00-18.00 |

TE & KAFFI
NÝ PAKKAÐ 400 GR
**SUMARKAFFI**
BAUNIR EÐA NÝMALAÐ
**759 KR.**

RISASTÓR SNUÐ
**198 KR.STK**

BÓNUS BÝÐUR BETUR

Hér færðu vildarpunkta VILDARPUNKTA VISA Vildarklúbbur
Finndu Bónus á Facebook



BÓNUS BÓNUS BÓNUS BÓNUS
NÝTT KORTATÍMABIL NÝTT KORTATÍMAB
NÝ UPPSKERA FRÁ FRAKKLANDI
KARTÖFLUR
259 KR.KG
ÍSLENSK PAPRIKA PÖKKUÐ
798 KR.KG
ÍSLENSKIR TÓMATAR Í LAUSU
359 KR.KG
FERSKUR STÓR ANANAS
FRÁ COSTA RÍKA CA 1,7 KG
359 KR.STK
GARÐYRKJUSTÖÐIN GUFUHLÍÐ
íslensk gúrka
ÍSLENSKAR AGÚRKUR 350 GR
149 KR STK.
AVACADO FRÁ S-AFRÍKU
495 KR. PK
PAKKAÐ 750 GR PAKKING
BÓNUS Spínat
BÓNUS SPÍNAT 200 GR
398 KR. PK
UPPFRISKANDE
EJ FILTRERAD
100% REN JUICE
PURE PINEAPPLE JUICE
PURE PINEAPPLE JUICE
Ferskur ananassafi eingöngu úr ferskum pressuðum ananas
1. litr brúsar.
398 KR. STK
AMERÍSKAR SÆTAR KARTÖFLUR
275 KR.KG.
froosh
fruit: bottled
pick me up.
in fruit we trust.
one ingredient: fruit.
no bad stuff. zilch, zero, nada.
298
KR. FLASKAN
froosh smoothie ávaxta-orkudrykkur 250ml flaska
jordbær
STRAWBERRRIES
JORDGUBBAR
1200 g
FROSIN JARÐARBER 1.2 KG
475 KR.PK.
AFGREIÐSLUTÍMINN Í VERSLUNUM BÓNUS
LAUGARDAGUR 16.JÚNI
10.00-19.00
SUNNUDAGUR 17.JÚNI
12.00-18.00
BÓNUS BÝÐUR BETUR
Hér færðu veltutengda
VILDARPUNKTA
VISA
Vildarklúbbur



**RÓMEÓ OG JÚLÍA** Leikhúsunnendum gefst kostur á að sjá marglofaða uppfærslu Vesturports á Rómeó og Júlíu í Borgarleikhúsinu 19. júní næstkomandi en tæp tíu ár eru síðan verkið var frumsýnt á Íslandi.

# TENGDÓ SIGURSÆL Á GRÍMUNNI

**Leiksýningin Tengdó eftir Val Frey Einarsson var valin sýning ársins á Grímuverðlaunahátíðinni, sem fór fram í gærkvöldi. Valur var jafnframt valinn leikari ársins í aðalhlutverki en Kristbjörg Kjeld var valin leikkona ársins fyrir Afmælisveisluna.**

Leikverkið Tengdó, samstarfsverkefni Þjóðleikhússins og leikhópsins CommonNonsense, hlaut flest verðlaun á Grímunni, íslensku sviðslistaverðlaununum, sem afhent voru í gærkvöldi. Verkið fékk alls fern verðlaun: sem sýning ársins, í flokki leikskálds, leikara í aðalhlutverki og fyrir hljóðmynd. Afmælisveislan hlaut þrenn verðlaun, þar á meðal fyrir leikstjóra ársins og leikkonu í aðalhlutverki. Leikhópurinn 16 elskendur hlaut Sprotann, sem veittur var í fyrsta skipti, fyrir Sýningu ársins en Sprotinn er veittur fyrir frumleika og framúrskarandi nýbreytni.



**MAÐUR KVÖLDSINS** Valur Freyr Einarsson gat verið sáttur við sitt á Grímuverðlaununum í gær. Leikverk hans, Tengdó, var valið sýning ársins og sjálfur hreppti hann verðlaunin sem leikskáld ársins og í flokki leikara í aðalhlutverki. Kona Vals, Ilmur Stefánsdóttir, hreppti einnig verðlaun fyrir leikmynd ársins í Hreinsun.
FRÉTTABLAÐIÐ/ERNIR



## SÝNING ÁRSINS
**Tengdó - Borgarleikhúsið - CommonNonsense**
Afmælisveislan - Þjóðleikhúsið
Hreinsun - Þjóðleikhúsið
Vesalingarnir - Þjóðleikhúsið
Heimsljós - Þjóðleikhúsið

## LEIKSKÁLD ÁRSINS
**Valur Freyr Einarsson - Tengdó**
Eiríkur G. Stephensen og Hjörleifur Hjartarson og Benedikt Erlingsson - Saga þjóðar
Auður Ava Ólafsdóttir - Svartur hundur prestsins
16 elskendur - Sýning ársins
Þór Tulinus - Blótgoðar

## LEIKSTJÓRI ÁRSINS
**Guðjón Pedersen - Afmælisveislan**
Stefán Jónsson - Hreinsun
Jón Páll Eyjólfsson - Tengdó
Selma Björnsdóttir - Vesalingarnir
Kjartan Ragnarsson - Heimsljós



## LEIKARI ÁRSINS Í AÐALHLUTVERKI
**Valur Freyr Einarsson - Tengdó**
Ingvar E. Sigurðsson - Afmælisveislan
Björn Thors - Heimsljós
Þröstur Leó Gunnarsson - Svar við bréfi Helgu
Hilmir Snær Guðnason - Heimsljós

## LEIKKONA Í AÐALHLUTVERKI
**Kristbjörg Kjeld - Afmælisveislan**
Kristbjörg Kjeld - Svartur hundur prestsins
Guðrún Snæfríður Gísladóttir - Dagleiðin langa
Ólafía Hrönn Jónsdóttir - Beðið eftir Godot
Unnur Ösp Stefánsdóttir - Eldhaf

## LEIKARI ÁRSINS Í AUKAHLUTVERKI
**Björn Thors - Afmælisveislan**
Hallgrímur Ólafsson - Hótel Volkswagen
Jóhann Sigurðarson - Fanny & Alexander
Erlingur Gíslason - Afmælisveislan
Hilmir Snær Guðnason - Dagleiðin langa
Eggert Þorleifsson - Afmælisveislan

## LEIKKONA ÁRSINS Í AUKAHLUTVERKI
**Ólafía Hrönn Jónsdóttir - Heimsljós**
Arnbjörg Hlíf Valsdóttir - Vesalingarnir
Harpa Arnardóttir - Sjöundá
Charlotte Bøving - Fanny & Alexander
Margrét Vilhjálmsdóttir - Svartur hundur prestsins

## LEIKMYND ÁRSINS
**Ilmur Stefánsdóttir - Hreinsun**
Snorri Freyr Hilmarsson - Svar við bréfi Helgu
Dorte Holbek - Matarleikhús - Völuspá
Finnur Arnar Arnarsson - Vesalingarnir
Vytautas Narbutas - Fanny & Alexander

## BÚNINGAR ÁRSINS
**Filippía Elísdóttir - Töfraflautan**
Halla Gunnarsdóttir - Kirsuberjagarðurinn
María Th. Ólafsdóttir - Vesalingarnir
Þórunn Sigríður Þorgrímsdóttir - Fanny & Alexander
Filippía Elísdóttir - La Bohème

## LÝSING ÁRSINS
**Halldór Örn Óskarsson - Hreinsun**
Páll Ragnarsson - Töfraflautan
Björn Bergsteinn Guðmundsson - Svar við bréfi Helgu
Lárus Björnsson, Ólafur Ágúst Stefánsson - Vesalingarnir
Súni Joensen - Ævintýri Múnkhásens

## TÓNLIST ÁRSINS
**Eiríkur G. Stephensen og Hjörleifur Hjartarson - Saga þjóðar**
Ármann Guðmundsson, Eggert Hilmarsson, Þorgeir Tryggvason - Ævintýri Múnkhásens
Gísli Galdur Þorgeirsson - Svartur hundur prestsins
Leifur Jónsson, Óttar Sæmundsen, Sigtryggur Baldursson - Kirsuberjagarðurinn
Þorvaldur Bjarni Þorvaldsson - Gulleyjan

## HLJÓÐMYND ÁRSINS
**Davíð Þór Jónsson - Tengdó**
Eiríkur G. Stephensen og Hjörleifur Hjartarson - Saga Þjóðar
Þorvaldur Bjarni Þorvaldsson, Sigurvald Ívar Helgason - Vesalingarnir
Gísli Galdur Þorgeirsson - Svartur hundur prestsins
Hallur Ingólfsson - Eldhaf



## SÖNGVARI ÁRSINS
**Þór Breiðfjörð - Vesalingarnir**
Þóra Einarsdóttir - Töfraflautan
Egill Ólafsson - Vesalingarnir
Þóra Einarsdóttir - La Bohème
Gissur Páll Gissurarson - La Bohème

## DANSARI ÁRSINS
**Ásgeir Helgi Magnússon - Á vit...**
Ásgeir Helgi Magnússon - Fullkominn dagur til drauma
Cameron Corbett - Fullkominn dagur til drauma
Þyrí Huld Árnadóttir - Fullkominn dagur til drauma
Emilía Benedikta Gísladóttir - Minus 16

## DANSHÖFUNDUR ÁRSINS
**Anton Lachky í samvinnu við dansara; Aðalheiður Halldórsdóttir, Ásgeir Helgi Magnússon, Cameron Corbett, Emilía Benedikta Gísladóttir, Hannes Þór Egilsson, Inga Maren Rúnarsdóttir, Lovísa Ósk Gunnarsdóttir og Þyrí Huld Árnadóttir - Fullkominn dagur til drauma**
Aðalheiður Halldórsdóttir, Ásgeir Helgi Magnússon, Cameron Corbett, Emilía Benedikta Gísladóttir, Hannes Þór Egilsson, Hjördís Lilja Örnólfsdóttir, Inga Maren Rúnarsdóttir, Lovísa Ósk Gunnarsdóttir og Þyri Huld Árnadóttir - Á vit...
Ásgeir Helgi Magnússon og Inga Maren Rúnarsdóttir - Retrograde
Tinna Grétarsdóttir - Skýjaborg
Sveinbjörg Þórhallsdóttir og Steinunn Ketilsdóttir - Belinda og Gyða

## BARNASÝNING ÁRSINS
**Skrímslið litla systir mín - Leikhúsið 10 fingur**
Skýjaborg - Tinna Grétarsdóttir í samstarfi við Þjóðleikhúsið
Gói og baunagrasið - Borgarleikhúsið - Baunagrasið

## ÚTVARPSVERK ÁRSINS
**Egils saga - RÚV-Útvarpsleikhúsið**
Fjalla-Eyvindur - RÚV-Útvarpsleikhúsið
Ástand - Gjóla ehf. og RÚV-Útvarpsleikhúsið



## SPROTI ÁRSINS
**Leikhópurinn 16 elskendur og uppfærsla þeirra á verkinu Sýning ársins**
Matarleikhús Völuspá - Teater Republique í samvinnu við Norræna húsið
Leikhópurinn Sómi þjóðar og uppfærsla hans á verkinu Gálma
Tinna Grétarsdóttir danshöfundur og verk hennar Skýjaborg
Kári Viðarson og leikhúsið Frystiklefinn í Rifi á Snæfellsnesi

## HEIÐURSVERÐLAUN GRÍMUNNAR
**Steinþór Sigurðsson** og **Sigurjón Jóhannsson** leikmyndahönnuðir voru heiðraðir fyrir framlag sitt til íslenskrar leiklistar.



í
Hörpu
17. júní
HELGI
BJÖRNS
SYNGUR
ÍSLENSKAR
DÆGUR
PERLUR
HELGI
BJÖRNS
SYNGUR
ÍSLENSKAR
DÆGURPERLUR
ÁSAMT
GESTUM
GESTIR:
EIVÖR RAGNHILDUR GÍSLA
JOHN GRANT VALDIMAR
SIGRÍÐUR THORLACIUS KK JÓN JÓNSSON
Útsetningar: Samúel J. Samúelsson
Miðasala á harpa.is

## Stjörnublik í Deiglunni

Gullaldartími kvikmyndagerðar í Hollywood er innblástur sýningar Rósu Njálsdóttur, Stjörnublik, sem verður opnuð klukkan eitt á morgun, laugardag, í Deiglunni á Akureyri. Þar gefur að líta portrett myndir af þeim leikurum og leikkonum sem heilluðu heimsbyggðina hér áður. Myndirnar eru ýmist í lit eða svarthvítar, málaðar með olíu á striga. Rósa hóf nám í olíumálun árið 2004 og er þetta hennar fjórða einkasýning.

Sýningin verður opin kl. 13-17 frá 16. júní-1. júlí, alla daga nema mánudaga og þriðjudaga.

# Tekjuháir listamenn fá ekki heiðurslaun

Strangari reglur um tekjutengingu listamannalauna í Danmörku þýða að tekjuháir listamenn sem eru á heiðurslaunum munu ekkert fá í sinn hlut. Fulltrúar allra þingflokka í Danmörku hafa komist að þessari niðurstöðu en þar í landi er unnið að endurbótum á kerfi um listamannalaun. Heiðurslaun eru nú þegar tekjutengd, en þó fá listamenn að lágmarki 16.700 danskar krónur árlega eða sem svarar tæpum 400 þúsund íslenskum krónum.

Skerðing á heiðurslaunum listamannanna hefst samkvæmt nýju reglunum ef skattskyldur tekjur eru hærri en sem nemur um 4,3 milljónum íslenskra króna.

Heiðurslaun danskra listamanna geta óskert verið allt að 276 þúsund á mánuði og samkvæmt nýju tillögunum verða um 275 listamenn úr hinum ýmsu listgreinum á heiðurslaunum.

Fleiri breytingar eru í vændum á danska kerfinu. Meðal annars munu ekklar og ekkjur listamanna ekki fá greidd heiðurslaun lengur og sjóðir sem úthluta listamannalaunum verða sameinaðir. Stjórnvöld segja breytingarnar gera kerfið skýrari og einfaldara.

Þess má geta að mikil umræða blossaði nýverið upp í Danmörku um úthlutun á listamannalaunum til hins 21 árs gamla Carls Emils Petersens. Sá er lagahöfundur hljómsveitarinnar Ulige Numre. Hann fékk úthlutað listamannalaunum til þriggja ára og fær ríflega sex milljónir ár hvert.



**PETER HØEG** Rithöfundurinn sem skrifaði metsölubókina Lesið í snjóinn er meðal þeirra sem eru á heiðurslaunum listamanna í Danmörku.




## Fossandi orgeltónar

**Alþjóðlegt orgelsumar 2012 hefst á laugardaginn en þá fer fram Orgelfoss 2012 – flæðandi orgeltónlistarstund í Hallgrímskirkju.**



**HÖRÐUR ÁSKELSSON**

**Orgelfossinn markar upphaf söfnunarátaks til styrktar orgelsjóði Klais-orgelsins í Hallgrímskirkju en fram undan eru aðkallandi viðhalds- og endurnýjunaraðgerðir. Á Orgelfossi laugardagsins koma fram íslenskir orgelleikarar, Friðrik Vignir Stefánsson, Helga Þórdís Guðmundsdóttir, Jón Bjarnason, Kári Allansson og Steingrímur Þórhallsson, og auk þess leika organistar Hallgrímskirkju, þeir Hörður Áskelsson og Björn Steinar Björnsson.**

**Orgelfossinn hefst klukkan 18 og stendur til 21. Aðgangur er ókeypis en tekið verður við frjálsum framlögum í viðgerðarsjóðinn.**

## Þjóðmál komin út

Sumarhefti Þjóðmála, tímarits um stjórnmál og menningu, er komið út.

Í blaðinu kennir ýmissa grasa. Björn Bjarnason rýnir í yfirvofandi forsetakosningar og telur kosningabaráttuna eiga eftir að verða harðari en nokkurn órar fyrir; Frosti Sigurjónsson rekstrarhagfræðingur tekur upp hanskann fyrir krónuna í grein um framtíðarskipan gjaldeyrismála; Hannes Hólmsteinn Gissurarson skrifar um göfuga villimanninn í skrifum félagsvísindamanna; og gerð er úttekt á viðskiptum Huangs Nubo við sveitarstjórnarmenn á Norðausturlandi.



**HANNES HÓLMSTEINN**

Ritstjóri Þjóðmála er sem fyrr Jakob F. Ásgeirsson.



# Erró til sölu í húsi Högnu

Í tilefni af áttræðisafmæli listamannsins Errós í sumar verður opnuð sölusýning á grafíkverkum hans frá árunum 1990 til 2010 á laugardag.

Sýningin verður haldin á óvenjulegum stað, í Brekkugerði 19, í húsi sem teiknað er af Högnu Sigurðardóttur arkitekt. Þau Erró eru nánast jafnaldrar, hafa þekkst um árabil og hafa bæði verið búsett í París mestan hluta ævi sinnar.

Verkin koma öll úr eigu listamannsins. Helmingur söluhagnaðar rennur í sjóð Guðmundu S. Kristinsdóttur, sem Erró stofnaði fyrir áratug og er notaður til að styrkja efnilegar íslenskar listakonur.

Sýningin verður opnuð klukkan 14 til 17 þann 16. júní og stendur til 2. júlí. Opnunin er öllum opin og aðgangur ókeypis.



**ERRÓ** Verður áttræður í sumar og verður efnt til sölusýningar í tilefni af tímamótunum. FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

# Til styrktar rannsóknum

Næturganga verður farin í kvöld til styrktar styrktarfélaginu Göngum saman, sem styrkir grunnrannsóknir á brjóstakrabbameini. Gengið verður frá Þingvöllum til Reykjavíkur í einni lotu og búist er við að ferðin taki tólf til fjórtán tíma.

Guðný Aradóttir, einn stofnenda félagsins, stendur fyrir göngunni og getur hver sem er lagt málinu lið með því að heita 100 krónum fyrir hvern kílómetra sem genginn er. Jafnframt er öllum áhugasömum boðið að heita á sig og taka þátt í göngunni.

Hist verður við World Class í Laugum klukkan 19 í kvöld og þaðan ekið að Vinaskógi þar sem gangan svo hefst klukkan 20. Bíll ekur með göngufólki alla leiðina svo lúnum fótum gefst alltaf tækifæri til að sitja í og hvílast í nokkra kílómetra.



**GÖNGUM SAMAN** Úr áheitagöngu í fyrra.



**STEFÁN S. STEFÁNSSON** Kemur fram á Jómfrúnni á laugardag.

# Bítladjass á Jómfrúnni

Hljómsveit feðginanna Stefáns S. Stefánssonar og Erlu Stefánsdóttur kemur fram á þriðju tónleikum djasssumartónleikaraðar veitingahússins Jómfrúrinnar við Lækjargötu á laugardag.

Erla syngur en Stefán leikur á saxófon. Auk þeirra skipa hljómsveitina trompetleikarinn Snorri Sigurðarson, píanóleikarinn Vignir Þór Stefánsson, bassaleikarinn Birgir Bragason og trommuleikarinn Erik Qvick. Þau munu flytja eigin djassútsetningar af tónlist Bítlanna.

Tónleikarnir eru frá klukkan 15 til 17. og fara fram utandyra á Jómfrúartorginu. Aðgangur er ókeypis.

## HVAÐ? HVENÆR? HVAR?

**Föstudagur 15. júní 2012**

### Gjörningar

**19.00** Farið verður í gönguferð frá Þingvöllum til Reykjavíkur þessa sumarnótt og áheitum safnað til styrktar Göngum saman, styrktarfélagi fyrir grunnrannsóknir á brjóstakrabbameini, en félagið fagnar 5 ára afmæli í ár. Öllum er velkomið að taka þátt en ferðin hefst við World Class í Laugum.

### Fræðsla

**13.00** Boðið verður upp á fræðslugöngu um Grasagarð Reykjavíkur alla föstudaga í júní. Þátttaka er ókeypis.

### Sýningar

**16.00** Salóme Fannberg opnar sýninguna Segðu það með þangi í Borgarbókasafni Reykjavíkur, Grófarhúsi, Tryggvagötu 15.

### Tónlist

**21.00** Botnleðja heldur tónleika á Gamla Gauknum. Nolo hitar upp. Miðaverð kr. 3.500.

**22.00** Hljómsveitin Homo and the Sapiens heldur tónleika á Ob-La-Dí-Ob-La-Da Frakkastíg 8. Aðgangseyrir er kr. 1.000.

**22.00** Langi Seli og Skuggarnir halda tónleika á Græna hattinum, Akureyri. Miðaverð er kr. 2.000.

**Upplýsingar um viðburði sendist á hvar@frettabladid.is.**


# Þökkum stuðninginn

Stjórn Samstöðusjóðs vegna Grímsvatnagossins hefur lokið störfum. Inn á reikning sjóðsins söfnuðust um 28 milljónir króna frá fyrirtækjum og einstaklingum.

Hér má sjá helstu verkefni sem sjóðurinn veitti stuðning, en valin voru samstarfsverkefni og einstök verkefni sem snéru flest eða öll að afleiðingum gossins.

Samstarfsverkefni:

- Samstarf við Skaftárhrepp og Vinnumálastofnun um *Brosverkefni 2011*: að hreinsa og mála grunnskólann, leikskólann og Dvalarheimili aldraðra á Kirkjubæjarklaustri.
- Samstarf við Skaftárhrepp og Vinnumálastofnun um verkefnið *Vinnandi vegur 2012*: að gera við og lagfæra skemmdir á félagsheimilinu Kirkjuhvoli og íbúðum Grunnskólans á Skerjavöllum.

Styrkir veittir til:

- Afleysingarþjónustu bændafólks í Skaftárhreppi
- Samtakanna Friður og frumkraftar, ferðaþjónustu bænda í Skaftárhreppi
- Skaftárstofu, upplýsingamiðstöðvar á Kirkjubæjarklaustri
- Björgunarsveita í Vestur-Skaftafellssýslu
- Hausthátíðar Skaftfellinga, uppskeruhátíðar 2011
- Vatnsveituframkvæmda
- Björgunarsveitarinnar Stjörnunnar til byggingar björgunarsveitarhúss
- Félags sauðfjárbænda í Skaftárhreppi
- Félags kúabænda í Skaftárhreppi
- Prestbakkakirkjusóknar
- Fræðslu- og kynningarstarfs Ómars Ragnarssonar
- Karlakórs Vestur-Skaftafellssýslu
- Heilsugæslunnar á Kirkjubæjarklaustri vegna tækjakaupa
- Skaftárrétta

Stjórn Samstöðusjóðsins og sveitarstjórn Skaftárhrepps vilja þakka fyrirtækjum, félagasamtökum og einstaklingum fyrir fjárhagslegan stuðning við verkefni sem skipta íbúana í Skaftárhreppi miklu máli. Góðar voru gjafir ykkar en vinátta og stuðningur kom einnig fram í sjálfboðaliðastarfi og aðstoð björgunarsveita, almannasamtaka, almennings og stjórnvalda.

**VERKEFNISSTJÓRN SÖFNUNARINNAR**

**Fyrirtæki sem lögðu fram fé til söfnunarinnar:**
365-miðlar
Advania
AFL-sparisjóður
Alcan á Íslandi
Alcoa Fjarðaál
Arion banki
Bergur-Huginn
Bónus
Brauðgerð Kr Jónssonar & Co
Brim
Eggert Kristjánsson
Eimskip Ísland
Eskja
Eyrir Invest
Félag eyfirskra kúabænda
Flugleiðahótel
Fóðurblandan
Gjögur
Guðmundur Runólfsson
Gullberg
Hraðfrystihús Hellissands
Hraðfrystihúsið Gunnvör
Hvalur
Hvíta húsið
Höldur
Icelandair Group
Ísfélag Vestmannaeyja
Íslandsbanki
Íslandspóstur
JÁVERK
Kaupfélag Skagfirðinga
KEA
Kjarnafæði
Kornax
Landsnet
Loðnuvinnslan, Fáskrúðsfirði
Marel Iceland
Mjólkurfélag Reykjavíkur

**Auk ofangreindra fyrirtækja lögðu eftirtaldir einstaklingar fram fé til söfnunarinnar:**
Dagmar Kristín Hannesdóttir
Eiríkur Jónsson
Elsa Sveinsdóttir
Guðjón Snæfeld Magnússon
Guðrún Erna Guðmundsdóttir
Jón Magnússon
Katrín María Magnúsdóttir
Lilja Margrét Möller
Oddný Rafnsdóttir
Stefán Guðmundsson

HVÍTA HÚSIÐ / SÍA / LJÓSM. RAGNAR TH.








# lífsstíll

lifsstill@frettabladid.is

**32% KARLMANNA** forðast það að eiga samtal við stelpu sem þeir eru skotnir í í gegnum textaskilaboð. Samkvæmt könnun sem framkvæmd var af tímaritinu TSB eru samskipti í gegnum smáskilaboð það sem þeir þola síst í tilhugalífinu. Svipað og kvenfólki þykir þeim til dæmis erfitt að finna réttu orðin og hvar sé viðeigandi að nota broskarla.

# Sauma kjóla úr gardínum

**Listaspírurnar Þyrí Huld og Rakel blanda dansi og fatahönnun saman til að sýna fólki hvernig nýta megi notaðan fatnað í samstarfi við Rauða krossinn.**



TÍSKA OG DANS Rakel og Þyrí munu glæða verslanir Rauða krossins og miðbæinn lífi í sumar. Þyrí klæðist hér hvítum kjól gerðum úr gardínum. FRÉTTABLAÐIÐ/ERNIR

**TÍSKA** „Við viljum vekja fólk til umhugsunar um endurnýtingu,“ segir dansarinn Þyrí Huld Árnadóttir sem starfar í sumar ásamt Rakel Jónsdóttur, nema í fatahönnun við Listaháskóla Íslands, við að glæða notaðar flíkur lífi. Verkefnið þeirra ber heitið Garmur Garmason og er á vegum Skapandi sumarstarfs Hins hússins.

„Við erum í samstarfi við Rauða krossinn og viljum sýna fólki hvernig nýta megi notaðar flíkur.“ Stöllurnar standa fyrir ýmsu listrænu vegna verkefnisins og eru strax byrjaðar. „Við erum búnar að gera kjól úr gardínum og ætlum að útbúa fleiri sem verða til sölu á spottprís í verslunum Rauða krossins. Svo munum við sýna hvernig breyta megi gömlum fötum í hágæða tískuvörur á Facebook-síðu verkefnisins.“

Í dag stendur tvíeykið fyrir ljósmyndasýningu. Þar verða dansarar Íslenska dansflokksins í aðalhlutverki í notuðum fötum og munu myndirnar prýða glugga verslana og kaffihúsa í Austurstræti. „Myndirnar verða til dæmis í gluggunum á Laundromat, 10-11 og Eymundsson.“

Dans spilar stóran þátt í verkefninu en Þyrí hefur vakið mikla athygli fyrir danshæfileika sína. Meðal annars í þættinum Dans dans dans og með Íslenska dansflokknum. Hún var tilnefnd sem dansari ársins á Grímuverðlaununum sem fóru fram í gærkvöldi.

Vert er að nefna að Rakel hreppti annað sæti í búningakeppni Iceland Express í vetur og mun hluti hönnunar hennar prýða nýja búninga flugfélagsins, sem verða teknir í notkun í haust.

**hallfridur@frettabladid.is**

# Píkuprump og logandi sleipiefni



FJÖR Kímnigáfa er lykilatriði í góðum samskiptum, samkvæmt Siggu Dögg.

**KYNLÍF** Kynlíf er ógeðslega fyndið. Pældu aðeins í því; píkuprump, rassaprump, sogblettur á hökunni, sleipiefni sem fær kynfærin til að loga, stuna sem vekur nágrannana, kjálki sem smellist í og úr lið, smokkur með væmnu gervibragði, skapahár á tungunni, týndur lykill að handjárnum, elskhugi sem vill láta öskra nafn sitt, blautur blettur í rúminu og svo typpi sem missir reisn. Þá eru sumar stellingar sérstaklega krefjandi og til þess fallnar að annar, eða báðir, fái krampa í einhvern líkamslim. Ég gæti haldið endalaust áfram (hefurðu fengið sæðisskot í hárið?). Það tala alltof fáir um hvað kynlíf er fyndið, vandræðalegt og skemmtilegt. Bestu partísögurnar eru oftar en ekki af sprenghlægilegum kynlífsatvikum. Kannski er þetta hluti af sjálfstrausti og því að hafa húmor fyrir sjálfum sér. Þú þarft að geta leyft þér að hlæja og hafa gaman. En ekki gleyma því að þetta er ekki spurning um að hlæja að einhverjum, heldur að hlæja saman, hvort að öðru.

Það er ógeðslega fyndið að gleyma að lesa aftan á pakkann af fljótandi latexi og smyrja svo heilan líkama með efni sem harðnar við smurningu og gerir það að verkum að viðkomandi er fastur í þeirri stellingunni sem hann var í. Nema þá að hann njóti þess að láta toga í hvert einasta líkamshár. Svo er það bláa gúmmítyppið sem angar af bláberjum og líkamsvessum elskhuganna. Tíminn er knappur og eigandi þess fálmar eftir því í myrkri sængurinnar, til þess ná að binda hnút á sleipann endann áður en upp kemst um tapaða fullnægingu og limurinn hverfur aftur til síns upprunalega krumpaða ástands.

Ég er sífellt að hamra á mikilvægi samskipta í samböndum og kynlífi. Kímnigáfa er eitt af lykilatriðum góðra samskipta og því ein af undirstöðum góðrar bólfimi. Það gerist ýmislegt í kynlífi og húmor léttir andrúmsloftið. Húmor auðveldar einnig alls kyns tilraunastarfsemi, en það er einmitt kryddið sem mörg langtímasambönd þurfa á að halda. Þannig getur kómísk kynlífsreynsla orðið að handriti fyrir pör sem vilja prófa að klæmast. Hlátur getur aukið nánd pars og styrkt tengslin á milli þeirra. Það er fátt jafn einlægt og að hlæja saman og búa til minningu sem þið getið vermt ykkur við á köldum vetrardegi. Bara eitt, það getur verið viðkvæmt að segja nýja elskhuganum frá fyrri afrekum í bólfimi og gildir sú regla einnig um kómískt kynlíf. Leyfðu þér að stunda kynlíf með bros á vör og hlátur í hjarta og heila.

**KYNLÍF: TAKTU ÞÁTT!**



Sendu **Siggu Dögg** póst og segðu henni frá vandamáli úr bólinu. Lausnin gæti birst í Fréttablaðinu.
kynlif@frettabladid.is

# krakkasíðan

krakkar@frettabladid.is




**Landnámshænan Auður frá Ölvisholti leikur hinar ýmsu listir og fær gott í gogginn að launum.**

**Krakkasíðan er í helgarblaði Fréttablaðsins**

AVEDA
THE ART AND SCIENCE OF PURE FLOWER AND PLANT ESSENCES




NÁTTÚRULEG LEIÐ TIL AÐ LAGA SKEMMT HÁR
damage remedy™ daily hair repair.
Fæst hjá Aveda í Kringlunni.
Þú finnur fleiri sölustaði á aveda.is

Hljómsveitin Sixties
Stórdansleikur á Kringlukránni
Föstudags- og laugardagskvöld
15. og 16. júní
Aðeins 1500 kr aðgangseyrir
Sjáumst.
Café/Restaurant KRINGLU KRÁIN – á góðri stund

BYLGJAN 989



Sprengisandur
kraftmikill þjóðmálaþáttur
Sigurjón M. Egilsson stýrir Sprengisandi á sunnudagsmorgnum kl. 10–12


ÚTILÍF
25%
EM AFSLÁTTUR
NÚ ER 25% AFSLÁTTUR AF ÖLLUM FÓTBOLTAVÖRUM Í TILEFNI AF EM Í FÓTBOLTA.
GERÐU GÓÐ KAUP Á FÓTBOLTUM, FÓTBOLTASKÓM, LEGGHLÍFUM OG MARKMANNSHÖNSKUM.
25% AF ÖLLUM FÓTBOLTUM
25% AF ÖLLUM FÓTBOLTASKÓM
25% AF ÖLLUM LEGGHLÍFUM
25% AF ÖLLUM HÖNSKUM
NÁÐU ÁRANGRI. ÚTILÍF – HOLTAGÖRÐUM. GLÆSIBÆ. KRINGLUNNI. SMÁRALIND. WWW.UTILIF.IS
ÍSLENSKA SIA.IS UTI 60154 06/12



**48 ÁR** fyllir leikkonan Courteney Cox í dag en hún fagnar tímamótunum líklega með dóttur sinni Coco. Cox sótti nýlega um skilnað við barnsföður og eiginmann sinn til 13 ára, David Arquette.



# Lindsay Lohan ók á vörubíl

Lindsay Lohan virðist vera einstaklega lunkin við að koma sér í vandræði en hún er ekki fyrr sloppin úr klóm réttarkerfisins í Bandaríkjunum en hún hefur verið handtekin á ný. Á föstudaginn ók Lohan bíl sínum á vörubíl og þegar lögreglan mætti á svæðið fannst opin vatnsflaska í bílnum sem var full af áfengi. Lohan mældist ekki með áfengi í blóðinu en fjölmiðlar vestanhafs segja að aðeins sé tímaspursmál hvenær leikkonan lendir aftur í steininum. Þessa dagana er Lohan við tökur á sjónvarpsmyndinni Liz & Dick þar sem hún fer með hlutverk leikkonunnar Elizabeth Taylor.








**TÖFF** Kristen Stewart er trúverðug í hlutverki sínu þegar leikar æsast, en þó ekki eins snoppufríð og Charlize Theron.

# Mjallhvít og dauðarokkarinn

Bíó ★★☆☆☆

**Snow White & the Huntsman**

Leikstjórn: Rupert Sanders

**Leikarar:** Kristen Stewart, Charlize Theron, Chris Hemsworth, Sam Spruell, Ian McShane, Bob Hoskins, Toby Jones, Eddie Marsan, Ray Winstone, Nick Frost

Allir þekkja ævintýrið um Mjallhvíti og dvergana sjö og nú hefur þessi sígilda saga verið færð í viðhafnarbúning, en eins og nafnið gefur til kynna er aðaláhersla kvikmyndarinnar Snow White & the Huntsman lögð á samband Mjallhvítar við veiðimanninn knáa. Drottningin vonda og dvergarnir sjö eru einnig á sínum stað og framan af heldur myndin sig nálægt ævintýrinu eins og við þekkjum það, þar til Mjallhvít ummyndast að lokum í brynjuklædda bardagahetju.

Fegurð er vissulega afstæð og eiginlega líður mér hræðilega að vekja máls á þessu, en hin annars huggulega Kristen Stewart kemst ekki með tærnar þar sem Charlize Theron hefur hælana hvað snoppufríðleika varðar. Spegill drottningar hlýtur því að vera annað hvort sjóndapur eða hraðlyginn. En þegar leikar æsast og Stewart byrjar að sýna klærnar verður hún bæði trúverðug og töff. Hinn hæfileikaríki Chris Hemsworth nær engu flugi í hlutverki veiðimannsins og minnir mun meira á dauðarokkstrommara á leið í áfengismeðferð en hugrakkan bjargvætt Mjallhvítar.

Það er Theron sem heldur stuðinu gangandi og hin djöfullega drottning er andstyggileg en um leið aumkunarverð. Þá eru dvergarnir sæmilega skemmtilegir og útlit myndarinnar allt sérlega glæsilegt. Í hálftíma styttri mynd hefði þetta mögulega dugað til, en líkt og í allt of mörgum nýlegum ævintýramyndum er lopinn teygður vel upp fyrir efri þolmörk. 130 mínútur af Mjallhvíti er fullmikið af hinu góða þrátt fyrir ágæta spretti hér og þar.

Haukur Viðar Alfreðsson

**Niðurstaða:** Mikið fyrir augað en minna fyrir heilann. Og rassinn steinsofnaði.



**VALDIMAR** Hljómsveitin Valdimar spilar á Þjórshátíð á laugardaginn. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON

# Þjórshátíð haldin

Hópur ungmenna sem kallar sig Ungsól er að skipuleggja náttúruverndarhátíðina Þjórshátíð sem verður haldin 16. júní í mynni Þjórsárdals í Gnúpverjahreppi.

Fjölbreytt dagskrá verður á hátíðinni. Hápunkturinn verða tónleikar undir bláhimni með fallegu útsýni yfir Heklu og Þjórsá, þar sem fyrirhugað er að virkja. Meðal flytjenda eru Valdimar, Maggi Kjartans, Lockerbie, Pascal Pinon, Múgsefjun og Boogie Trouble. Aðgangur á hátíðina er ókeypis. Hugmyndin er að vekja fólk til umhugsunar um náttúruna og mikilvægi hennar og jafnframt að fólk hugleiði afleiðingar óafturkræfra framkvæmda.


2 FLOTTIR STAÐIR
yoyo · Nýbýlavegi 18 · Kópavogi
yoyo · Egilsgötu 3 · Reykjavík
yoyo ferskur jógúrtís




yoyo Nýbýlavegi 18 200 Kópavogi s: 517 0416 yoyo Egilsgötu 3 (hjá Domus Medica) 101 Reykjavík s: 571 0699 yoyo@yoyo.is www.yoyo.is

**Nikon**

*At the heart of the image*

# I AM YOUR SUMMER DEAL

## D3200



**Verð frá 139.995.-**

**KAUPAUKI**



Ný hágæða stafræn SLR myndavél með 24.2 Megapixla C-MOS myndflögu og 18-55VR linsu með hristivörn. GUIDE valmyndakerfið auðveldar öllum að taka betri myndir á augabragði. D-Movie kvikmyndataka í háskerpu (1920x1080p). 11 punkta sjálfvirkt fókus kerfi, hátt ljósnæmi ISO (100-6400) sem má framlengja í 12800, Live View og stórum 3" háskerpu skjá.

**Sumarpakki frá Nikon í kaupbæti:**
Kælitaska fyrir sex gosdósir, svifdiskur, strandbolti, spilastokkur að virði 5.995.-

## COOLPIX

**Verð 24.995.-**

**KAUPAUKI**





**COOLPIX S3300 – Litrík sýn á þína veröld.** Nett og meðfærileg myndavél með 16 megapixla upplausn, NIKKOR gleiðhornslinsu, 6x optískum aðdrætti og hristivörn. Sjálfvirkar umhverfisstillingar, stór 2.7" LCD skjár og HD hreyfimyndataka. Eins fæst hún í 8 líflegum litum. Taktu skemmtilegar myndir við öll tilefni.

**Sumarpakki frá Nikon í kaupbæti:** Kælihulstur fyrir gosdós, farsímavasi fyrir ströndina, spilastokkur að virði 2.495.-

Með öllum Nikon vélum fylgir íslenskur leiðarvísir.

**www.nikon.is**

Nikon School D-SLR Intro
– 2.5 klst kynningarnámskeið
ásamt Check & Clean í 3 ár fylgir
með D3200 að verðmæti 25.000.-

Nikon SCHOOL INTRO

**SÖLUAÐILAR Á HÖFUÐBORGARSVÆÐINU**

Heimilistæki – Suðurlandsbraut 26, 108 Reykjavík – 569 1500 – www.ht.is
Sjónvarpsmiðstöðin – Síðumúla 2, 108 Reykjavík – 568 9090 – www.sm.is
Beco – Langholtsvegi 84, 104 Reykjavík – 533 3411 – www.beco.is
Fotoval – Skipholti 50b, 105 Reykjavík – 553 9200 – www.fotoval.is
MAX – Kauptún 1, 210 Garðabær – 412 2200 – www.max.is
Hagkaup – Smáralind, 201 Kópavogur – 563 5000 – www.hagkaup.is
Tölvulistinn – Reykjavík, Hafnarfirði – 414 1700 – www.tl.is

**SÖLUAÐILAR Á LANDSBYGGÐINNI**

Hljómsýn – Akranesi; Framköllunarþjónustan – Borgarnesi; Blómsturvellir – Hellissandi; Hrannarbúðin – Grundarfirði; Skipavík – Stykkishólmi; Snerpa – Ísafirði; Kaupfélag V-Húnvetninga – Hvammstanga; Smárabær – Blönduósi; Skagfirðingabúð – Sauðárkróki; SR Byggingavörur – Siglufirði; Valberg – Ólafsfjörður; Kauptún – Vopnafirði; Verslunin Pan – Neskaupstað; Geisli – Vestmannaeyjum; Mosfell – Hellu; Heimilistæki – Reykjanesbæ, Selfossi, Akureyri og Húsavík; Tölvulistinn – Akureyri, Egilstaðir, Selfoss og Reykjanesbæ; Omnis – Akranes, Borgarnes og Reykjanesbæ.



**Á TOPPNUM** Carly Rae Jepsen varð að stórstjörnu á einni nóttu vegna myndbands Biebers sem fór líkt og eldur í sinu um netheima. NORDIC PHOTOS/GETTY

# Heimsfræg vegna Biebers

**Poppsmellur söngkonunnar Carly Rae Jepsen náði toppnum á Billboard-lista Bandaríkjanna í fyrradag en lagið hefur farið sigurför um heiminn, þökk sé Justin Bieber.**

Carly Rae Jepsen hefur náð undraverðum árangri á skömmum tíma með lagi sínu Call Me Maybe. Í fyrradag komst poppslagarinn, sem er frumraun söngkonunnar, á toppinn á Billboard-lista Bandaríkjanna.

Nýliðinn Jepsen á ungstirninu Justin Bieber að þakka skyndilegan frama en brjálæðið í kringum Call Me Maybe hófst í febrúar. Ævintýrið byrjaði eftir að Bieber heyrði lag kanadísku þjóðlagasöngkonunnar í útvarpi og vakti athygli á gæðum þess á samskiptasíðunni Twitter í janúar.

Hinn 10. janúar birti Bieber myndband á Twitter með þjálfara sínum Ryan Good og Ashley Benson, stjörnu þáttanna Pretty Little Liars, þar sem þau „mæma“ lagið. Í kjölfarið áttu eftir að fylgja mörg slík myndbönd.

Vendipunktur vinsældanna var þó án efa 18. febrúar en þá varð Call Me Maybe heimsfrægt á einni nóttu eftir að Bieber birti myndband á Youtube þar sem kærasta hans, Selena Gomez, og frægir vinir dansa og þykjast syngja lagið. Á innan við sólarhring hafði milljón manns horft á myndbandið og þessa stundina eru áhorfin orðin yfir 42 milljónir.

Bieber var ekki einungis áhrifavaldur í fyrstu vinsældum lagsins heldur skrifaði söngkonan þann 29. febrúar undir samning við útgáfufyrirtækið Schoolboy Records, sem Bieber rekur meðal annars.

Poppslagarinn hefur farið sigurför um heiminn og náð toppnum í Kanada, Bretlandi, Ástralíu og loks Bandaríkjunum, á meðan lag Biebers, Boyfriend, vermir tíunda sæti þessa stundina.

Með þessum árangri er söngkonan sú fyrsta sem situr í efsta sæti á Billboard-listanum með frumraun sína frá því hin þekkta Ke$ha náði sama árangri með laginu TiK ToK í janúar 2010 og þar áður hin skrautlega Lady Gaga með slagaranum Just Dance í janúar 2009.

Meðal þeirra sem hafa gert myndband við lagið eru söngkonan Katy Perry, strigakjafturinn Joan River og hafnaboltalið Harvard-háskólans.

hallfridur@frettabladid.is

## Erfitt að fá hlutverk

Kiefer Sutherland segist hafa átt erfitt með að finna góð hlutverk eftir að hafa leikið í sjónvarpsþáttaröðinni vinsælu 24. Hinn 45 ára leikari fer núna með hlutverk í dramaþáttunum Touch.

„Ég gat ekki valið úr mörgum hlutverkum. Það kom mér dálítið á óvart,“ sagði Sutherland við The Hollywood Reporter. Hann ætlaði ekki að leika strax aftur í sjónvarpsþáttum eftir að 24 lauk göngu sinni.

„24 var ótrúleg reynsla en ég ætlaði ekki að snúa aftur í sjónvarp svo fljótt.“



**KIEFER SUTHERLAND** Leikarinn átti erfitt með að fá góð hlutverk eftir að 24 lauk göngu sinni.


midi.is Miðasala og nánari upplýsingar
LAUGARÁS BÍÓ www.laugarasbio.is -bara lúxus sími 553 2075
5%
Tilboð í bíó. Gildir á allar sýningar merktar með rauðu.

| LAUGARÁSBÍÓ | Sýningartímar |
|---|---|
| INTOUCHABLES - ISL TEXTI | 8, 10.20 |
| MADAGASKAR 3 3D | 4, 6 |
| MADAGASKAR 3 2D | 4 |
| PROMETHEUS 3D | 7, 10 |
| SNOW WHITE | 7, 10 |

SMÁRABÍÓ HÁSKÓLABÍÓ midi.is
ÞEIR ERU MÆTTIR AFTUR! TVÖFÖLD SPENNA, TVÖFÖLD HRÆÐSLA OG TVÖFALT MEIRA KJÖT Í 3-DD! PIRANHA 3DD
STUNDUM ÞARFTU AÐ STÍGA INN Í LÍF ANNARRA, TIL AÐ SJÁ HVAÐ VANTAR Í ÞITT. Intouchables MYNDIN SEM ER AÐ SLÁ Í GEGN UM ALLAN HEIM!

SMÁRABÍÓ GLERAUGU SELD SÉR 5%

| | | |
|---|---|---|
| MADAGASCAR 3D ÍSL.TAL | KL. 3.40 - 5.50 | L |
| MADAGASCAR 2D ÍSL.TAL | KL. 3.40 | L |
| PRIANHA 3D ÓTEXTUÐ | KL. 6 - 8 - 10 | 16 |
| PROMETHEUS 3D | KL. 5.20 - 8 - 10.30 | 16 |
| PROMETHEUS 3D LÚXUS | KL. 5.20 - 8 - 10.30 | 16 |
| PROMETHEUS 2D | KL. 8 - 10.30 | 16 |
| MIB 3 3D | KL. 5.30 - 8 - 10.30 | 10 |

HÁSKÓLABÍÓ NÁNAR Á MIÐI.IS 5%

| | | |
|---|---|---|
| INTOUCHABLES ÍSL. TEXTI | KL. 5.30 - 8 - 10.30 | 12 |
| PIRANHA 3D | KL. 8 - 10 | 16 |
| PROMETHEUS 3D | KL. 6 - 9 | 16 |
| MOONRISE KINGDOM | KL. 5.50 - 8 - 10.10 | L |
| MIB 3 3D | KL. 5.30 | 10 |

BORGARBÍÓ NÁNAR Á MIÐI.IS

| | | |
|---|---|---|
| PIRANHA 3DD | KL. 8 - 10 | 16 |
| PROMETHEUS | KL. 5.45 - 8 - 10.20 | 16 |
| SNOW WHITE AND THE... | KL. 5.45 | 12 |

facebook/smarabio • facebook/haskolabio

SAMBÍÓIN SAMbio.is
ÞAU HAFA EITT TÆKIFÆRI TIL AÐ KOMAST AFTUR HEIM
SÝND MEÐ ÍSLENSKU OG ENSKU TALI - SÝND Í 2D OG 3D
JOHN CUSACK ER EDGAR ALLAN POE

SAMBÍÓIN ÁLFABAKKA

| | | | |
|---|---|---|---|
| MADAGASCAR 3 M/ ÍSL TALI | KL. 3:40 - 5:50 | 3D | L |
| MADAGASCAR 3 ÓTEXTUÐ M/ ENSKU. TALI | KL. 8 - 10:10 | 3D | L |
| MADAGASCAR 3 M/ ÍSL TALI | KL. 3:40 - 5:50 | 2D | L |
| MADAGASCAR 3 M/ ENSKU. TALI | KL. 4 - 8 | 2D | L |
| SNOW WHITE | KL. 5:20 - 8 - 10:10 | 2D | 12 |
| SNOW WHITE LUXUS VIP | KL. 5:20 - 8 - 10:40 | 2D | VIP |
| LOL | KL. 3:40 - 5:50 - 8 | 2D | 12 |
| THE RAVEN | KL. 10:40 | 2D | 16 |
| THE DICTATOR | KL. 6 - 8 - 10:10 | 2D | 12 |
| THE AVENGERS | KL. 10:10 | 2D | 10 |
| UNDRALAND IBBA M/ ÍSL TALI | KL. 3:30 | 2D | L |

SAMBÍÓIN AKUREYRI

| | | | |
|---|---|---|---|
| MADAGASCAR 3 ÍSL TAL | KL. 6 | 3D | L |
| MADAGASCAR 3 ENS TAL ÓTEXTUÐ | KL. 8 | 3D | L |
| RAVEN | KL. 10 | 2D | 16 |
| UNDRALAND IBBA ÍSL TAL | KL. 6 | 2D | L |
| LOL | KL. 8 | 2D | 12 |
| SAFE | KL. 10 | 2D | 16 |

SAMBÍÓIN SELFOSS

| | | |
|---|---|---|
| LOL | KL. 8 - 10 | 12 |
| SAFE | KL. 8 - 10 | 16 |

SPARBÍÓ MERKTAR MEÐ GRÆNU OG APPELSÍNUGULU Í BÍÓAUGLÝSINGUM SAMBÍÓA KR. 1000 Á GRÆNT OG KR. 750 Á APPELSÍNUGULT

SAMBÍÓIN EGILSHÖLL

| | | | |
|---|---|---|---|
| MADAGASCAR 3 ÍSL TAL | KL. 3:30 - 4 | 3D | L |
| MADAGASCAR 3 ÍSL TAL | KL. 4 - 6 | 2D | L |
| PROMETHEUS | KL. 5:30 - 8 - 10:30 | 3D | 16 |
| PROMETHEUS | KL. 10 | 2D | 16 |
| MADAGASCAR 3 ENS TAL | KL. 6 - 8 | 2D | L |
| SNOW WHITE | KL. 8 - 10:40 | 2D | 12 |
| UNDRALAND IBBA ÍSL TAL | KL. 3:30 | 2D | L |
| THE AVENGERS | KL. 5:20 | 3D | 10 |
| THE RAVEN | KL. 8 - 10:20 | 3D | 16 |

SAMBÍÓIN KRINGLUNNI

| | | | |
|---|---|---|---|
| MADAGASCAR 3 M/ ÍSL TALI | KL. 3:40 - 5:50 - 8 | 3D | L |
| MADAGASCAR 3 ÓTXT M/ ENSKU. TALI | KL. 8 - 10:10 | 3D | L |
| MADAGASCAR 3 M/ ÍSL TALI | KL. 3:40 - 5:50 | 2D | L |
| LOL | KL. 10:10 | 2D | 12 |
| THE LUCKY ONE | KL. 5:50 - 8 | 2D | 12 |
| DARK SHADOWS | KL. 10:10 | 2D | 12 |
| UNDRALAND IBBA ÍSL TAL | KL. 4 | 2D | |

SAMBÍÓIN KEFLAVÍK

| | | | |
|---|---|---|---|
| MADAGASCAR 3 ÍSL TALI | KL. 5:50 | 3D | L |
| MADAGASCAR 3 ENS TAL ÓTEXTUÐ | KL. 8 | 3D | L |
| PROMETHEUS | KL. 10 | 2D | 16 |
| LOL | KL. 8 | 2D | 12 |
| SAFE | KL. 10 | 2D | 16 |
| UNDRALAND IBBA ÍSL TAL | KL. 6 | 2D | L |

Sími: 553 2075 LAUGARÁS BÍÓ - bara lúxus
Ódýrt í bíó
DREAMWORKS MADAGASCAR 3 EFTIRLÝST Í EVRÓPU
TILBOÐ KL. 4
SÝND Í 2D OG 3D
LAUGARÁS BÍÓ TILBOÐ Á FYRSTU SÝNINGAR DAGSINS

MEÐ STUÐNINGI REYKJAVÍKURBORGAR OG KVIKMYNDAMIÐSTÖÐVAR ÍSLANDS
Miðasala: 412 7711 ■ www.bioparadis.is / midi.is ■ Hluti af Europa Cinemas
BÍÓ ★ PARADÍS
Myndin sem slegið hefur í gegn í Evrópu og vestanhafs á undanförnum vikum! UNG GOODBYE FIRST LOVE
"Létt og ánægjuleg." -The Guardian "Einstök mynd." The New York Times ALLT Á SÉR SÍNA TÍÐ SUMARTÍÐ
FÖSTUDAGUR: UNG (GOODBYE FIRST LOVE) 17:50, 20:00, 22:10 ■ SUMARTÍÐ (SUMMER HOURS) 17:50, 20:00 ■ COOL CUTS: 101 REYKJAVIK 18:00 ■ COOL CUTS: WHEN THE RAVEN FLIES 20:00 ■ COOL CUTS: HEIMA SIGUR RÓS 22:00 ■ TYRANNOSAUR 18:00 ■ IRON SKY 22:10 ■ BLACK'S GAME 20:00, 22:00
21. JÚNÍ: MARLEY + REGGÍHÁTÍÐ!
SKÓLANEMAR: 25% AFSLÁTTUR GEGN FRAMVÍSUN SKÍRTEINIS! SAMI AFSLÁTTUR FYRIR ÖRYRKJA OG ELDRI BORGARA.



## Það styttist í ævintýrið!

# Landsmót hestamanna Reykjavík 2012

### 25.06 – 01.07

**Ógleymanleg skemmtun. Bestu gæðingar landsins etja kappi og helstu kynbótastjörnur landsins koma fram. Troðfull dagskrá með landsþekktum skemmtikröftum, kvöldvökum og fjölskyldustemningu. Á keppnissvæðinu er glæsilegur barnagarður.**

**Miðasala á www.landsmot.is**

Styrktaraðilar:

Íslandsbanki, VÍS, N1, Síminn, Lífland, Bílaleiga Akureyrar, Europcar, Iceland Express, Samskip, Egils

Landsmót Hestamanna – National Horse Show of Iceland

Landssamband Hestamannafélaga

# sport

sport@frettabladid.is



**RÚNAR KÁRASON** fékk það staðfest í gær að hann sé með slitið fremra krossband. Hann verður frá í að minnsta kosti hálft ár vegna meiðslanna. Þetta er mikið áfall fyrir þennan unga og sterka leikmann sem var að ná sér vel á strik í Þýskalandi síðasta vetur. Hann meiddist á landsliðsæfingu og getur lagt ÓL-drauminn á hilluna í bili.

## ÚRSLIT

### EM í knattspyrnu:

**Ítalía-Króatía** **1-1**
1-0 Andrea Pirlo (39.), 1-1 Mario Mandzukic (72.).

**Spánn-Írland** **4-0**
1-0 Fernando Torres (4.), 2-0 David Silva (48.), 3-0 Fernando Torres (70.), 4-0 Cesc Fabregas (83.).

**STAÐAN Í C-RIÐLI:**

| | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|
| **Spánn** | **2** | **1** | **1** | **0** | **5-1** | **4** |
| Króatía | 2 | 1 | 1 | 0 | 4-2 | 4 |
| **Ítalía** | **2** | **0** | **2** | **0** | **2-2** | **2** |
| Írland | 2 | 0 | 0 | 2 | 1-7 | 0 |

**LEIKIR DAGSINS:**

**Svíþjóð - England** **kl. 16.00**
**Úkraína - Frakkland** **kl. 18.45**



**HEITUR** Torres fagnar hér öðru marka sinna í gær. NORDICPHOTOS/GETTY

Önnur umferð C-riðils á EM:

## Torres stimplaði sig inn

**FÓTBOLTI** Spánn og Króatíu eru efst í C-riðli EM eftir leiki gærdagsins. Ítalir eru þó alls ekki úr leik enda mætast Spánn og Króatía á meðan Ítalía leikur gegn Írlandi í lokaumferð riðilsins.

Spánverjar léku við hvurn sinn fingur í gær. Fernando Torres fékk tækifæri í byrjunarliðinu og skoraði tvö mörk og hefði hæglega getað skorað fleiri. Næg voru færin en góð tíðindi fyrir Spánverja að Torres sé komin í gang.

Írar áttu nákvæmlega ekkert erindi í Spánverjana. Gæðamunurinn var lygilegur.

Leikur Króata og Ítala var ekki sérstaklega opinn. Andrea Pirlo skoraði mark beint úr aukaspyrnu en Mario Mandzukic jafnaði metin með góðu skoti í teignum. Nokkuð sanngjörn niðurstaða á endanum. **- hbg**



**SAMNINGNUM FAGNAÐ** Birgir Leifur og Tinna auk fulltrúa fyrirtækjanna fjögurra og forsvarsmanna Golfsambands Íslands. FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

# Milljónastyrkur til kylfinga

**Umhverfi íslenskra afrekskylfinga tók stakkaskiptum í gær þegar afrekssjóðurinn Forskot var stofnaður. Fimm kylfingar skipta með sér 15 milljón króna styrkinum en markmiðið er að koma á íslenskum kylfingi á ÓL í Ríó 2016.**

**GOLF** Tilkynnt var um stofnun afrekssjóðsins Forskots á blaðamannafundi hjá Golfsambandi Íslands í gær. Sjóðurinn hefur það að markmiði að styðja við þá kylfinga, atvinnumenn sem og áhugamenn, sem stefna á að komast í fremstu röð í heiminum í íþróttinni.

Auk GSÍ eru stofnendur sjóðsins Eimskip, Valitor, Íslandsbanki og Icelandair Group en 15 milljónir verða veittar til fimm íslenskra afrekskylfinga árið 2012.

Fimm kylfingar njóta góðs af styrknum í ár. Þeir eru Birgir Leifur Hafþórsson úr GKG, Tinna Jóhannsdóttir úr GK og Ólafur Björn Loftsson NK auk GR-mannanna Stefáns Más Stefánssonar og Þórðar Rafns Gissurarsonar.

### Ólympíusæti góð afmælisgjöf

15 milljónir eru miklir peningar í íslensku afreksíþróttastarfi. Til samanburðar fær frjálsíþróttakonan Ásdís Hjálmsdóttir tæpar tvær milljónir króna úr Afrekssjóði Íþrótta- og ólympíusambands Íslands en hún er ein á A-styrk. B-styrkhafar, sem eru þrettán, fá tæpa milljón í styrk.

Birgir Leifur segir stofnun sjóðsins hafa mikla þýðingu fyrir íslenska kylfinga.

„Það er alltaf þessi hjalli hjá öllum íþróttamönnum að fá fjármagn til að keppa úti og láta drauminn rætast. Þegar það er komið verður eftirleikurinn auðveldari," segir Birgir Leifur.

Keppt verður í golfi á Ólympíuleikunum í Ríó de Janeiro í Brasilíu árið 2016 eftir 112 ára hlé. Afrekssjóðurinn styður íslenska kylfinga til að ná því markmiði að komast þangað.

„Eftir fjögur ár verð ég fertugur þannig að það væri ágætis afmælisgjöf," segir Birgir Leifur.

Í stjórn sjóðsins situr einn fulltrúi frá hverjum stofnaðila en fimm manna fagteymi gerir tillögur um úthlutanir úr sjóðnum.

Úlfar Jónsson, landsliðsþjálfari, er einn þeirra sem á sæti í teyminu. Hann segir það hafa verið erfitt að velja kylfingana fimm. „Þessi hópur sem sjóðurinn styrkir verður alltaf mjög þröngur. Markmiðið er ekki að styrkja 10-15 manns heldur verða alltaf 2-5 kylfingar sem fá styrk úr sjóðnum," segir Úlfar og leggur áherslu á að eftirsóknarvert og erfitt eigi að vera að komast í hópinn.

### Huglægt mat að baki valinu

„Við viljum að það sé eftirsóknarvert og erfitt að komast að. Kylfingar þurfa að hafa mjög mikið til brunns að bera. Vera metnaðarfullir í markmiðasetningu sinni en einnig mjög duglegir. Vinna þeirra á bakvið markmiðin skiptir einnig máli og þannig er mat okkar í teyminu að einhverju leyti huglægt. Þessir kylfingar hafa sýnt að þeir vinna mjög agað og skipulega," segir Úlfar.

Tinna Jóhannsdóttir segir það mikinn heiður að vera fulltrúi kvenna í hópnum.

„Ég er ótrúlega stolt og vona að þetta verði hvatning fyrir hinar stelpurnar sem eru að velta því fyrir sér að keppa erlendis. Þær eiga ekki að vera hræddar við að taka stökkið," segir Tinna.

**kolbeinntumi@365.is**



**BJÖRN BERGMANN** Má ekki meiðast í næstu leikjum ef hann ætlar til Englands. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

Björn á leiðinni til Wolves:

## Seldur á tæpar 500 milljónir

**FÓTBOLTI** Lilleström er búið að selja Björn Bergmann Sigurðarson til enska liðsins Wolves. Það staðfesti umboðsmaður hans, Jerry de Koning, við norska fjölmiðla í gær. Björn mun skrifa undir fjögurra ára samning við Úlfana. Wolves kaupir Björn á 473 milljónir króna sem gera framherjann að einum dýrasta leikmanni Íslandssögunnar.

Það er þó ekki alveg klárt að Björn fari til Úlfanna. Hann þarf nefnilega að spila með Lilleström fram í miðjan júlí. Meiðist hann í þeim leikjum verður ekkert af sölunni. Síðasti leikur Lilleström er þann 13. júlí.

Björn mun fara í læknisskoðun hjá enska félaginu þann 16. júlí. Gangi allt vel þar mun hann spila með Wolves næsta vetur. **- hbg**

**FYLKIR 1-0 FRAM**

Fylkisvöllur. Guðmundur Á. Guðmunds. (8)

**1-0 Davíð Þór Ásbjörnsson (60.)**

**Skot (á mark):** 11-12 (7-6)
**Varin skot:** Bjarni 6 - Ögmundur 6.

**FYLKIR (4-3-3):** Bjarni Þórður Halldórsson 6 - Andri Þór Jónsson 7, Kristján Valdimarsson 6, **David Elebert 7***, Tómas Þorsteinsson 6 - Ásgeir Börkur Ásgeirsson 5, Davíð Þór Ásbjörnsson 7, Oddur Ingi Guðmundsson 7 (85., Kjartan Ágúst Breiðdal -) - Ingimundur Níels Óskarsson 5, Magnús Þórir Matthíasson 3 (63., Finnur Ólafsson 6), Björgólfur Takefusa 4 (88., Árni Freyr Guðnason -)

**FRAM (4-5-1):** Ögmundur Kristinsson 6 - Almarr Ormarsson 5, Hlynur Atli Magnússon 5, Kristján Hauksson 7, Alan Lowing 6 - Jón Gunnar Eysteinsson 5, Sam Hewson 6, Orri Gunnarsson 3 (88. Ingvi Þór Hermannsson -) - Kristinn Ingi Halldórsson 4 (78., Daði Guðmundsson -) , Hólmbert Aron Friðjónsson 3 (85. Stefán Birgir Jóhannsson -), Steven Lennon 6

* MAÐUR LEIKSINS


# Í kvöld kl. 20.00 – PEPSIDEILDIN

## STJARNAN – VALUR




Gerður hefur verið samstarfssamningur milli SAMSUNG Nordic AB, Knattspyrnudeildar Stjörnunnar og umboðsfyrirtækja SAMSUNG á Íslandi, Tæknivara ehf. og Bræðranna Ormsson ehf.
Þessi þrjú fyrirtæki styrkja knattspyrnudeildina árlega með fjárframlagi.

**Stjarnan og Valur eru bæði með 9 stig. Bæði liðin vilja sigur og fylgja eftir efstu liðunum.**


Fylkir vann sætan sigur á Fram í Lautinni í gær:

## Davíð Þór hetja Fylkis

**FÓTBOLTI** Davíð Þór Ásbjörnsson skoraði mark Fylkismanna úr skrautlegri aukaspyrnu í 1-0 sigri á Fram í Lautinni í Árbænum. Spyrna Davíðs Þórs fann sér leið í gegnum varnarmúr Framara en breytti um leið algjörlega um stefnu og hafnaði í markmannshorni Ögmundur, markvarðar Framara.

Fylkir reif sig upp í sjötta sæti deildarinnar með sigrinum en Fram er í tíunda sæti og hefur tapað fimm af fyrstu sjö leikjum sínum í deildinni. Ekki beint sú byrjun sem menn áttu von á frá Frömurum.

Í jöfnum og frekar hægum knattspyrnuleik voru Fylkismenn skömminni skárri og uppskáru sanngjarnan sigur. Liðið var alltaf líklegra og lítið lífsmark hjá Frömurum fram á við ef frá er talinn Steven Lennon.

Skotinn átti góða spretti en endurtekið sendi hann fyrir markið þar sem engan Framara var að finna.

„Sagan endurtekur sig í hverri viku. Við spilum alltof hægan bolta. Fyrir framherja er auðvitað pirrandi að vera kennt um að skora ekki mörkin. Ég get bent á suma miðjumennina og kennt þeim um að vera ekki mættir í teiginn eftir hlaupin mín. Menn geta ekki reiknað með því að ég gangi fram hjá þremur leikmönnum og skori," sagði Lennon svekktur og pirraður í leikslok. **- ktd**



**BUGAÐUR** Þorvaldi Örlygssyni gengur ekkert að trekkja Fram-liðið í gang. FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI


KSÍ
MIÐASALA Á
MIDI.IS
KR. 1.000 FYRIR
17 ÁRA OG ELDRI
ÓKEYPIS FYRIR
16 ÁRA OG
YNGRI
EM KVENNA 2013
ÍSLAND - UNGVERJALAND
Á LAUGARDAG KL. 16:00
STYÐJUM VIÐ BAKIÐ Á STELPUNUM OKKAR!
ALLIR Á LAUGARDALSVÖLLINN!
Alltaf í boltanum með KSÍ
BORGUN
Lengjan
ICELANDAIR
Coca-Cola

## > Stöð 2 kl. 20.55

## Dallas - forsýning

***Glæný þáttaröð af Dallas, einni vinsælustu sjónvarpsþáttaröð allra tíma. Þátturinn var frumsýndur í bandarísku sjónvarpi á miðvikudagskvöld og Stöð 2 forsýnir fyrsta þátt í kvöld en síðan verður Dallas á dagskrá á sunnudagskvöldum. Það eru 20 ár síðan áhorfendur kvöddu J.R., Bobby, Sue Ellen og alla hina í Ewing-fjölskyldunni og núna mæta þau aftur. Það er komin ný kynslóð sem berst um völdin í fjölskyldufyrirtækinu en gömlu brýnin eru einnig í fullu fjöri.***



# dagskrá

**VIÐ TÆKIÐ** RAGNHEIÐUR TRYGGVADÓTTIR **FLISSAR**

# *Rokrassgat og bölvaðir sóðar*



Síbylja í útvarpinu fer í taugarnar á öllum sem ég þekki. Mér líka. Þess vegna hlusta ég næstum því aldrei á útvarp, bara örsjaldan og þá á eitthvað voða menningarlegt, eða þjóðlegt, eins og jólakveðjurnar á RÚV á Þollák! Þess vegna fannst mér sérstaklega skemmtilegt að heyra í gestastjórnanda þáttarins Virkir morgnar á Rás 2 nú í vikunni. Jólakveðjudrottingin Gerður G. Bjarklind sat þar við hlið Andra Freys og fór á kostum. Sökum anna náði ég ekki að hlusta lengi en heyrði þó hversu ljómandi vel fór á með þeim Andra Frey og Gerði. „Gerður mín" sagði Andri í öðru hverju orði og hafði meira að segja valið Bítlalag sérstaklega fyrir hana. Skemmtilegast fannst mér þó að heyra Gerði spjalla á öðrum nótum en ég var vön að heyra til hennar. Hún sagði til dæmis „rokrassgat" og „bölvaðir sóðar" þegar þau ræddu rusl í tjörnum fyrir framan Hörpu. Ég gat ekki annað en flissað, þetta var svo hressandi og ólíkt „hugheilar jóla- og nýárskveðjur." Svo ræddu þau jólaföndur og glimmer og komu Tom Cruise til landsins. Hvort hann fengi frið á Íslandi. Þau reiknuðu nú með því. Andri sagði hann svo klikkaðan. „Ég þekk´ann nú ekkert," sagði Gerður með hægð.

## RÁS 1 FM 92,4/93,5

**06.36** Bæn **06.39** Morgunþáttur Rásar 1 **06.40** Veðurfregnir **07.00** Fréttir **07.30** Fréttayfirlit **08.00** Morgunfréttir **08.05** Morgunstund með KK **08.30** Fréttayfirlit **09.00** Fréttir **09.05** Óskalögin **09.45** Morgunleikfimi **10.00** Fréttir **10.03** Veðurfregnir **10.13** Sagnaslóð **11.00** Fréttir **11.03** Samfélagið í nærmynd **12.00** Fréttir **12.02** Hádegisútvarp **12.20** Hádegisfréttir **12.45** Veðurfregnir **12.50** Dánarfregnir **13.00** Tilraunaglasið **14.00** Fréttir **14.03** Girni, grúsk og gloríur **15.00** Fréttir **15.03** Útvarpssagan: Fuglarnir **15.25** Eyjar fyrir Austurlandi **16.00** Síðdegisfréttir **16.05** Djassvisjón Evrópu **17.00** Fréttir **17.03** Víðsjá **18.00** Kvöldfréttir **18.20** Auglýsingar **18.21** Spegillinn **18.50** Veðurfregnir **18.53** Dánarfregnir **19.00** Tónlist fólksins **20.00** Leynifélagið **20.30** Hringsól **21.30** Kvöldsagan: Egils saga **22.00** Fréttir **22.05** Veðurfregnir **22.10** Orð kvöldsins **22.15** Litla flugan **23.05** Liðast um landið **00.00** Fréttir **00.05** Næturútvarp Rásar 1

## RÚV

**13.15 Leiðarljós** (Guiding Light) (e)
**14.00 Baráttan um Bessastaði - Frambjóðendur kynntir** (3:8) (Hannes Bjarnason) (e)
**14.30 Leiðarljós** (Guiding Light) (e)
**15.15 Táknmálsfréttir**
**15.30 EM stofa** Hitað upp.
**16.00 EM í fótbolta** (Úkraína - Frakkland) BEINT frá Donetsk.
**18.00 Fréttir og veður**
**18.20 EM stofa** Hitað upp.
**18.40 EM í fótbolta** (Svíþjóð - England) BEINT frá Kiev.
**20.40 EM kvöld** Farið yfir leiki dagsins.
**21.10 Kviksjá** Sigríður Pétursdóttir ræðir við Reyni Lyngdal leikstjóra Okkar eigin Ósló.
**21.20 Okkar eigin Osló** Íslensk bíómynd frá 2011. Haraldur verkfræðingur og Vilborg bankastarfsmaður reyna að stofna til náinna kynna í sumarhúsahverfi við Þingvallavatn en það gengur upp og ofan. Leikstjóri er Reynir Lyngdal og meðal leikenda eru Þorsteinn Guðmundsson og Brynhildur Guðjónsdóttir.
**23.00 Dráparinn – Den som dræber** (1:6) (Den som dræber) Þáttaröð um æsispennandi leit dönsku lögreglunnar að raðmorðingja.
**00.30 Bræður** (Brothers) Endurgerð danskrar myndar um mann sem hughreystir mágkonu sína eftir að bróðir hans hverfur í Afganistan. Meðal leikenda eru Jake Gyllenhaal, Natalie Portman og Tobey Maguire. Atriði í myndinni eru ekki við hæfi barna.
**02.10 Útvarpsfréttir í dagskrárlok**

## STÖÐ 2 BÍÓ

**08.00 Back-Up Plan**
**10.00 Mr. Woodcock**
**12.00 Toy Story 3**
**14.00 Back-Up Plan**
**16.00 Mr. Woodcock**
**18.00 Toy Story 3**
**20.00 Ramona and Beezus**
**22.00 The Death and Life of Bobby Z**
**00.00 Julia**
**02.20 Them**
**04.00 The Death and Life of Bobby Z**
**06.00 Anna Nicole**

## STÖÐ 2

**07.00 Barnatími Stöðvar 2**
**08.10 Oprah**
**08.50 Waybuloo**
**09.10 Bold and the Beautiful**
**09.30 Doctors** (154:175)
**10.15 The Glades** (6:13)
**11.05 Sjálfstætt fólk** (5:38)
**11.45 Hollráð Hugos** (2:2)
**12.10 Kalli Berndsen - Í nýju ljósi**
**12.35 Nágrannar**
**13.00 When Harry Met Sally** Ein vinsælasta rómantíska gamanmynd sögunnar um vini sem virðast aldrei ætla að ná saman.
**14.50 The Cleveland Show** (6:21)
**15.15 Sorry I've Got No Head**
**15.45 Tricky TV** (1:23)
**16.10 Barnatími Stöðvar 2**
**17.05 Bold and the Beautiful**
**17.30 Nágrannar**
**17.55 The Simpsons** (19:22)
**18.23 Veður** Ítarlegt veðurfréttayfirlit.
**18.30 Fréttir Stöðvar 2**
**18.47 Íþróttir**
**18.54 Ísland í dag**
**19.06 Veður**
**19.15 American Dad** (1:19)
**19.40 The Simpsons** (13:22)
**20.05 Spurningabomban** (5:6)
**20.55 Dallas** (1:11) Bobby, J.R., Sue Ellen, Lucy og Ray snúa aftur. Tuttugu ár eru liðin frá því við skildum við Ewing-fjölskylduna og synir bræðranna, þeir John Ross og Christopher eru hér í forgrunni.
**21.55 So You Think You Can Dance** (2:15) Stærsta danskeppni í heimi snýr aftur.
**23.20 Dude, Where's My Car?**
**00.45 London to Brighton** Bresk verðlaunamynd sem tekur á vanda strokubarna og vændis meðal barna undir lögaldri.
**02.10 Underworld: Rise of the Lycan** Spennumynd um aldagamla baráttu vampíra og varúlfa. Kate Beckinsale og Martin Sheen.
**03.40 When Harry Met Sally**
**05.15 American Dad** (1:19)
**05.35 The Simpsons** (13:22)
**06.00 Fréttir og Ísland í dag**

## SPORT *besta sætið*

**07.00 NBA: Oklahoma - Miami** fyrsti leikur liðanna.
**17.55 NBA: Oklahoma - Miami** annar leikur liðanna.
**19.45 Pepsi-deild karla: Stjarnan - Valur**
**22.00 Egils Gull-mótið**
**22.30 Grillhúsmótið** Mótið fór fram í Þorlákshöfn en þar mættu sterkustu menn Íslands undir 105 kg.
**23.00 Pepsi-deild karla: Stjarnan - Valur**

## SPORT 2 *enski boltinn*

**18.15 Fulham - Man. City**
**20.00 1001 Goals** Bestu mörk ensku úrvalsdeildarinnar skoðuð.
**21.00 Premier League World**
**21.30 QPR - Liverpool**
**23.15 Fernando Hierro** Þættir um marga af bestu knattspyrnumönnum sögunnar. Í þessum þætti verður fjallað um Fernando Hierro, fyrrverandi leikmann Real Madrid.
**23.40 PL Classic Matches: Man United - Chelsea, 1999**

## EXTRA

**19.25 The Doctors** (137:175)
**20.05 Friends** (22:24)
**20.30 Modern Family** (22:24)
**21.00 Fréttir Stöðvar 2**
**21.25 Ísland í dag**
**21.45 Masterchef USA** (4:20)
**22.30 The Closer** (6:21)
**23.15 NCIS: Los Angeles** (24:24)
**00.00 Rescue Me** (17:22)
**00.45 Friends** (22:24)
**01.10 Modern Family** (22:24)
**01.35 The Doctors** (137:175)
**02.15 Fréttir Stöðvar 2**
**03.05 Tónlistarmyndbönd frá Nova TV**

## SKJÁREINN

**06.00 Pepsi MAX tónlist**
**08.00 Dr. Phil** (e)
**08.45 Pepsi MAX tónlist**
**12.00 Solsidan (9:10)** (e)
**12.25 Pepsi MAX tónlist**
**16.45 Britain's Next Top Model** (14:14) (e)
**17.35 Dr. Phil**
**18.15 The Good Wife** (20:22) (e) Bandarísk þáttaröð með Julianna Margulies sem slegið hefur rækilega í gegn.
**19.05 Will & Grace** (3:27) (e) Endursýning frá upphafi á hinum frábæru gamanþáttum sem segja frá Will sem er samkynhneigður lögfræðingur og Grace sem er gagnkynhneigður innanhússarkitekt.
**19.30 Got to Dance** (16:17) Got to Dance er breskur raunveruleikaþáttur sem hefur farið sigurför um heiminn. Hæfileikaríkustu dansararnir keppa sín í milli þar til aðeins einn stendur uppi sem sigurvegari.
**21.00 Minute To Win It** Einstakur skemmtiþáttur undir stjórn þúsundþjalasmiðsins Guy Fieri. Þátttakendur fá tækifæri til að vinna milljón dollara með því að leysa þrautir sem í fyrstu virðast einfaldar. Heather Deaton og Krista Lowry mætast í þessum þætti.
**21.45 The Biggest Loser** (6:20) Bandarísk raunveruleikaþáttaröð um baráttu ólíkra einstaklinga við mittismálið.
**23.15 HA?** (10:27) (e) Íslenskur skemmtiþáttur með spurningaívafi. Spéfuglarnir Auðunn Blöndal, Pétur Jóhann Sigfússon og Björn Bragi Arnarsson eru gestir þáttarins að þessu sinni og slá á létta strengi.
**00.05 Prime Suspect** (7:13) (e)
**00.50 Franklin & Bash** (10:10) (e)
**01.40 Jimmy Kimmel** (e)
**02.25 Jimmy Kimmel** (e)
**03.10 Pepsi MAX tónlist**

## SKJÁRGOLF

**06.00** ESPN America **07.00** US Open 2012 (1:4) **12.35** US Open 2008 - Official Film **13.35** US Open 2012 (1:4) **19.35** Inside the PGA Tour (24:45) **20.00** US Open 2012 (2:4) **02.00** ESPN America

## N4

**18.00** Föstudagsþátturinn

## BBC entertainment

**06.35** Keeping Up Appearances **07.35** My Family **08.05** Dalziel and Pascoe **09.45** Deal or No Deal **10.20** My Family **10.50** Come Dine With Me **11.40** QI **12.40** Keeping Up Appearances **13.40** My Family **14.40** Top Gear **15.30** QI **16.30** Come Dine With Me **17.20** The Graham Norton Show **18.10** QI **19.10** Top Gear **20.00** The Graham Norton Show **20.45** QI **21.15** Shooting Stars **21.45** Peep Show **22.10** Live at the Apollo **22.55** Top Gear **23.44** The Graham Norton Show **00.30** QI **01.00** Shooting Stars **01.30** Peep Show

## DR 1

**10.35** Dyrehospitalet **11.05** I lære som stjerne **11.35** Aftenshowet **13.00** DR Update - nyheder og vejr **13.10** Jamies australske kokkeskole **14.00** Kasper & Lise **14.10** Timmy-tid **14.20** Ellevilde Ella **14.25** Dukkeeventyret **14.40** Penelope **14.45** Penelope **15.30** EURO 2012 **16.00** Fodbold. Euro 2012 **16.45** TV Avisen med Sport og Vejret **16.55** Fodbold. Euro 2012 **18.00** Kinesisk statsbesøg - middag hos dronningen **19.00** TV Avisen **19.30** 28 dage **21.10** De tabte byers hemmelighed **22.45** Tid til forandring

## NRK 1

**06.30** 22. juli-rettssaken **15.00** NRK nyheter **15.15** Grønn glede **15.40** Oddasat - nyheter på samisk **15.55** Tegnspråknytt **16.00** Sjøsprøyt **16.40** Distriktsnyheter **17.00** Dagsrevyen **17.40** Norge rundt **18.10** Verda vi skaper **19.00** 20 spørsmål **19.30** Detektiv Aurelio Zen **21.00** Kveldsnytt **21.20** Tudors **22.15** Thåström - Du ska va president **23.15** Partiløvene **00.00** Lovesikh **00.30** Detektiv Aurelio Zen **02.00** Norge rundt **05.00** Solens mat **06.00** Doktoren på hjørnet

## svt1

**07.30** Extra Rapport **14.00** Rapport **14.05** Kändisbarnvakten **14.45** EM-magasinet **15.15** Fotboll. Euro 2012 **15.55** Sportnytt **16.00** Rapport **16.10** Regionala nyheter **16.15** Det goda livet **17.05** Kulan **17.10** Kulturnyheterna **17.20** Sverige idag sommar **17.30** Rapport **17.52** Regionala nyheter **18.00** Macken **18.30** Eighties **19.00** Changeling **21.20** Rapport **21.25** Kulturnyheterna **21.35** The Forgotten **23.10** Rapport **23.15** Rod Stewart. One Night Only **00.10** Rapport **00.15** Där ingen skulle tro att någon kunde bo

## iNN

**20.00** Hrafnaþing **21.00** Motoring **21.30** Eldað með Holta

## OMEGA

Dagskrá allan sólarhringinn.

## ÚTVARP FM

| | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|
| FM 88,5 XA-Radíó | FM 90,9 Gullbylgjan | FM 95,7 FM957 | FM 96,7 Létt Bylgjan | FM 98,9 Bylgjan | FM 100,5 Kaninn | FM 102,9 Lindin |
| FM 90,1 Rás 2 | FM 93,5 Rás 1 | FM 96,3 FM Suðurland | FM 97,7 X-ið | FM 99,4 Útvarp Saga | FM 102,2 Útvarp Latibær | FM 105,5 Útvarp Boðun |





FÁÐU ÞÉR ÁSKRIFT OG SJÁÐU ALLT BESTA ÍÞRÓTTAEFNI Í HEIMI Í BEINNI ÚTSENDINGU | 512 5100 | STOD2.IS | VERSLANIR VODAFONE | VERSLANIR OG ÞJÓNUSTUVER SÍMANS 800 7000


GRILLAÐ
MEÐ
Maxí
ÍSLENSK FRAMLEIÐSLA
Maxí hvítlauksolía
Alvöru hvítlauksolía
með grilluðum pizzum
Maxí Jurtaolia með smjörbragði
Berið á kjötið áður en það er
grillað. Einnig frábær í Baernaise
Maxí Hot Wings sósa
Fyrir þá sterku,
heit sósa á kjúklinginn
Maxí Grillmarinering,
hvítlauks og rósmarín
Mögnuð marinering
á kjöt og fisk
Maxí Grillmarinering, jurtablanda
Frábær á lambið
Maxí BBQ sósa
Ekta BBQ ættuð frá USA,
þykk og loðir vel við kjötið
Maxí Heit og sæt BBQ sósa
Sæt og sterk BBQ,
góð á svínið og kjúklinginn
Gómsætar Maxí sultur
með grilluðum ostum
Maxí Chili sulta
Maxí Jalapenó sulta
Ráðandi - auglýsingastofa ehf
WWW.MAXI.IS
Maxí



*„Þessa dagana skellum við skuggasystur á laginu Sur la Planche með hljómsveitinni La Femme til að koma okkur í gírinn.“*

Sólveig Ragna Guðmundsdóttir og Gunnhildur Edda Guðmundsdóttir, fatahönnuðir Shadow Creature.

# Hryllingsmynd Erlings vekur athygli

„Ég hef verið aðdáandi hryllingsmynda síðan ég var krakki,“ segir Erlingur Óttar Thoroddsen, meistaranemi í kvikmyndaleikstjórn við Columbia-háskóla í New York. Stuttmynd hans Child Eater hefur hlotið nokkra athygli vestra þrátt fyrir að hafa einungis verið sýnd einu sinni.

„Þetta er hrollvekja í anda gömlu hryllingsmyndanna frá 1980, til dæmis Halloween-myndanna,“ segir Erlingur. Hann segir fáar slíkar myndir hafa verið gerðar á Íslandi. „Það er kannski helst Reykjavik Whale Watching Massacre og Morðsaga frá 1977, sem er svona fyrsta íslenska hryllingsmyndin.“ Í sömu mund segist hann gjarnan vilja koma af stað eða taka þátt í hryllingsmyndabylgju hér á landi.

„Myndin fjallar um barnfóstru sem vill eiga notalegt kvöld en krakkinn hættir ekki að kvarta yfir því að það sé einhver inni í skápnum hans. Eftir því sem líða fer á kvöldið fara undarlegir hlutir að gerast þar til allt fer til fjandans,“ segir Erlingur sem byrjaði að skrifa handritið í febrúar í fyrra.

Til að auka á hryllinginn var notuð frumsamin tónlist Einars Sverris Tryggvasonar. Myndin var sýnd á Columbia University Film Festival í virtu listamiðstöðinni Lincoln Center og hlaut áhorfendaverðlaun hátíðarinnar. „Við fengum strax mjög góðar viðtökur. Fulltrúar tveggja stórra kvikmyndahátíða komu til okkar eftir sýninguna og báðu um myndina. Maður frá framleiðslufyrirtæki kom einnig til mín og sagðist vilja gera hryllingsmynd. Hann sýndi fyrirtækinu sínu myndina og við höfum verið í sambandi. Næst á dagskrá er að skrifa handrit að þessari mynd í fullri lengd,“ segir Erlingur vongóður um framhaldið.

hallfridur@frettabladid.is



**UNGUR LEIKSTJÓRI** Erlingur hlaut áhorfendaverðlaunin á Columbia University Film Festival. FRÉTTABLAÐIÐ/ERNIR



**BRJÓTA HEILANN** Saga og Sigrún Hlín rannsaka heilann, hið flókna og óáþreifanlega líffæri mannsins, í allt sumar. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON

# Fyrirlestur og bók um mannsheilann

„Við viljum sanna að leiðinlegt fólk geti haldið skemmtilega fyrirlestra,“ segir myndlistarneminn Sigrún Hlín Sigurðardóttir um verkefni sitt og nýútskrifuðu leikkonunnar Sögu Garðarsdóttur en þær vinna í sumar við að kanna fyrirlestraformið og mannsheilann. Verkefnið hlaut styrk frá Nýsköpunarsjóði námsmanna hjá Rannís og lýkur með fræðilegum fyrirlestri sem verður hálfgerð sýning.

„Við sáum strax að heilinn er engin smásmíði. Við erum núna að skoða hvað við erum órökrétt og hegðum okkur að mestu í samræmi við geðshræringar,“ segir Saga, en umfang heilans er hluti af áskorun verkefnisins. „Listamenn, fávitar og annað venjulegt fólk er svo smeykt við að tækla eitthvað svona flókið og óáþreifanlegt eins og heilann. Því langaði okkur að gera heiðarlega tilraun til þess að rannsaka hann og koma með okkar eigin tilgátur.“

Með verkefninu ætla þær að búa til nýja sýn á það hvernig þekkingu er miðlað. „Það eru margir að gera spennandi rannsóknir en eiga bágt með að tala fyrir framan aðra. Við viljum sanna að það þarf ekki að segja brandara eða brjóta upp fyrirlestur með laufléttum atriðum til að hann verði skemmtilegur,“ segir Sigrún og bætir við að þær stöllur séu með bók í bígerð. „Hún verður hugvekja um heilann fyrir venjulegt fólk til að skilja betur sjálft sig.“

- hþt

Harðfiskurinn frá Stykkishólmi
Þessi sjúklega góði
Humarsoð frá Hornarfirði
Humar 2.350 kr.kg
Óbrotinn fyrsta flokks humar
Ferskur Túnfiskur
Alla föstudaga og laugardaga
Glæný Bláskel frá Stykkishólmi
Fiskibollur að dönskum hætti
(lax, þorskur, dill, rjómi, krydd)
OPIÐ LAUGARDAGA 10-15.00
Fiskikóngurinn • Sogavegi 3 • sími 587 7755

**ÞORSTEINN GUÐMUNDSSON:** KARAKTERAR BYGGÐIR Á OKKUR SJÁLFUM

# Pétur Jóhann og Þorsteinn saman í nýjum þáttum

„Við erum bara mjög spenntir og setjum markið hátt,“ segir leikarinn Þorsteinn Guðmundsson, en hann og grínistinn Pétur Jóhann Sigfússon vinna nú að gerð nýrra gamanþátta.

Þættirnir eru gamanþættir með söguþræði í anda sjónvarpsþáttanna vinsælu Seinfeld og Klovn. Aðalhlutverkin eru í höndum Péturs Jóhanns og Þorsteins en þættirnir hafa verið í bígerð í dágóðan tíma. Þorsteinn segir að ekkert vinnuheiti sé enn komið en búið er að taka upp einn prufuþátt, eða svokallaðan „pilot“, sem mæltist vel fyrir.

„Þetta gekk vel en ég hef aldrei gert prufuþátt nánast í fullri lengd. Prufuþátturinn var gerður til að sjá hvernig karakterarnir og aðstæður unnu saman. Það var gott því þá gátum við séð hvað var að virka og hvað ekki og mér sýndist flestir hafa gaman af,“ segir Þorsteinn en hann og Pétur Jóhann hefjast handa við skriftir í haust ásamt markverðinum knáa, Hannesi Þór Halldórssyni, sem leikstýrir þáttunum. „Hann verður okkur innan handar í skrifunum og svo stefnum við á að fara í tökur næsta vor.“

Þættirnir hafa verið í þróun af Saga Film í samvinnu við Stöð 2 en Þorsteinn vill ekki gefa of mikið uppi varðandi söguþráðinn sjálfan. Hann segir karakterana þó að miklum hluta byggða á þeim sjálfum. „Söguþráðurinn er enn þá í þróun. Við Pétur verðum að nota sumarið til að fara ofan í okkar sálarfylgsni og göngum aðeins lengra en venjulega. Við ætlum að kanna okkar svörtustu sálarhliðar og draga fram atburði og það sem við höfum lent í í lífinu,“ segir Þorsteinn. Þeir Pétur eru góðir vinir og hafa verið með uppistand í Gamla bíói undanfarna mánuði.





**GOTT TEYMI**

Pétur Jóhann Sigfússon og Þorsteinn Guðmundsson leiða saman hesta sína í nýjum gamanþáttum en landsliðsmarkvörðurinn Hannes Þór Halldórsson verður þeim innan handar í skrifunum og leikstýrir. Þættirnir eiga að vera í líkingu við Seinfeld og Klovn.

„Ég er ekki viss um að við höfum leikið saman áður en við höfum grínast mikið saman og haldið ágætis sambandi. Við eigum vel saman og hlökkum mikið til samstarfsins næsta haust.“

alfrun@frettabladid.is

# Þreyttur eftir þrjátíu ár í bransanum

„Ég er orðinn þreyttur á þessu,“ segir bassaleikarinn Jakob Smári Magnússon.

Hann er hættur að spila með hljómsveitunum SSSól og Reiðmönnum vindanna og ætlar yfirhöfuð að draga sig út úr allri spilamennsku á böllum eftir rúmlega þrjátíu ár í bransanum. „Ég hef verið að reyna að hafa þetta sem mína aðalvinnu en ég ætla að hætta því. Það er rosalega erfitt að lifa á tónlistinni hérna heima. Það eina sem gefur pening er að spila á böllum og ég bara nenni því ekki lengur,“ segir Jakob Smári, sem hefur lengi verið talinn einn besti bassaleikari þjóðarinnar. Hann er búinn að fá starf sem sölumaður hjá Ásbirni Ólafssyni og verður bassaleikurinn því í aukahlutverki hjá honum þangað til annað kemur í ljós.

Jakob Smári hóf feril sinn fyrir 31 ári með hljómsveitinni Tappi tíkarrass. Þegar hann var tvítugur sagði hann upp dagvinnunni og hellti sér út í spilamennsku með rokksveitinni Das Kapital og hefur verið atvinnumaður í faginu nánast óslitið síðan. Meðal annarra sveita sem hafa notið krafta hans eru Grafík og Egó, auk Bubba Morthens.

„Ég ætlaði að gera eins og Brad Pitt sem ætlar að hætta að leika þegar hann verður fimmtugur en ég gat það ekki,“ segir hinn 48 ára Jakob. Hann er þó enn með nokkur verkefni í bakhöndinni, þar á meðal með Láru Rúnarsdóttur og bandaríska tónlistarmanninum John Grant.

Hann spilar með Grant á næstu plötu hans sem kemur út í janúar og á tónleikum í Háskólabíói í júlí. „Það er rosalega gaman að fá að vinna með honum og mikill heiður. Maður bara buktar sig og beygir.“

- fb



**HÆTTUR** Jakob Smári Magnússon er hættur að spila á böllum og hefur fengið starf sem sölumaður. FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

## 19. - 26. júní

# PORTÚGAL

~~98.700 kr.~~

**64.400 kr.***

og 15.000 Vildarpunktar

á mann m.v. 2 fullorðna og 2 börn í Lukkulífi VITA 19. júní í viku.
Verð á mann m.v. 2 í Lukkulífi VITA
68.800 kr.** og 15.000 Vildarpunktar.

*Verð án Vildarpunkta 74.400 kr. m.v. 2+2.
**Verð án Vildarpunkta 78.800 kr. m.v. 2.

sjá nánar á www.vita.is

## 26. júní - 10. júlí

# PORTÚGAL

~~156.200 kr.~~

**95.900 kr.***

og 15.000 Vildarpunktar

á mann m.v. 2 fullorðna og 2 börn í íbúð m/ 1 svefnh.
á Albufeira Sol 26. júní í tvær vikur.
Verð á mann m.v. 2 í íbúð 146.340 kr.** og 15.000 Vildarpunktar.

*Verð án Vildarpunkta 105.900 m.v. 2+2
**Verð án Vildarpunkta 156.340 kr. m.v. 2.

sjá nánar á www.vita.is

## 20. og 27. júní

# ALICANTE

~~38.510 kr.~~

**24.900 kr.**

á mann m.v. flug aðra leiðina með flugvallasköttum til Alicante.

sjá nánar á www.vita.is

# vita

# TILBOÐ

ÍSLENSKA SIA.IS VIT 60173 06/12

VITA er í eigu Icelandair Group.

ICELANDAIR GROUP

VITA | Suðurlandsbraut 2 | Sími 570 4444 | VITA.is

# FRÉTTABLAÐIÐ

VIÐ SEGJUM FRÉTTIR | SMÁAUGLÝSINGASÍMINN OG SKIPTIBORÐ: 512 5000 | VÍSIR

**Ritstjórn:** 512 5313, Fax: 512 5301, ritstjorn@frettabladid.is **Auglýsingadeild:** auglysingar@frettabladid.is **PRENTUN:** Ísafoldarprentsmiðja

9 771670 387005

Póst dreifing

**DREIFING:** dreifing@postdreifing.is
**EF BLAÐIÐ BERST EKKI:** 512 5060



FRÉTTIR VIÐSKIPTI ÍÞRÓTTIR LÍFIÐ UMRÆÐAN

vísir

Meiri Vísir.


## FRÉTTIR AF FÓLKI

### Fagnar feðradeginum

**Tom Cruise** kom til landsins í gær ásamt eiginkonu sinni, leikkonunni Katie Holmes og dóttur þeirra Suri. Samkvæmt Vísi gisti fjölskyldan á Hótel Hilton í nótt. Leikarinn fagnar feðradeginum hér á landi en hann er haldinn hátíðlegur að bandarískum sið á þjóðhátíðardegi Íslendinga 17. júní. Í viðtali við Washington Post segist leikarinn ætla að slaka á með fjölskyldunni á sunnudaginn og kannski fara í skoðunarferð um svæðið. Cruise hefur tekið á leigu glæsihýsið Hrafnabjörg í Eyjafirði, samkvæmt DV, en eins og kunnugt er er Cruise staddur hér á landi í tengslum við tökur á kvikmyndinni Oblivion og tökur hefjast í næstu viku.



### Með hugvekju hjá OR

**Bubba Morthens** er fátt óviðkomandi. Opinn ársfundur Orkuveitu Reykjavíkur var haldinn í höfuðstöðvunum í gær og þangað mætti söngvarinn galvaskur. Þegar búið var að gera grein fyrir rekstri Orkuveitunnar á liðnu ári og umhverfismálum fyrirtækisins, steig Bubbi á svið og flutti hugvekju um rafmagnsbíla, gestum til yndisauka. Athygli vakti að þó ský hafi dregið fyrir sólu, var Bubbi með sólgleraugu á nefinu innandyra allan tímann.



- áp, sv

### Mest lesið vísir

1. Kærasta Frakklandsforseta veldur miklu hneyksli
2. Reiðir strandaglópar á flugvellinum í Denver
3. „Þú ert drekinn!"
4. Kona liggur á gjörgæsludeild eftir eldsvoða í Borgarnesi
5. Heldur upp á 50 ára afmælið fyrir norðan


**Paul McCartney 70 ára**
Afmælistónleikar
**Í Eldborg Hörpu**



**18. júní kl 20:00**
Miðasala á harpa.is, midi.is,
Í miðasölu Hörpu
og í síma 528 5050

OB-LA-DI OB-LA-DA




ENNEMM / SÍA / NM53032

Vertu á **stærsta 3G neti** landsins

Netið í símann er ódýrara en þú heldur

300 MB Mánaðarverð 490 kr.

1 GB Mánaðarverð 1.090 kr.

3 GB Mánaðarverð 1.690 kr.

Vertu klár á netnotkun þinni með **Gagnamæli Símans**

Þú getur á einfaldan hátt fylgst með því hversu mikið gagnamagn þú notar á netinu í símanum með Gagnamæli Símans eða á m.siminn.is.

Skannaðu kóðann og fáðu Gagnamælinn í símann.

*Greiðslugjald 325 kr. bætist við mán. gjald

siminn.is | #meiraisland

Síminn